

Miðvikudaginn 5. júní 1985.

Nr. 116/1983. **Ákærvaldið**

(Jónatan Sveinsson saksóknari)

gegn

**Gísli Grétari Sigurjónssyni**

(Örn Clausen hrl.)

**Þorvaldi Bergmann Björnssyni**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

**Halldóri Erni Magnússyni**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

**Geir Guðmundssyni**

(Örn Clausen hrl.) og

**Hrafnkeli Óskarssyni**

(Örn Clausen hrl.)

Fjársvik. Fjárdráttur. Tolllagabrot. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. febrúar 1983. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 11. febrúar sl.

Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til staðfestingar á sakarmati héraðsdóms um einstaka ákæruliði, en til þyngingar á refsingu. Héraðsdómur hefur sýknað ákærðu að öllu leyti af þeim atriðum ákæru 11. janúar 1980, sem varða vörupantanir merktar 0007, 0014, 0015, 0021 og 0025 á 1. samningstímabili, KS06, KS10, KS17 og KS32 á 2. samningstímabili og KS04 og KS05 á 3. samningstímabili. Svo sem málið er lagt fyrir Hæstarétt, verður þeim niðurstöðum eigi haggð né heldur þeim ákvæðum héraðsdóms, þar sem sumir hinna ákærðu eru sýknaðir af einstökum ákæruliðum (pantanir einkenndar 0013, 0014, 0020, 0026, KS01, KS16, KS30 og KS02). Sama á og við um dómsúrlausn um pöntun KS06 á 3. samningstímabili, þar sem ákærði Gísli Grétar er sýknaður að nokkru leyti, svo sem lýst er í héraðsdómi.

Af hálfu ákærðu allra hefur krafa verið gerð um, að ákvæði héraðsdóms um fébætur verði tekin til meðferðar í Hæstarétti. Gera þeir aðallega þá kröfu, að þeir verði sýknaðir af kröfum dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna um skaðabætur. Verði sú krafa eigi tekin til greina, er þess krafist til vara, að bótafjárhæðir verði ákveðnar í íslenskum krónum á gengi þess tíma, er dollaratékkar voru innleystir í banka, og vextir verði ákveðnir jafnháir sparisjóðsvöxtum af óbundnum innstæðum á hverjum tíma frá innlausn hvers tékka til greiðsludags. Til þrautavara er þess krafist, ef bætur verða dæmdar í dollurum, að vextir miðist við vexti af gjaldeyrisreikningum í íslenskum bönkum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands.

Þá krefst ákærði Gísli Grétar þess, að bætur til Continental Rubber B.V. og TBA Trading Kolding Aps. verði dæmdar í íslenskum krónum, en til vara, að ákvæði héraðsdóms um bótakröfur þessar verði staðfest.

Saksóknari hefur fyrir hönd kröfuhafanna krafist staðfestingar á niðurstöðum héraðsdóms um bótakröfur.

### *I. Ákæra 11. janúar 1980*

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöður hans um þá liði þessarar ákæru, sem hér eru til úrlausnar. Brot ákærðu voru fólgin í því að afla sér fjárvinnings á kostnað varnarlíðsins með þeim hætti að leggja fyrir það röng gögn og koma því þannig til leiðar, að greiðslur voru inntar af höndum fyrir vörur, sem ekki höfðu verið afhentar. Þetta atferli varðar við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og í héraðsdómi segir.

### *II. Ákæra 11. júní 1981*

Með vísun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að ákærði Gísli Grétar Sigurjónsson hafi tekið með ólögumætum hætti úr tollvörugæmslu þær 16 vörusendingar, sem lýst er í dómnum, án þess að greiða áður af þeim tilskilin aðflutningsgjöld og með því gerst brotlegur við 1. mgr. 60. gr., sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969, sbr. lög nr. 71/1976. Þá er sannað, að ákærði hafi ekki greitt kaupverð tólf af sendingum þessum. Líta verður svo á, að vörurnar hafi verið sameiginlega í vörslum ákærða og Toll-

vörugemysslunnar, og hefur ákærði því með því að draga sér þær gerst brotlegur við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í héraðsdómi segir. Eins og grein er gerð fyrir í héraðsdómi, hefur ákærði síðar greitt að hluta aðflutningsgjöld af vörum þessum og enn fremur verulegan hluta af kaupverði þeirra og bætt þannig að nokkru fyrir þessi brot sín.

### *III. Refsingar*

Með skírskotun til raka héraðsdóms, sbr. einnig 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, þykir rétt að staðfesta niðurstöður dómsins um refsingu hinna ákærðu. Við rannsókn málsins sætti ákærði Þorvaldur gæsluvarðhaldi 7 daga (frá 10. des. 1978 kl. 14:28 til 17. des., kl. 12:50), Halldór 7 daga (11. des. kl. 1:05 til 17. des. kl. 12:03) og Geir 2 daga (10. des. kl. 15:30 til 11. des. kl. 18:47), og ber skv. 76. gr. hegningarlaga að draga vist þessa frá refsingu ákærðu.

### *IV. Skaðabætur.*

Kröfu sína um sýknu af bótakröfum dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna reisa ákærðu á því, að vafi sé um aðild þess gagnvart ákærðu. Samkvæmt grunnreglum þeim, sem fram komi í varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna, er veitt var lagagildi með lögum nr. 110/1951, einkum 12. gr. viðbætis við samninginn, skuli beina bótakröfum af hálfu varnarliðsins að íslenska ríkinu, er síðan geti haft uppi endurgreiðslukröfur eftir því sem við á.

Í varnarsamningnum er hvorki í nefndri 12. gr. né annars staðar að finna ákvæði, er standi því í vegi, að bandarísk yfirvöld geti sótt íslenska menn til bótagreiðslu fyrir dómstólum hér á landi. Verður sýknukrafa ákærðu þannig eigi tekin til greina.

Brot ákærðu leiddu til fjártjóns fyrir ríkissjóð Bandaríkjanna, sem dómsmálaráðuneyti þess ríkis er í fyrirsvari fyrir, eins og greinir í héraðsdómi. Gjaldkerar hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli greiddu með tékkum í Bandaríkjadöllum, en ákærðu seldu þá jafnharðan í íslenskum bönkum. Tjón þetta varð á Íslandi, þar sem varnarliðið hefur lengi haft starfsemi. Staða þess að lögum er að sönnu með sérstökum hætti, en ekki verður þó talið, að lagagrundvöllur sé til að telja það hafa sérstöðu í bótamálum á þann veg,

að því verði í þessu máli dæmdar bætur í Bandaríkjadöllum sbr. 10. gr. viðbættis með samningnum. Ber samkvæmt þessu að dæma bætur í íslenskum krónum, og verður miðað við gengi á þeim dögum, er greiðslur voru inntar af höndum, eins og gert er í ákæru. Ekki var heldur af hálfu bótakrefjanda gerð krafa um, að farið yrði eftir öðru gengi, ef bætur yrðu tiltekna í íslenskum krónum. Svo sem áður greinir, var sú varakrafa gerð af hálfu ákærðu, að miðað yrði við gengi á innlausnardögum tékka, en ekki hefur verið gerð grein fyrir því, hvenær tékkar voru innlestir, og það verður eigi ráðið af gögnum málsins nema að nokkru leyti.

Um einstaka liði í kröfu dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna ber samkvæmt þessu að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um greiðendur og um fjárhæðir, nema hvað þær verða tilgreindar í íslenskum krónum, svo og um upphafstíma vaxta, allt svo sem nánar verður greint í dómsorði. Í samræmi við varakröfu bótakrefjanda ber að ákveða, að vextir af dæmdum kröfum skuli vera jafnháir vöxtum af almennum sparisjóðsreikningum, eins og þeir voru á hverjum tíma, frá upphafsdögum vaxta til 7. apríl 1981, en dómvextir frá þeim tíma til greiðsludags.

Continental Rubber B.V. og TBA Trading Kolding Aps. eru útflytjendur, sem hafa starfsemi erlendis, og varð tjón þeirra vegna auðgunarbrotá, sem fólst í ólögmætri hagnýtingu muna, sem þeir höfðu sent til Íslands til sölu. Söluverð var tilgreint í erlendri mynt, og þessir tjónþolar hefðu fengið kröfur um greiðslu kaupverðs varningsins dæmdar í erlendri mynt, ef slíkar kröfur hefðu verið gerðar í einkamálum. Þykir þess vegna eiga að tiltaka bætur til þeirra í erlendri mynt eftir kröfu þeirra. Ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um þessar kröfur.

#### V. Sakarkostnaður

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað og dæma ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, þannig að ákærðu Gísli, Geir og Hrafnkell greiði málsvarnarlaun verjanda síns in solidum, en af öðrum áfrýjunarkostnaði, þar á meðal saksóknarlaunum, greiði ákærði Gísli Grétar  $\frac{1}{4}$  hluta, en ákærðu allir in solidum  $\frac{3}{4}$  hluta.

## D ó m s o r ð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærðu, Gísla Grétars Sigurjónssonar, Þorvalds Bergmanns Björnssonar, Halldórs Arnar Magnússonar, Geirs Guðmundssonar og Hrafnkels Óskarssonar, skulu vera óröskuð. Frá refsingu ákærðu skal draga gæsluvarðhaldsvist þeirra Þorvalds í 7 daga, Halldórs í 7 daga og Geirs í 2 daga.

Ákærðu greiði dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna skaðabætur sem hér segir:

Ákærðu allir in solidum 94.449,23 krónur með vöxtum af 41.924,66 krónum frá 30. september 1977 til 2. febrúar 1978, af 69.261,51 krónu frá þeim degi til 16. mars 1978 og af 94.449,23 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðu Gísli, Þorvaldur, Halldór og Hrafnkell in solidum 57.489,92 krónur ásamt vöxtum af 25.787,43 krónum frá 19. apríl til 9. júní 1977 og af 57.489,92 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðu Gísli, Þorvaldur og Halldór in solidum 76.988,89 krónur með vöxtum af 456,29 krónum frá 27. september til 1. október 1976, af 2.183,23 krónum frá þeim degi til 19. nóvember 1976, af 27.942,62 krónum frá þeim degi til 16. desember 1976, af 47.199,99 krónum frá þeim degi til 14. febrúar 1977, og af 76.988,89 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðu Gísli, Geir og Hrafnkell in solidum 17.494,26 krónur með vöxtum frá 30. ágúst 1978 til greiðsludags.

Ákærðu Gísli og Þorvaldur in solidum 32.968,85 krónur með vöxtum af 3.152,21 krónu frá 14. febrúar til 27. apríl 1977, af 10.765,37 krónum frá þeim degi til 8. ágúst 1977, af 15.723,15 krónum frá þeim degi til 5. janúar 1978, af 22.753,64 krónum frá þeim degi til 20. júní 1978 og af 32.968,85 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði Gísli einn 2.989,32 krónur ásamt vöxtum frá 28. júlí

1977 til greiðsludags.

Vextir af dæmdum kröfum skulu jafnháir vöxtum af almennum sparisjóðsinnstæðum frá upphafsdögum vaxta til 7. apríl 1981, en dómvextir frá þeim tíma til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um kröfur Othars Arnar Petersen f.h. Continental Rubber B.V. og Guðmundar Jónssonar hdl. f.h. TBA Trading Kolding Aps. skulu vera óröskuð.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði Gísli Grétar, Geir og Hrafnkell greiði in solidum málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 70.000,00 krónur. Ákærði Þorvaldur Bergmann greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur, og ákærði Halldór Örn málsvarnarlaun verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur. Af öðrum áfrýjunarkostnaði, þar á meðal saksóknarlaunum í ríkissjóð, 70.000,00 krónum, greiði ákærði Gísli Grétar einn  $\frac{1}{4}$  hluta, en ákærðu allir in solidum  $\frac{3}{4}$  hluta.

### S é r a t k v æ ð i

#### Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála öðrum dómendum Hæstaréttar í máli þessu um allt, sem í dóminum segir, annað en ákvæði dómsins um skaðabætur, bæði í forsendum og dómsorði.

Í íslenskum dómaúrlausnum um skaðabætur vegna tjóna, sem með hegningarlagabrotum er valdið á erlendum verðmætum, verður ekki greind nein föst regla um, að bætur skuli greiðast með íslenskum gjaldmiðli, en ekki þeim erlenda gjaldmiðli, sem tjóni er valdið í. Eru eldri dómaúrlausnir, sem ég hefi í huga, þó frá tímum, þar sem verðfall íslenskrar krónu í samanburði við erlenda gjaldmiðla á tímabilinu frá tjónsatviki til uppkvaðningar dóms var ósambærilega miklu minna en orðið hefur frá tjónsatvikum til dóms í þessu máli. Sú niðurstaða, að tjónþoli í þessu máli, ríkissjóður Bandaríkja

Ameríku, ætti að fá bætur fyrir tjón það, sem hann varð fyrir af hegningarlagabrotum þeim, sem hér er dæmt um, miðað við skiptaverð íslenskrar krónu, er greiðslur voru inntar af hendi svo sem meiri hluti dómenda ákveður, er í mínum augum svo ósanngjörn, að sú viðmiðun gæti því aðeins komið til mála, að ótvíræð lagaákvæði eða dómvenja útilokuðu aðra niðurstöðu. Það tel ég ekki vera.

Ég hef áður vikið að dómaúrlausnum.

Meiri hluti dómenda vitnar til 10. gr. fylgiskjals með lögum nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess til rökstuðnings þeirri niðurstöðu, að dæma skuli bætur í íslenskum gjaldmiðli. Þetta tel ég ekki eiga við. Í hinni tilvitnuðu lagagrein er annars vegar fjallað um, að lið Bandaríkjanna, menn í því, svo og skyldulið þeirra, skuli hlýða íslenskri gjaldeyrislöggjöf, og hins vegar um ráðstafanir til þess að afstýra því, að laun séu greidd í bandarískum gjaldeyri. Ákvæði íslenskrar gjaldeyrislöggjafar, sem giltu á þeim tíma, sem brot voru framin, voru í lögum nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyris mála o.fl. Í lögum þessum sé ég ekki nein ákvæði, sem bannað hafi hérlendum aðiljum að selja varnarliði Bandaríkjanna vörur fyrir erlendan gjaldeyri. Hins vegar er um skilaskyldu að ræða til innlendra gjaldeyrisbanka svo sem hjá öðrum hérlendum aðiljum, sem láta í té vörur eða þjónustu til erlendra aðilja.

Þá get ég ekki fallist á þá niðurstöðu meiri hluta dómenda að mismuna þolendum hegningarlagabrota þeirra, sem hér er dæmt um, með þeim hætti, að ríkissjóður Bandaríkjanna fái greitt með íslenskum gjaldmiðli, en aðrir þolendur hegningarlagabrota, sem dæmt er fyrir í sama dómi, í erlendum gjaldmiðli. Bótagrundvöllur er nákvæmlega hinn sami, þ.e. hegningarlagabrot. Ég tel ekki koma þeim bótagrundvelli neitt við, þó að bótagrefjendur hefðu getað fengið dæmdar einkaréttarkröfur á hendur innflytjanda um greiðslu kaupverðs í erlendra mynt, enda verður ekki með vissu séð af gögnum málsins, hvort ákærði Gísli Grétar Sigurjónsson var sjálfur innflytjandi og greiðsluskyldur samkvæmt samningi eða fyrirtæki, sem hann stjórnaði.

Samkvæmt því, sem ég hef hér að framan rakið, tel ég, að stað-

festu beri einnig ákvæði héraðsdóms um höfuðstól skaðabóta-greiðslna svo og vexti frá 1. júní 1980.

Með ákvörðun vaxta, svo sem þeir voru af innlendum sparifjár-reikningum fyrir 1. júní 1980, tel ég hins vegar um tvöfalda verð-tryggingu að ræða að hluta, þar sem verulegur hluti vaxta var til að veða á móti verðfalli íslensks gjaldmiðils, svokallaður verðbóta-þáttur vaxta. Ég tel því rétt að ákveða vexti frá þeim upphafsdögum vaxta, sem í héraðsdómi greinir, til 1. júní 1980 hina sömu og Seðla-banki Íslands ákvað af innlendum gjaldeyrisreikningum í Banda-ríkjadollurum fyrir 1. júní 1980 eða sjö af hundraði á ári.

Samkvæmt þessu tel ég að dómurð ætti að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af skaðabótakröfum ríkissjóðs Bandaríkjanna skulu vera sjö af hundraði ársvextir frá upphafsdögum þeim, sem í héraðsdómi greinir, til 1. júní 1980, en síðan svo sem greinir í héraðsdómi.

Ákærðu Gísli Grétar, Geir og Hrafnkell greiði in solidum máls-varnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 70.000,00 krónur. Ákærði Þorvaldur Bergmann greiði málsvarnar-laun verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlög-manns, 50.000,00 krónur, og ákærði Halldór Örn málsvarnarlaun verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur. Allan annan áfrýjunarkostnað, þar á meðal sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 70.000,00 krónur, greiði ákærðu allir in solidum.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. desember 1982.**

Ár 1982, miðvikudaginn 29. desember, er á dómþingi sakadóms Reykja-víkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 534-538/1982: Ákærvaldið gegn Gísla Grétari Sigurjónssyni, Þorvaldi Bergmann Björnssyni, Halldóri Erni Magnússyni, Geir Guðmundssyni og Hrafnkeli Óskarssyni, sem tekið var til dóms 15. desember sl.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með tveimur ákærum, dagsettum 11. janúar 1980 og 11. júní 1981. Með ákærinni frá 11. janúar 1980 er málið höfðað gegn öllum ákærðu, Gísla Grétari Sigurjónssyni framkvæmda-stjóra, Laugarásvegi 67, Reykjavík, fæddum þar í borg 4. apríl 1938, Þor-valdi Bergmann Björnssyni, fyrrverandi starfsmanni varnarliðsins á Kefla-víkurflugvelli, Holtagerði 56, Kópavogi, fæddum 19. janúar 1936 í Reykja-

vík, Halldóri Erni Magnússyni, einnig fyrrverandi starfsmanni varnarliðsins, Kríuhólum 2, Reykjavík, fæddum 11. mars 1932 í Hafnarfirði, Geir Guðmundssyni, einnig fyrrverandi starfsmanni varnarliðsins, Hraunbæ 38, Reykjavík, fæddum 15. mars 1948 á Ísafirði, og Hrafnkeli Óskarssyni, einnig fyrrverandi starfsmanni varnarliðsins, Smáratúni 4, Keflavík, fæddum 8. september 1942 í Reykjavík. Málið er höfðað gegn ákærðu „fyrir að hafa á tímabilinu frá því í september 1976 til og með októbermánuði 1978 í sameiningu svikið út hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli og skipt með sér samtals kr. 32.832.924.- eða jafnvirði \$ 153.754.- á gengi greiðsludags hverrar greiðslu, svo sem seinna verður rakið.

Fjársvikin framkvæmdu ákærðu með þeim hætti, að ákærði, Gísli Grétar Sigurjónsson, náði á árinu 1976 samningum við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli, í nafni einkafirma síns, Hjólbarðasölunnar, Borgartúni 24, Reykjavík, um sölu á hjólbörðum og hjólbarðasöngum til varnarliðsins. Í framhaldi af þessu sammæltust ákærði, Gísli Grétar, og ákærðu, Þorvaldur Bergmann og Halldór Örn, sem önnuðust m.a. þessi viðskipti af hálfu varnarliðsins, að svíkja út fé með skipulegum hætti í gegnum þessi viðskipti, ýmist með því að afhenda alls ekkert eða aðeins hluta einstakra pantana á þessum vörum, en ákærði Þorvaldur Bergmann sá aðallega um að árita pöntunar- og greiðsluheimildarskjöl um að vörumagn það, sem pantað var hverju sinni, væri mótttekið af hálfu kaupanda, varnarliðsins, jafnframt því sem þeir ákærðu, Þorvaldur Bergmann og Halldór Örn, sáu um að birgðabókhald varnarliðsins væri rangfært að sama skapi. Ákærði, Gísli Grétar, annaðist síðan innheimtu reikninganna og skiptingu hinnar erlendu myntar í íslenskar krónur, sem þeir skiptu svo á milli sín.

Ákærðu, Hrafnkell Óskarsson og Geir Guðmundsson, sem báðir störfuðu um þær mundir við birgðavörslu hjá varnarliðinu, gengu svo nokkru seinna inn í svikastarfsemina og hirtu hlut af ávinningi hennar, ákærði Hrafnkell, frá og með pöntun 0014, dagsettri 2. febrúar 1977, og ákærði, Geir, frá og með pöntun KS11, dagsettri 29. september 1977, að undanskildum tveimur síðustu pöntunum, dagsettum 16. og 27. október 1978, sem ákærði, Gísli Grétar, hirti einn ávinning af.

Fjársvikin má rekja til eftirgreindra pantana, sem raktar verða eftir samningstímabilum, númerum og dagsetningum pantanna, heildarfjárhæð hverrar pöntunar fyrir sig og heildarfjárhæð þess varnings, sem ekki var skilað úr hverri pöntun og ákærðu náðu undir sig með framanlýstum hætti:

## 1. samningstímabil.

Nr. og dags.	Pöntunarfrjárh. í U.S.\$	Vöntun í U.S.\$.	Ísl. kr.
0002, 13/9 '76	4.527,50	244,40	45.629,47
0003, 17/9 '76	8.464,40	923,00	172.693,30
0007, 2/11 '76	13.474,78	366,50	69.451,75
0008, 8/11 '76	13.593,35	13.593,35	2.575.939,81
0010, 1/12 '76	1.271,90	1.271,90	241.025,05
0011, 2/12 '76	8.890,30	8.890,30	1.684.711,85
0013, 27/12 '76	1.871,60	1.652,10	315.220,68
0014, 2/2 '77	15.612,64	15.612,64	2.978.891,72
0014, 24/3 '77	2.832,00	2.832,00	390.323,31
0015, 29/3 '77	7.817,20	604,80	96.364,80
0016, 4/4 '77	13.423,96	13.423,96	2.578.742,68
0020, 20/4 '77	3.959,00	3.959,00	761.315,68
0021, 23/5 '77	1.638,50	710,00	137.342,00
0023, 1/6 '77	16.366,80	16.366,80	3.170.249,16
0025, 15/6 '77	992,00	426,00	82.771,80
0026, 30/6 '77	1.527,50	1.527,50	298.931,76

## 2. samningstímabil.

KS01, 27/7 '77	6.294,80	2.517,92	495.778,43
KS06, 26/8 '77	1.638,70	1.638,70	159.805,10
KS10, 28/9 '77	17.497,06	892,80	34.850,50
KS11, 29/9 '77	20.146,40	20.146,40	4.192.465,80
KS16, 4/1 '78	3.303,80	3.303,80	703.048,64
KS17, 10/1 '78	4.879,50	1.202,00	256.867,40
KS20, 20/1 '78	12.437,15	12.437,15	2.733.685,55
KS25, 7/3 '78	9.912,52	9.912,52	2.518.771,32
KS30, 26/4 '78	3.987,20	3.987,20	1.021.520,62
KS32, 7/6 '78	3.953,89	804,70	208.819,64

## 3. samningstímabil.

KS02, 24/8 '78	6.733,74	6.733,74	1.749.425,64
KS04, 20/9 '78	15.448,53	123,92	38.055,83
KS05, 16/10 '78	17.597,80	5.007,80	1.542.402,40
KS06, 27/10 '78	17.650,60	5.122,80	1.577.822,00

Samtals \$ 153.753,81      Kr. 32.832.923,69

Framanlýst atferli allra ákærðu telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.“

Með ákærunni frá 11. júní 1981 er málið höfðað gegn ákærða Gísla Grétari Sigurjónssyni einum, og er honum gefið að sök að hafa “sem framkvæmdastjóri og einn aðaleigandi firmanna Hjólbarðasölnunnar, Bilasports sf. og Nitto-umboðsins, allra í Reykjavík, á tímabilinu frá því síðast á árinu 1975 en einkum á árinu 1976 og allt fram á árið 1978, tekið út úr geymslurými Hjólbarðasölnunnar í húsakynnum Tollvörugeymslunnar hf. við Héðinsgötu í Reykjavík, mikið magn af vörum, einkum hjólbörðum, sem hann hafði flutt inn í nafni fyrrgreindra firma, án þess að hafa áður greitt af þeim aðflutnings- og sölugjöld og eigi heldur, nema annars sé getið, greitt vörurnar í banka. Ákærði setti vörurnar í sölu og hagnýtti andvirði þeirra.

Hinar heimildarlausu vöruúttektir ákærða má rekja, að því er varðar magn, tegund og verðmæti í erlendri mynt, til eftirgreindra sendingarnúmera og komutíma vörunnar til landsins:

<i>Liður:</i>	<i>Sendingarnúmer og komutími til landsins:</i>	<i>Vörutegund og magn:</i>	<i>Verðmæti í erl. gjaldeyri:</i>
1.	TM 1024, 25/3 1975 -	1114 stk. hjólbarðar -	HFL. 25.176,08
2.	TM 1048, 17/3 1975 -	20 stk. hjólbarðar -	HFL. 397,80
3.	TM 1050, 19/12 1974 -	135 stk. hjólbarðar -	HFL. 6.142,50
4.	TN 2005, 29/6 1975 -	62 stk. hjólbarðar -	HFL. 4.165,20
5.	TM 3024, 17/11 1975 -	328 stk. hjólbarðar -	HFL. 11.135,35
6.	TN 116, 30/12 1975 -	96 stk. hjólbarðar -	HFL. 2.925,60
	TN 116, 30/12 1975 -	5000 stk. snjónaglar -	HFL. 1.400,00
7.	TN 746, 5/4 1976 -	79 stk. hjólbarðar -	HFL. 4.114,00
8.	TN 1452, 30/6 1976 -	8 stk. hjólbarðar -	HFL. 2.008,00
9.	TN 148, 23/4 1975 -	9 stk. hjólbarðar -	US\$. 1.414,98
10.	TN 2528, 31/10 1976 -	94 stk. hjólbarðar -	D.kr. 14.388,00
11.	TR 3207, 20/9 1978 -	111 stk. hjólbarðar -	US\$. 2.447,41
12.	TM 499, 15/2 1975 -	13 stk. bílav. hl. -	US\$. 504,96
13.	TM 2078, 3/2 1975 -	99 stk. bílav. hl. -	US\$. 842,77
14.	TN 1337, 19/1 1976 -	27 stk. bílav. hl. -	US\$. 1.103,48
15.	TN 146, 11/11 1975 -	440 stk. bílav. hl. -	US\$. 280,34
16.	TL 3107, 14/11 1974 -	260000 stk. snjónaglar -	HFL. 10.140,00

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 60. gr., sbr. 61. gr. laga nr. 59, 1969, um tollheimtu og tollaftirlit, sbr. lög nr. 71, 1976, um breytingu á þeim lögum, og ennfremur að undanskildum liðum 9, 11, 13

og 15, við 1. mgr. 247. gr. en til vara við 2. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.“

Þess er krafist af hálfu ákærvalds, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

A. *Ákæra, dagsett 11. janúar 1980.*

## I.

Upphaf máls þessa er það, að hinn 1. desember 1978 kom á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins, John R. Michaud, sem var lögreglumaður hjá rannsóknarlögreglu bandaríska hersins á Keflavíkurflugvelli. Skýrði hann svo frá, að grunur lægi á því hjá yfirvöldum herstöðvarinnar, að misferli hefði átt sér stað varðandi innflutning og sölu á hjólbörðum til herstöðvarinnar á undanförunum tveimur árum. Íslenskt fyrirtæki, Hjólbarðasalan sf., hafi haft með höndum innflutning og sölu á hjólbörðum til hersins samkvæmt samningi, sem gerður var við fyrirtækið í október 1976. Hafi íslensk yfirvöld séð um að tollar af þeim hjólbörðum, sem fyrirtækið flutti inn og seldi hernum, væru felldir niður, enda væru þeir eingöngu ætlaðir til notkunar undir farartæki í eigu bandarískra yfirvalda.

Samkvæmt frásögn lögreglumannsins er það birgðadeild hersins, sem sér um að panta hjólbarða hjá Hjólbarðasölu sf. Viðkomandi deildarstjóri þar sér um að panta hjólbarðana, og virðist hann ákveða sjálfur, hversu mikið magn hjólbarða er pantað á hverjum tíma. Þessi starfsmaður þarf að fylla út þar til gerð eyðuform eða pantanir, þar sem skráð er stærð og magn þeirra hjólbarða, er pantaðir eru hverju sinni, og einnig skráir hann þar verð hvers hjólbarða í hverjum stærðarflokki, eins og það er hverju sinni, og að lokum er skráð heildarverð pöntunarinnar.

Hjólbarðasalan sf. annast flutning á hjólbörðunum til herstöðvarinnar, þar sem sérstök deild, svokölluð „Shop store three“, tekur við þeim, og heldur hún skráningu yfir fjölda innkominna hjólbarða. Þegar hún hefur veitt hjólbörðunum viðtöku, sér deildarstjóri birgðadeildar um að kvitta undir fyrrgreinda pöntun og sendir síðan eintak til gjaldkera hjá hernum, sem síðan greiðir pöntunina.

Þriðja deildin, sem hér kemur við sögu, er flutningamiðstöðin „Motor pool“, en þar eru hjólbarðarnir teknir til notkunar á bifreiðar og önnur tæki í eigu hersins. Heldur flutningamiðstöðin nákvæma skrá yfir fjölda þeirra hjólbarða, sem hún fær frá „Shop store three“ og eru síðan í notkun.

Í framhaldi þessa skýrði lögreglumaðurinn frá aðdraganda þeirra grunsemda, sem upp komu varðandi misferli á sölu og pöntunum á umræddum hjólbörðum. Sagðist honum svo frá, að u.þ.b. sex vikum áður hafi yfir-

manni birgðadeildar hersins, sem er bandarískur, borist í hendur óeðlilega háir reikningar vegna viðgerðarkostnaðar á verkstæði í Reykjavík á bifreiðum í eigu hersins. Þar sem til staðar væri á vegum hersins á Keflavíkurflugvelli fullkomin viðgerðarþjónusta, hafi þetta þótt einkennilegt. Ekki þótti þó ástæða til að gera neitt mál úr þessu, þar sem ekki var um mörg skipti að ræða, en hins vegar var ákveðið, að rannsóknarlögregla hersins athugaði starfsemi birgðadeildar, og var hann settur yfir þá rannsókn.

John R. Michaud kvaðst fljótlega hafa orðið var við, að um óeðlilega stórar pantanir væri að ræða á hjólbörðum af gerðinni Mohawk frá Hjólbarðasöluinni í Reykjavík. Síndist sem þessar óeðlilegu pantanir hafi byrjað, þegar umrætt fyrirtæki tók við þessum viðskiptum, og virtust þeir Íslendingar, sem sáu um að panta hjólbarðana hjá birgðadeildinni, einnig hafa staðið fyrir, að herinn gerði samning við Hjólbarðasölu sf. um, að hún flytti inn og seldi hernum hjólbarða. Tímabil það, sem hér um ræddi, var frá 1. október 1976 til 17. nóvember 1978.

Lögreglumaðurinn gerði þessu næst grein fyrir athugunum sínum og talningu á hjólbörðum og samanburði við greiddar pantanir, og kvað hann hafa komið í ljós talsvert misræmi. Frá 1. október 1976 fram til nóvember 1978 hafi verið pantaðir alls 6556 hjólbarðar. Fyrir 1. október 1976 voru birgðir hjólbarða í „Shop store three“ alls 381 og væru þetta því samtals 6937 hjólbarðar. Flutningamiðstöðin („Motor pool“) hefði á þessum tíma notað 4241 hjólbarða, en bæði hún og fyrrnefnda deildin hefðu nú í geymslu 908 hjólbarða, en samanlagt eru þetta 5149 hjólbarðar. Mismunur væri því hér 1788 hjólbarðar, sem varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hafi greitt fyrir, en aldrei fengið. Reiknað meðalverð á þessum hjólbörðum væri \$ 153.252,00. Hann vakti þó á því athygli, að hér væri um meðalverð að ræða, en stærstu pantanirnar voru á síðasta árinu, 1978, og verð á hverjum hjólbarða mun hærra á því ári heldur en 1977 og 1976. Geti því verð það eða fjárhæð, sem greidd var fyrir hjólbarðana, orðið mun hærra heldur en fyrrgreint meðalverð.

Lögreglumaðurinn kvað mál þetta komið á það stig, að nokkrir Íslendingar, sem ynnu á vegum hersins, virtust alvarlega flæktir í það og einnig blandaðist inn í málið áðurnefnt íslenskt fyrirtæki, Hjólbarðasalan sf. Því væri þess óskað af hálfu yfirstjórnar varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, að fram fari opinber rannsókn í máli þessu.

Fram kom í skýrslu þessari, að deildarstjóri birgðadeildar hersins væri ákærði Þorvaldur Bergmann Björnsson og að sá Íslendingur, sem hefði þann starfa með höndum að taka við hjólbörðum í „Shop store three“, væri ákærði Geir Guðmundsson.

Rannsóknarlögregla ríkisins hófst þegar handa um rannsókn máls þessa. Í ljós kom, að fyrirtækið Hjólbarðasalan sf. í Reykjavík var á því tímabili, sem hér um ræðir, rekið nær eingöngu af ákærða Gísla Grétari Sigurjóns-syni.

Við rannsókn málsins kom í ljós, að tollfrjáls innflutningur á vöru, sem fer til Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli, er háður leyfi varnarmála-deildar utanríkisráðuneytisins. Innflytjandi þarf í slíkum tilfellum að fá þar til gerða úttektarbeiðni, stimplaða af varnarmáladeild, ef um er að ræða flutning á vöru úr tollvörugeymslu. Ef hins vegar um er að ræða flutning á vörum úr vörugeymslu skipafélags, er aðflutningsskýrsla stimpluð af varnarmáladeild.

Hjá tollstjóranum í Reykjavík er haldin skrá yfir alla slíka flutninga til Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli frá Reykjavík. Þegar vara er flutt til varnarliðsins er útbúinn sérstakur tollseðill, sem sendur er með vörunni. Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli vottar síðan á seðilinn, að varan sé komin þangað. Tollseðillinn er síðan endursendur til tollgæslunnar í Reykjavík.

Rannsóknarlögregla ríkisins aflaði sér upplýsinga hjá tollstjóraembættinu í Reykjavík varðandi framangreinda flutninga á hjólbörðum af hálfu fyrirtækja þeirra, sem ákærði Gísl Grétar hafði með að gera. Sömuleiðis var aflað upplýsinga um flutninga Hjólbarðasölunnar sf. á hjólbörðum til varnarliðsins í gegnum Tollvörugeymslu Suðurnesja hf. Þá var aflað ýmissa gagna frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, svo sem pantana eða innkaupabeiðna frá birgðadeild þess á hjólbörðum.

Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögreglumáður, Barrholti 35, Mosfellssveit, sem að mestu annaðist rannsókn þessa máls af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að við rannsókn hafi verið byggt á eftirtöldum gögnum frá varnarliðinu:

Greiðslu eða pöntunarformi, ljósriti af reikningum Hjólbarðasölunnar sf. og að lokum ljósriti af tékkum til greiðslu á pöntunum, sem lágu fyrir í öllum tilvikum, þar sem grunur var fyrir hendi um vöntun. Hins vegar bárust ekki frá varnarliðinu ljósrit af beiðnum, sem lágu til grundvallar pöntunum né birgðaskrá. Taldi Guðmundur, að eftir birgðaskrá hafi verið gengið, en ekki hafi verið unnt að leggja hana fram.

Til að komast að raun um, hvað hefði verið flutt af hálfu Hjólbarðasölunnar sf. og Nitto-umboðsins ótollaþgreitt til varnarliðsins, hafi hann fengið skrá hjá tollstjóranum í Reykjavík yfir alla slíka flutninga. Síðan hafi hann fengið hjá ríkisendurskoðun þau skjöl, sem áttu við, þ.e. tollseðla, úttektarbeiðnir og aðflutningsskýrslur. Jafnframt hafi hann fengið hjá ákærða Gísla Grétari sömu gögn, og minnstist hann þess ekki, að neitt misræmi hafi verið milli þeirra og þeirra gagna sem lágu fyrir hjá ríkisendurskoðun.

Í upplýsingaskýrslu, er Guðmundur Guðjónsson gerði hinn 28. desember 1978 og hann hefur staðfest fyrir dómi, segir meðal annars:

„Með því að bera saman tollseðlana og viðeigandi aðflutningsskýrslur er hægt að sjá út stærð hjólbarðanna og slangnanna sem flutt var til varnarliðsins.

Eftir stærðunum var síðan hægt að sjá út við hvaða þöntun varnarliðsins hver tollseðill átti.

Til að tryggja að allir tollseðlar kæmu fram voru númer þeirra borin saman við þá tollseðla sem tollgæslan á Keflavíkurflugvelli hafði afrit af varðandi Hjólbarðasöluna og Nitto-umboðið, en tollgæslan á Keflavíkurflugvelli heldur eftir afriti af öllum tollseðlum. Eins hefur Gísli Sigurjónsson framkvæmdastjóri Hjólbarðasölnunnar lagt fram afrit af þeim tollseðlum sem hann hefur varðandi flutning til varnarliðsins.“ Í framhaldi af þessu kom í skýrslunni yfirlit yfir allar pantanir varnarliðsins á hjólbörðum og slöngum, frá því samningur var gerður við Hjólbarðasölu sf., svo og kemur þar fram, hvaða pantanir hafa ekki verið sendar varnarliðinu undanþegnar aðflutningsgjöldum. Samkvæmt þessu yfirliti voru pantaðir 6703 hjólbarðar og 2254 hjólbarðaslöngur á þessu tímabili, og greiddi varnarliðið fyrir þessar pantanir samtals \$ 448.319,66. Hins vegar væri fjöldi hjólbarða, sem greiddir hefðu verið, en ekki væru til tollpappírar um sendingu á til varnarliðsins 2198 og hjólbarðaslangna 690. Fjárhæð þeirra hjólbarða og hjólbarðaslangna, sem varnarliðið hefði greitt fyrir, en ekki væru til tollpappírar um sendingu á til varnarliðsins, næmi \$ 159.651,96.

Í framhaldi þessa gerði rannsóknarlögreglumaðurinn lista yfir „ætlaðar falspantanir“ í tveimur dálkum. Annars vegar eru skráðar þær pantanir, sem varnarliðið greiddi fyrir, en ekki eru til tollskjöl um sendingu á. Er niðurstöðutala þess dálks sú, sem hér að framan greinir. Hins vegar er dálkur yfir það, sem ákærði Gísli taldi, að varnarliðið hafi greitt fyrir, en ekki fengið. Niðurstöðutala þess dálks er \$ 153.753,81 og kr. 32.832.923,69. Er ákæran í málinu byggð á þessum síðarnefnda dálki alfarið.

## II.

Yfirheyrslur hófust vegna máls þessa hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 8. desember 1978. Þann dag var ákærði Þorvaldur Bergmann Björnsson yfirheyrður. Skýrði hann svo frá við yfirheyrsluna, að hann væri nú deildarstjóri í birgðadeild Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli og hefði hann haft það starf með höndum síðastliðið eitt og hálf ári. Áður hafði hann verið deildarstjóri í „Shop store three“, en þann starfa hafi nú Geir Guðmundsson. Ákærði skýrði svo frá, að sá, sem gegndi þessi starfi, ákvæði, hversu mikið væri pantað af hjólbörðum hverju sinni. Þessi deildarstjóri útfyllti

sérstakt form, þegar hann óskaði eftir, að hjólbarðar væru pantaðir. Hann tók fram, að þar til fyrir um hálfu ári, hafi ekki þurft að undirrita þetta form með nafnritun, en síðan hafi þessu verið breytt og krafist nafnritunar. Deildarstjóri í umræddri deild eigi að kvitta fyrir móttöku vörunnar, en hins vegar hafi það komið alloft fyrir, að hann sjálfur hafi verið beðinn að kvitta fyrir móttöku á hjólbörðum, þrátt fyrir það að deildin, þar sem tekið er á móti hjólbörðunum, sé í nokkuð mikilli fjarlægð frá þeim stað sem hann vinni á. Ástæðan fyrir því, að hann sé beðinn um þetta, sé sú, að því er hann telji, að hann hafi áður verið deildarstjóri þarna, en hann kvaðst þó ekki hafa spurst fyrir um ástæðuna. Hann var spurður að því, hvernig hann gæti staðfest, að það magn af hjólbörðum væri komið í deildina, sem pöntunin hljóðaði upp á, og svaraði hann því til, að hann aflaði sér upplýsinga um það hjá Geir Guðmundssyni áður en hann undirritaði, en gengi ekki sjálfur úr skugga um það, hvort magnið kæmi heim og saman við reikninginn. Kvaðst hann ekki hafa ástæðu til að vantroysta undirmönnum sínum, þ.e. Geir Guðmundssyni, en þessi deild heyrði undir sig. Aðspurður kvaðst ákærði ekkert vita um hugsanlega vöntun á hjólbörðum, og vissi hann ekki til þess, að fleiri hjólbarðar hafi verið greiddir heldur en komið hafi, né vissi hann um neitt óeðlilegt í sambandi við hjólbarðakaupin.

Ákærði Geir Guðmundsson kom til yfirheyrslu 9. desember 1978. Kvaðst hann hafa starfað í framangreindri deild á Keflavíkurflugvelli síðan 18. júní 1975, en hann hefði verið deildarstjóri þar síðan í júní 1977, er hann tók við því starfi af ákærða Þorvaldi Bergmann. Áður en hann hafi orðið deildarstjóri, hafi hann ekki séð um pantanir á hjólbörðum eða kvittað fyrir móttöku á þeim. Gerði hann ráð fyrir, að það hafi ákærði Þorvaldur gert, án þess, að geta fullyrt um það, enda kvaðst hann einungis hafa verið afgreiðslumaður þá. Eftir að hann hafi sjálfur orðið þarna deildarstjóri, hafi hann útbúið pöntunarbeiðnir og þá haft það í huga að fullnægja eftirspurn þeirra aðilja, sem eiga að fá dekk hjá þessari deild, en þessa pöntunarbeiðni hafi hann síðan sent til innkaupadeildar. Þessi beiðni fari þó áður í hendur fleiri aðilja, sem gangi úr skugga um, að umbeðin vara sé ekki til í öðrum deildum hersins, þannig að hennar sé þörf.

Síðan sagði ákærði, að þegar hjólbarðarnir kæmu, bæri hann pöntunina saman við pöntunarbeiðnina og ef þessu bæri saman, sem ætíð hafi gerst, þá hafi hann undirritað eitt afrit af pöntunarbeiðninni, sem síðan færi til innkaupadeildar. Hann kvað þó það hafa verið ýmist, að hann eða ákærði Þorvaldur hafi kvittað fyrir þessu. Í þeim tilvikum, þar sem Þorvaldur hafi kvittað fyrir vörunni, þá hafi hann, þ.e. Geir, látið hann vita, að varan væri öll komin. Það væri engin sérstök regla á því, hvor þeirra Þorvalds kvittaði fyrir vörunni.

Varðandi grun um misferli í sambandi við dekkjakaupin sagði ákærði, að hann hefði ekki orðið var við annað en að allt væri með felldu.

Framangreindir ákærðu, þ.e. Þorvaldur Bergmann Björnsson og Geir Guðmundsson, voru færðir fyrir dómra þennan sama dag, þ.e. 9. desember 1978, vegna kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhaldsúrskurð yfir þeim. Staðfestu þeir báðir þar framangreindar skýrslur sínar og neituðu að eiga hér aðild að nokkru misferli. Ákærðu voru næsta dag úrskurðaðir til að sæta gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa allt til miðvikudagsins 20. desember 1978.

Ákærði Gísli Grétar Sigurjónsson kom til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 10. desember 1978. Skýrði hann svo frá, að það hafi sennilega verið haustið 1976 sem hann gerði samning við bandaríska herinn á Keflavíkurflugvelli um innflutning og sölu á Mohawk hjólbörðum til hersins í gegnum fyrirtæki sitt, Hjólbarðasöluna sf. Taldi hann sig hafa gert lægsta tilboð og því hafi samningur verið gerður við fyrirtæki sitt. Áður en þessi samningur var gerður, seldi hann varnarliðinu hjólbarða af og til um nokkurra mánaða skeið. Var þar um frjálsa sölu að ræða og enginn samningur þar um, enda keypti varnarliðið á þeim tíma hjólbarða af fleiri aðiljum.

Ákærði skýrði síðan frá því, að fljótlega eftir að hann gerði umræddan samning við varnarliðið, hafi ákærði Þorvaldur Bergmann, þá deildarstjóri í þeirri deild hersins, sem veitti hjólbörðunum viðtöku, komið að máli við sig. Fór hann fram á það, að þeir gerðu samkomulag með sér um, að hann, þ.e. Þorvaldur, gerði pantanir á hjólbörðum, sem ákærði síðan fengi greiddar að fullu, en kæmi hins vegar ekki með til hersins nema að hluta. Fengi ákærði þannig greitt fyrir fleiri hjólbarða en hann kæmi með. Talaði Þorvaldur um, að Gísli fengi 25% af hagnaðinum, sem af þessu yrði, en Þorvaldur sjálfur fengi 75%. Kvaðst ákærði hafa fallist á að gera þetta.

Ákærði kvað þetta hafa verið gert þannig, að hann hafi komið með reikning fyrir þeim pöntunum á hjólbörðum, sem gerðar voru, er hann lét Þorvald hafa og kom hann reikningnum síðan áleiðis til greiðslu. Var síðan ýmist, að ákærði kæmi með hluta af pöntuninni til hersins eða kæmi ekki með neitt af pöntuninni eða í sumum tilvikum, að hann kæmi með alla pöntunina. Yfirleitt sótti hann ávísanir, sem pantanirnar voru greiddar með, og skiptu þeir Þorvaldur síðan hagnaðinum. Gekk þetta þannig allt fyrsta samningstímabilið og í byrjun þess næsta, sem hófst í júlí 1977.

Haustið 1977 kom Þorvaldur að máli við hann og fór fram á að fá einnig hagnaðarhluta af þeim hjólbörðum, sem ákærði lét herinn fá. Ákærði neitaði því, en féllst í staðinn á að fá aðeins 10% af þeim ólöglega hagnaði, sem þeir höfðu áður samið um, að hann fengi 25% af.

Varðandi það, hvort fleiri aðiljar hafi staðið að þessum ólöglegu við-

skiptum, skýrði ákærði svo frá, að Geir Guðmundsson, sem hefði tekið við starfi Þorvalds, vissi að einhverju leyti um þetta, en ákærði taldi útilokað, að hann ætti nokkurn hlut þarna að máli. Þá sagði ákærði, að Halldór Magnússon, háttsettur yfirmaður þarna og góður kunningi Þorvalds, hlyti að hafa haft um þetta vitneskju eða jafnvel átt þarna hlut að, þótt svo að hann sjálfur hafi einungis átt samskipti við Þorvald í þessu sambandi. Þá sagði ákærði, að Hrafnkell Óskarsson, sem starfaði á hjólbarðaverkstæði hersins, hefði hugsanlega haft vitneskju um þetta.

Varðandi það, hversu mikið fé þeir hefðu sviðið út eða um hve marga hjólbarða væri að ræða, sem herinn hafi greitt fyrir, en ekki fengið, þá kvaðst hann ekki vita það. Varðandi grun um, að þessi vöntun á hjólbörðum næmi milli 17-1800 stk. þá fannst honum ólíklegt, að um svo mikið magn væri að ræða. Tók hann fram í þessu sambandi, að hann hefði flutt til hersins hjólbarða af eigin heildsölulager og þá tollafgreidda hjólbarða, þar sem ekki var til í Tollvörugeymslu umbeðin stærð hjólbarða. Gæti hér verið um að ræða milli 2 og 300 hjólbarða fyrir allt samningstímabilið.

Ákærði kom fyrir sakadóm þennan sama dag að beiðni rannsóknarlögreglu, og staðfesti hann framangreinda skýrslu sína. Kvaðst hann hafa skýrt eftir bestu vitund frá því, hvernig umrætt misferli hófst, hvernig það var framkvæmt og hverjir hafi átt hlutdeild í því.

Ákærði var yfirheyrður frekar um mál þetta hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 16. desember 1978. Skýrði hann svo frá að í upphafi, þ.e. í byrjun fyrsta samningstímabils, þá hafi eingöngu verið látið vanta í sendingar, sem pantadar höfðu verið og greiddar, nema þöntun í nóvember 1976 að fjárhæð \$ 13.593,35, sem algjörlega hafi verið fölsuð. Þegar fór að líða á fyrsta samningstímabilið eða í byrjun þess næsta, hafi þeir hins vegar reynt að mestu leyti að láta greiða fyrir heilar pantanir, sem síðan var ekki komið með. Þó kom það einnig fyrir og alveg fram undir það síðasta, að greitt var fyrir pantanir, sem viljandi var látið vanta í. Þó tók hann fram í þessu sambandi, að í sumar sendingar hafi vantað hjólbarða, þar sem hann átti þá ekki til og hafi hann fengið reikninginn greiddan engu að síður að fullu og skilað síðar þeim hjólbörðum, sem vantaði. Þá kvað hann stundum hafa komið fyrir, að hann hafi orðið að nota þær pantanir, sem þeir hefðu viljandi látið vanta í eða fengið greiddar, án þess að neinum dekkjum væri skilað á móti, til þess að geta fengið tollpappíra stimplaða, svo unnt væri að láta varnarliðið fá það, sem vantaði í sendingar, er ráðgert var að kæmu síðar. Taldi hann því mjög erfitt að segja til um, hvaða pantanir væru falsadar og hverjar ekki, sérstaklega fyrir þá hina, sem stóðu að þessu með honum. Hann ætti þó að geta sagt til um þetta að mestu leyti, eftir að búið væri að bera saman tollseðla við pantanir þær, sem greiddar voru.

Þá sagði ákærði, að hann hefði nú borið saman tollseðlana, sem væru

sönnun þess, að hann hafi farið með þá hjólbarða, er þeir hljóða á, til varnarliðsins, og greiddar pantanir. Virtist sér eftir því, að misferlið hjá þeim næmi á milli 150-160.000 dollurum.

Ákærði Halldór Örn Magnússon kom fyrst til yfirheyrslu vegna máls þessa 10. desember 1978. Kannaðist hann þá ekki við neitt misferli í sambandi við pöntun eða pantanir á hjólbörðum hjá varnarliðinu. Kvaðst hann starfa hjá birgðadeild Bandaríkjahers og væri hann aðstoðarmaður yfirmanns deildarinnar. Kvaðst hann ekki hafa bein afskipti af hinum ýmsu deildum birgðadeildar nema hvað varðaði ýmis stjórnunaratriði, t.d. starfsmannahald, ráðleggingar varðandi starfstilhögun o.fl. Kvað hann sér koma mjög á óvart, ef um misferli væri að ræða í sambandi við hjólbarða, og gæti hann varla séð, hvernig hægt væri að falska skjöl og aðra pappíra í þessu sambandi. Hann kvað þá ákærða Þorvald Bergmann vera mjög góða kunningja og vini og ætti hann mjög erfitt með að trúa því, að hann væri viðriðinn eitthvert misferli í sambandi við vinnuna.

Ákærði kom fyrir dóm þennan sama dag, og kvaðst hann þar ekki hafa neinu við þessa skýrslu sína að bæta, þar sem hann hafi hvorki átt þátt í ætluðu misferli né vitað til, að það hafi átt sér stað. Ákærði var í framhaldi af þessu úrskurðaður að kröfu rannsóknarlögreglu til að sæta gæsluvarðhaldi til 20. desember 1978.

Hinn 12. desember 1978 kom ákærði Halldór Örn aftur til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, og sagði hann þá, að í fyrri skýrslu sinni hafi hann ekki skýrt rétt frá í öllum atriðum og vildi hann nú skýra frá málinu sannleikanum samkvæmt.

Hann kvað þetta hafa byrjað þannig, að ákærði Þorvaldur hafi komið til sín, skömmu eftir að samningurinn við Hjólbarðasöluna hafi fyrst verið gerður, og farið að ræða um möguleika á því að láta varnarliðið greiða fyrir fleiri hjólbarða heldur en það fengi. Þorvaldur hafi þá verið búinn að ræða þetta mál við Gísla og fá hann til þátttöku í þessu, ef af yrði. Þeir Þorvaldur hafi þá farið að hugsa málið, þ.e. hvernig þetta væri framkvæmanlegt, og kvaðst ákærði strax hafa séð, að þeir yrðu að fá í lið með sér Hrafinkel Óskarsson, sem vann á dekkjaverkstæðinu og sá um að skrá dekkjanotkun á hverjum bíl varnarliðsins, og hafi Þorvaldur fært þetta í tal við hann. Féllst Hrafnkell á að taka þátt í þessu.

Ákærði kvað árlega gerða vörutalningu og samanburð við bókhald, þannig að þeir hafi einungis þurft að láta bókhaldið stemma, þegar það var gert. Þeir hafi farið þannig að þessu, að Hrafnkell hafi skráð meiri dekkjanotkun á bílana heldur en hún hafi verið jafnframt því að nýta betur dekkinn, sem voru til staðar. Með þessu hafi þeir safnað í bókhaldinu dekkjum, sem ekki voru til, og síðan gert pöntun upp á þá upphæð, sem aldrei kom, en var greidd. Einnig hafi þeir notað þá aðferð á tímabili að hækka

verð á hverjum hjólbarða á pappírnum, þannig að í bókhaldinu safnaðist ákveðin upphæð, sem hægt var að greiða með reikning til að stemma bókhaldið af, þannig að tala keyþra hjólbarða í bókhaldinu bæri ætíð saman við lager. Bygðist þetta því á að greiða reikninga, þar sem ekki voru afhentir hjólbarðar á móti. Á þennan hátt hafi þeir fengið greiddar pantanir í þrjú til fjögur skipti á fyrsta samningi og tvisvar til þrisvar á öðrum samningi. Hins vegar hafi ekkert misferli af þeirra hálfu átt sér stað á síðasta eða þriðja samningstímabili.

Ákærði sagði, að í upphafi hafi þeir skipt hagnaði þannig, að hver þeirra, þ.e. Gísli, Þorvaldur og Hrafnkell og hann sjálfur, hafi fengið 25% hagnað. Þetta hafi gengið svo til, þar til Þorvaldur fékk stöðuhækkun og Geir Guðmundsson tók við deildarstjórarstarfi af honum. Þá hafi þeir orðið að taka Geir með, til að þetta gæti gengið. Var hagnaðarhlutföllum þá breytt þannig, að Gísli hafi fengið 10%, hann sjálfur og Þorvaldur 25% hvor og Geir og Hrafnkell sín 20% hvor.

Vardandi það, hve hagnaður af þessu misferli hafi verið mikill, þá kvaðst ákærði geta trúað, að heildarhagnaðurinn, þ.e. hagnaður þeirra allra, hafi numið um það bil 20-25 milljónum króna. Taldi hann fullvíst, að ákærðu Gísli og Þorvaldur gætu bent á þá reikninga, sem ranglega höfðu verið greiddir. Hann tók fram, að hann hefði sjálfur ekki komið nálægt framkvæmdinni, þannig að hann vissi ekki algjörlega um öll atriði í þessu sambandi.

Hann tók fram, að sú fjárhæð, sem varnarliðið gæfi upp um svik, gæti ekki staðist og væri hún mun hærrí heldur en rétt væri. Vildi hann einnig benda á, að Hjólbarðasalan hafi flutt til varnarliðsins hjólbarða, sem tollar hafa verið greiddir af, og sýni úttektarbeiðnir Tollvörugeymslu því ekki rétta mynd af því magni hjólbarða, sem herinn fékk. Kvaðst hann ekki vita um, hversu mikið hefur hér verið um að ræða, en hann hafi vitað til þess, að slíkir hjólbarðar hafi verið í nokkru magni, sérstaklega fyrsta árið.

Ákærði kom enn til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 16. desember, og var þar bókað eftir honum, að samkvæmt þeim gögnum, sem hann hafi séð hjá rannsóknarlögreglu, þ.e. aðallega hjólbarðapantanir ásamt fleiri skjölum, þá virtist sér, að heildarupphæð sú, sem þeir ákærðu hafi aflað í sambandi við þetta misferli, væri um 150-160.000 dollarar. Hann hafi áður sagt í yfirheyrslu, að þessi upphæð gæti ekki staðist, en það hafi ekki verið rétt hjá sér, enda hafi hann þá ekki verið búinn að sjá þau gögn, sem fyrir lágu í málinu.

Ákærði kvaðst halda, að þeir hafi svikið út meira fé fyrsta árið, þ.e. tímabilið 1976-1977, því að á seinna tímabilinu 1977-1978 eða reyndar í janúar 1978 þá hafi varnarliðið sjálft byrjað að leggja 8-12% á hvern hjól-

barða, sem seldur var út frá „Shop store three“. Hafi þeir orðið að hætta að leggja sjálfir á hvern hjólbarða eða allavega að minnka það mikið.

Varðandi einstakar pantanir, sem falsaðar hafa verið, kvaðst ákærði eiga erfitt með að benda á þær með fullri vissu, þar sem hann hafi ekki komið nálægt framkvæmdinni. Einnig ber þess að geta að fyrsta árið, þegar þeir byrjuðu á þessu, hafi þeir stundum látið vanta í pantanir, þ.e. aðeins hluti af pöntuninni hafi verið falsaður. Annars var ekkert fast munstur á þessum aðgerðum þeirra að sögn ákærða, þannig að erfitt væri að gera sér grein fyrir einstökum atriðum. Einnig væri þess vegna erfitt að gera sér grein fyrir heildarupphæð þeirri, sem þeir hefðu svikið út, en eins og hann hafi áður sagt, þá liggi hún í um það bil 150.000 dollurum og gæti verið eitthvað hærri.

Að beiðni rannsóknarlögreglu ríkisins var ákærði yfirheyrdur fyrir dómi 17. desember 1978. Staðfesti hann þar skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 12. og 16. þ.m. Var ákærði látinn laus úr gæsluvarðhaldi þennan dag.

Eins og fyrr greinir, neitaði ákærði Þorvaldur Bergmann við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 8. desember og fyrir dómi 9. desember allri aðild að misferli vegna sölu á hjólbörðum til varnarliðsins. Ákærði kom til yfirheyrslu á ný hjá rannsóknarlögreglu 12. desember. Var honum þar bent á, að rannsókn málsins hafi leitt í ljós, að færri hjólbarðar væru fluttir til varnarliðsins en greitt hafi verið fyrir. Er síðan orðrétt bókað eftir ákærða:

„Ég þræti ekki fyrir að það hafi átt sér stað og hefi ég átt þar sjálfur hlut að máli. Ég man ekki ljóslega tildrög að þessu en þetta þróaðist bara á milli manna. Ég get ekki fullyrt nákvæmlega um það hvenær þetta byrjaði en gæti trúað að það hafi verið nokkrum mánuðum eftir að fyrsta samningstímabilið hófst.“

Ákærði kvað hafa verið í þessu í upphafi auk sín þá Halldór Magnússon og Gísli Sigurjónsson. Hann muni ekki, hvort Hrafnkell hafi komið strax inn í myndina eða síðar. Geir hafi síðan komið inn í þetta, þegar ákærði sjálfur var gerður að deildarstjóra í annarri deild og Geir hafi tekið við hans starfi.

Ákærði lýsti atferli þeirra þannig, að í einhver skipti hafi þeir útbúið pantanabeidnir og reikninga, sem greitt var fyrir, án þess að hjólbarðasendingarnar kæmu. Eins hafi þeir lagt 6-8% á þá hjólbarða, sem seldir voru frá „Shop store three“, en allir hjólbarðar væru seldir þaðan og þeir hafi skipt hagnaðinum á milli sín. Þó hafi þessi 6-8% ekki verið allt hagnaður, heldur komi og inn í þetta slöngur í hjólbarða og naglar fyrir snjóhjólbarda, sem ekki var sérstök heimild fyrir og varð að fóðra á þennan hátt. Hann gat ekki sagt til um það, hvort þessi framangreinda álagning hafi

verið sett á allar sendingar frá Hjólbarðasöluinni eða bara í einstökum tilfellum. Eins tók hann fram, að herinn legði sjálfur 5% álagningu á hjólbarða, sem seldir væru frá „Shop store three“.

Varðandi þátt einstakra manna í þessu kvaðst ákærði hafa útbúið allar hjólbarðapantanir sjálfur, meðan hann hafi starfað í „Shop store three“, og þar á meðal hafi verið þær pantanir, sem fyrirhugað var að ekki kæmu, og kvaðst hann einnig hafa kvittað fyrir móttöku á þeim sendingum, sem ekki komu. Þetta hafi þó átt eingöngu við, meðan hann var þarna deildarstjóri.

Eftir að hann hafi tekið við sínu núverandi starfi, hafi Geir útbúið allar pantanir, en hann kvaðst þó hafa kvittað áfram fyrir móttöku hjólbarða, en það hafi hann eingöngu gert vegna starfsfólksins, eins og hann hafi áður skýrt frá í málinu. Geir hafi séð um að útbúa allar hjólbarðapantanir, þar á meðal þær pantanir, sem ekki komu og greitt var fyrir. Þáttur Hrafnkels hafi allur verið í sambandi við álagninguna á hjólbarðana. Halldór hafi ekki komið nærri framkvæmdinni, nema hann skipulagði þetta ásamt þeim Gísla í upphafi og fékk sinn hagnað af ágóðanum.

Varðandi það, hversu mikið þeir hafi hagnast á þessu, þá kvaðst ákærði ekki geta farið nærri um það annað en að sú fjárhæð, sem herinn gæfi upp, væri langt frá raunveruleikanum, og átti ákærði þá við um það bil 50 milljónir íslenskra króna. Hann kvaðst ekki geta farið nærri um það, hversu mikið hann hefði fengið í sinn hlut.

Ákærði kvað skiptingu á hagnaði, eftir að Geir hafi komið inn í dæmið í júní 1977, vera eftirfarandi: Sjálfur hafi hann fengið 25%, Halldór 25%, Gísli 10%, Hrafnkell 20% og Geir 20%. Skipting á hagnaði fyrir þann tíma mundi hann ekki, hver var.

Þá tók ákærði fram, að bókhald hersins væri ekki ábyggilegt, þannig að oft kæmu inn afgreiddir hjólbarðar, sem gleymdist að bóka, og gæti þetta skakkað um 15-20%. Eins vildi hann taka fram, að honum væri kunnugt um, að þegar vörutalning sú fór fram, er herinn lét gera vegna rannsóknar máls þessa, þá hafi ekki verið taldir hjólbarðar í opinni geymslu og hafi þar verið um nokkuð háa fjárhæð að ræða.

Ákærði kom enn á ný til yfirheyrslu vegna máls þessa 16. desember 1978. Var hann þá spurður að því, hve háa fjárhæð hann teldi vera um að ræða í sambandi við misferli þeirra félaga við hjólbarðapantanir. Kvaðst hann ekki geta gefið skýringu á því, en taldi, að sú fjárhæð, sem um hefði verið rætt í því sambandi, þ.e. u.þ.b. 150.000 dollarar, væri fjarri sanni, að minnsta kosti hvað varði sína þátttöku. Þá kvaðst hann ekki treysta sér til að benda á ákveðnar pantanir, sem þeir hafi falsað eða látið vanta í. Í upphafi hafi þeir bæði látið vanta í pantanir og eins falsað pantanir, er þeir fengu greiddar. Sér vitanlega hafi þetta síðan þróast upp í að verða

eingöngu heilar pantanir, sem ekki komu, en ekki hafi verið látið vanta í pantanir sem komu.

Ákærði kvaðst yfirleitt hafa sótt peningana til Gísla, eftir að hann hafði skipt ávísuninni í íslenska mynt, að frádregnum hans hluta. Kvaðst ákærði síðan hafa deilt peningunum á milli hinna.

Ákærði tók fram, að sér vitanlega hafi engin pöntun verið fölsuð eða verið staðið að misferli í þessa átt síðan snemma í vor, sennilega í mars, þ.e. 1978. Ef um eitthvert misferli hafi verið að ræða eftir þann tíma, þá hafi hann ekki staðið að því.

Ákærði kom fyrir dóm að beiðni rannsóknarlögreglu ríkisins 17. desember 1978. Staðfesti hann þar skýrslur þær, sem hér hafa verið raktar og gefnar voru 12. og 16. s.m. Kvað hann þar allt komið fram í málinu af sinni hálfu, er hann hafi um það að segja. Ákærði var þennan dag látinn laus úr gæsluvarðhaldi.

Svo sem fyrr greinir, neitadi ákærði Geir Guðmundsson því við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi 9. desember 1978, að hann ætti aðild að nokkru misferli í sambandi við mál þetta. Ákærði kom á ný til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 10. desember, og skýrði hann svo frá, að fyrri skýrsla hans í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni væri ekki rétt að öllu leyti. Vildi hann nú viðurkenna, að misferli hefði átt sér stað í sambandi við pantanir á hjólbörðum og að varnarliðið hefði verið látið borga pantanir, sem alls ekki hafi komið á Keflavíkurflugvöll, hvað þá að hjólbardar þeir, sem pantaðir hafi verið í þessum tilvikum, hafi nokkurn tíma verið til staðar. Þeir, sem hafi verið upphafsmenn í þessu misferli og skipulagt það, væru ákærðu Þorvaldur B. Björnsson og Halldór Örn Magnússon.

Ákærði kvaðst hafa verið afgreiðslumaður í sölueld þar til í júní 1977, að Þorvaldur, sem var deildarstjóri í þessari deild, hafi skyndilega fengið stöðuhækkun yfir í aðra deild innan birgðadeildar. Hafi hann þá tekið við fyrra starfi Þorvalds, þar sem hann hafi haft mestan starfsaldur af þeim, sem fyrir voru. Þegar hann hafi verið búinn að vera í þessu starfi í um það bil hálfan mánuð, hafi Þorvaldur komið að máli við sig og skýrt sér frá því, að hann sjálfur og Halldór ásamt forstjóra Hjólbardasöslunnar s/f væru með dálítið ævintýri í kringum hjólbardapantanir. Væri þetta fólgid í, að Þorvaldur falsaði pantanir, þ.e. pantaði hjólbarda, sem í rauninni væru ekki til, en varnarliðið borgaði þó fyrir. Til að þetta væri framkvæmanlegt, þá hefði Þorvaldur í sinni fyrri stöðu hækkað verð á hverjum einstökum hjólbarda, sem seldur var út frá deildinni til hinna ýmsu deilda varnarliðsins og þá aðallega „Motor-pool“. Kvaðst hann hafa hækkað verðið frá 6 dollurum allt upp í 20 dollara eftir stærð hjólbarda, frá upp- runalega verðinu. Héldi hann síðan skrá yfir fjárhæð þá, sem hækkunin

næmi, og síðan útfyllti hann pöntun á hjólbörðum fyrir upphæð þá, er hann hefði safnað saman á pappírnum. Með þessu móti væri hægt að komast hjá ósamræmi, sem annars óhjákvæmilega kæmi fram við vörutalningu. Gísli fengi síðan greitt fyrir pöntunina, en þeir Þorvaldur og Halldór fengju stærstan hluta hvernar pöntunarupphæðar, en Gísli töluvert minna, eða ca. 10%. Bauð Þorvaldur ákærða Geir nú að taka þátt í þessu, enda hafi hann verið kominn í fyrri stöðu Þorvalds, þannig að þetta ráðbrugg félli um sjálft sig, þar sem Þorvaldur var ekki lengur í þeirri aðstöðu að sjá um að hækka verðið og halda skrá yfir, hve hækkunin næmi miklu eftir ákveðinn tíma. Sú deild, er Þorvaldur var nú kominn í, er yfir söludeildinni, þannig að Þorvaldur var áfram yfirmaður ákærða, og kvaðst hann því hafa leiðst út í þetta, þar sem hann þorði eiginlega ekki að neita, enda hefði hann þá sennilega misst stöðuna.

Ákærði kvað hlutverk sitt því vera að skrifa hjólbarda á hærra verði út og halda skrá yfir upphæðina, sem myndaðist við hækkunina. Þorvaldur hafi síðan ákveðið, hvenær ætti að panta fyrir þá upphæð, sem myndast hefði, og kvaðst ákærði hafa útfyllt þá pöntun og afhent Þorvaldi, en hann hafi séð um framhaldið og kvittað undir. Kvaðst ákærði hafa átt þátt í fjórum pöntunum, frá því hann flæktist í þetta, og hafi hann átt að fá 10% í sinn hlut og vissi hann, að Gísli fékk eitthvað álíka, þannig að Þorvaldur og Halldór hafi fengið meginhlutann eða alla vega 80%. Greiðsla hafi farið þannig fram, að Þorvaldur hafi greitt sér sinn hluta ca. hálfum mánuði eftir hverja falsaða pöntun. Í apríl eða maí 1978 hafi Þorvaldur verið erlendis og hafi samist um, að Gísli léti sig hafa peningana fyrir eina pöntunina, og kvaðst ákærði síðan hafa afhent Halldóri upphæðina, eins og samið hefði verið um, og hafi hann afhent sér sinn hluta, þ.e. hluta Geirs.

Ákærði kvaðst samtals hafa fengið greitt um kr. 2.000.000, frá því að fyrsta pöntun var fölsuð, en það hafi verið í september 1977. Mundi hann, að upphæð þeirrar pöntunar nam 20.000 dollurum, og kvaðst hann ekki hafa átt þátt í að útfylla þá pöntun, enda hefði Þorvaldur séð um að safna þessari upphæð eða stærstum hluta hennar, áður en ákærði hafi komið til sögunnar. Kom því eingöngu smáupphæð í hans hlut af þessari pöntun.

Ákærði sagði síðan, að það hafi verið á sl. sumri, þ.e. 1978, að hann hafi ákveðið að hætta að taka þátt í þessu, og kveðst hann hafa tilkynnt Þorvaldi það og hafi ekki verið fölsuð pöntun síðan. Ákærði taldi sig hafa leiðst út í þetta vegna sérstakra aðstæðna, t.d. taldi hann sig geta misst vinnuna, ef hann neitaði að taka þátt í þessu, þar sem bæði Þorvaldur og Halldór voru yfirmenn hans, en hann tók þó fram, að sér hafi aldrei verið hótad stöðumissi. Þá sagði hann, að hann hafi haldið, að eigandi Hjólbardasöluunnar, ákærði Gísli, hafi viljað losna út úr þessu, en átt erffitt

með það vegna þrýstings frá Þorvaldi og Halldóri. Varðandi þátt Halldórs þá hafi hann ekki tekið beinan þátt í að falska pappíra, en hann hafi staðið jafnt á bak við þetta og Þorvaldur, enda væri Halldór yfirmaður hans.

Ákærði kom á ný til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 13. desember 1978, og kvaðst hann nú vilja bæta við nokkrum atriðum, sem hann hafi ekki skýrt frá í fyrri yfirheyrslum. Kvað hann einn aðilja í viðbót koma inn í þetta mál og væri það Hrafnkell Óskarsson, sem starfaði í „Motorpool“. Kvaðst hann telja, að hann hafi verið með frá upphafi eða þegar umræddar falsanir byrjuðu. Varðandi hlutverk hans í þessu þá kvaðst ákærði ekki hafa skilið það til fulls, alla vega ekki eftir að hann sjálfur kom inn í þetta. Hafi Hrafnkell ekki verið neinn hlekkur í því að falska pantanir og varðandi vinnubeiðnir, sem hann falsaði, þá hafi það verið mjög lítið prósent af heildarupphæð. Gat ákærði helst látið sér detta í hug, að hans hlutverk hafi verið eitthvað öðruvísi og meira í upphafi, en hann hafi samt fengið greitt áfram. Eftir að ákærði Geir byrjaði, kvaðst hann hafa séð um að greiða Hrafnkeli hans hluta og geti það varla hafa verið meira en ca. 10%. Skildist ákærða og á Hrafnkeli sjálfum, að hann fengi bara og hefði fengið slatta af peningum af og til til þess að hafa hann góðan. Miðað við það, sem Hrafnkell sagði ákærða, að hann hefði fengið, áður en ákærði kom sjálfur í hópinn, en það var um kr. 1.500.000,00, þá ætti hann að hafa fengið samtals um kr. 3.500.000,00.

Ákærði Hrafnkell Óskarsson kom fyrst til yfirheyrslu vegna máls þessa hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 12. desember 1978. Viðurkenndi hann þegar í upphafi að vera viðriðinn misferli, er hann var spurður um falsanir á pöntunum á hjólbörðum til hersins á Keflavíkurflugvelli. Hann kvað svo mál með vexti, að um vorið 1976 hafi ákærði Þorvaldur komið að máli við sig og spurt sig að því, hvort hann vildi ekki þéna aukapening. Ákærði var í dálitilli peningþröng, þar sem hann ætlaði að kaupa sér bifreið, og vissi ákærði Þorvaldur af því. Kvaðst ákærði hafa svarað þesu játandi, og sagði Þorvaldur þá, að hann ætti að skrá fleiri hjólbarda, sem færu í notkun hjá „Motorpool,“ heldur en færu í rauninni í notkun. Ákærði kvaðst hafa verið verkstjóri hjá „Motorpool“ og hafi hann meðal annars séð um að halda skrá yfir þá hjólbarda, sem væru settir á bíla. Er þetta skráð á svokallaðar vinnubeiðnir, sem sendar eru til söludeildarinnar, t.d. þegar hjólbarda voru settir á ákveðna bifreið. Þá kvaðst ákærði hafa skráð á vinnubeiðni, hve margir hjólbarda voru settir á bifreiðina og hvaða stærð hjólbarda væri um að ræða. Síðan hafi söludeildin fengið vinnubeiðnina og skráð eða reiknað út kostnað eða verð hjólbardanna, sem settir höfðu verið á viðkomandi bifreið. Átti hann því að falska hjólbardafjöldann á vinnubeiðnunum til þess að sýna meiri notkun en í raun var. Kvaðst hann hafa gert þetta yfirleitt á vorin og haustin, þegar skipt var um hjólbarda.

Ákærði kvað Þorvald ekki hafa sagt sér þarna í fyrsta sinn, um hvers konar misferli væri þarna að ræða, en hann hafi sagt sér, að hann myndi fá greitt fljótlega. Síðan er það í júní, að Þorvaldur afhenti honum kr. 500.000,00, og tjáði hann honum þá, að þeir væru samtals fjórir í þessu og gengi þetta þannig fyrir sig, að þeir fölsuðu pantanir á hjólbörðum, sem væru ekki til, en fyrirtækið, sem seldi hjólbardana, fengi greitt fyrir þessar pantanir. Væri eigandi þess með í þessu og skiptist ágóðinn í jafna fjóra parta, og skildist honum, að fjórði aðilinn væri Halldór Magnússon.

Ákærði kvaðst síðan hafa fengið greitt 6-7 sinnum, aðallega um vor og haust, og giskaði hann á, að hann hefði fengið samtals um kr. 2.500.000,00. Taldi hann sig þó vita, að Þorvaldur og Halldór hafi yfirleitt fengið mikið stærri hluta heldur en þeir hinir, eða alla vega meiri hluta en hann sjálfur. Varðandi það, hversu margar pantanir væri um að ræða, sem falsaðar hefðu verið, þá kvaðst hann ekki hafa hugmynd um það, enda hafi hann aldrei séð þær og gæti því vel verið, að um fleiri pantanir væri að ræða heldur en hann hafi fengið greitt af. Hann vissi heldur ekki, hvenær þetta misferli byrjaði, þ.e. hvort það hafi verið byrjað áður en hann kom til sögunnar.

Ákærði skýrði og svo frá, að sumarið 1977 hafi Þorvaldur fengið stöðu-hækkun og hafi Geir Guðmundsson þá byrjað að vera með í þessu, enda hafi hann tekið við af Þorvaldi að panta hjólbarda. Eftir þetta hafi það verið Geir, sem sá um að greiða ákærða hans hlut, en áður hafi það verið Þorvaldur.

Varðandi það, hver væri fjöldi þeirra hjólbarda, sem hann hafi falsað á vinnubeiðnum, gat ákærði ekki gert sér grein fyrir því, en taldi, að sú tala skipti nokkrum hundruðum. Varðandi það, hvenær hann hafi síðast fengið borgað, minnti hann, að það hafi verið í október 1978 og hafi hann þá fengið kr. 3-400.000,00 og hafi Geir afhent sér þá peninga. Taldi hann sig ekki vita meira um þetta mál á þessu stigi.

Ákærði var yfirheyrður á ný um málið 13. desember 1978 hjá rannsóknar-lögreglu. Kvaðst hann þá ekki vera alveg öruggur varðandi tímaröð atburða, enda væri hér um rúmlega tveggja ára tímabil að ræða. Hann minnti þó endilega, að Þorvaldur hafi fyrst talað við sig um vorið 1976 og síðan hafi hann fengið fyrstu greiðslu u.þ.b. í júnímánuði það ár, en það gæti þó hafa verið eitthvað síðar. Varðandi síðustu greiðslu haustið 1978 gæti það allt eins hafa verið í september.

Ákærði kvaðst hafa reynt að taka saman í huganum, hvað hann hafi fengið mikið greitt samtals á þessum tveimur árum, og taldi þá upphæð vera einhvers staðar á milli 3.5-4.000.000 króna.

Hér að framan hefur verið rakið það helsta, sem fram kom af hálfu ákærðu á rannsóknarstigi málsins um tildrög og upphaf hins ætlaða misferlis og almennt um aðferðir þeirra við það. Næst þykir rétt að rekja það, sem fram hefur komið af hálfu ákærðu hér fyrir dómi um framangreind atriði.

Þegar ákærði Gísli Grétar Sigurjónsson kom fyrir dóm 8. febrúar 1980, sagði hann, að eftir að fyrirtæki hans, Hjólbarðasalan, hafi náð samningum við varnarliðið á árinu 1976 um sölu á hjólbörðum og hjólbarðaslöngum, hafi ákærði Þorvaldur Bergmann Björnsson komið að máli við sig og farið fram á, að þeir stæðu saman að því að svíkja fé af varnarliðinu í sambandi við þessi viðskipti. Um aðdraganda og aðferðir við þetta vísaði hann til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglu 10. desember 1978, sem hann staðfesti fyrir dómi sama dag og áður hefur verið rakin. Kvaðst ákærði við alla meðferð málsins hjá rannsóknarlögreglu hafa reynt að upplýsa það sem best í samvinnu við Guðmund Guðjónsson rannsóknarlögreglumann. Ákærði staðfesti og skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu, gefna 16. desember 1978.

Ákærði sagði, að í upphafi hafi hann eingöngu átt samskipti við ákærða Þorvald Bergmann í þessu sambandi, en síðar hafi ákærði Halldór Örn Magnússon einnig rætt um þetta við sig, og mundi ákærði ekki nákvæmlega, hvenær það var. Síðar hafi ákærði Hrafnkell Óskarsson komið til sögu og hafi ákærði Þorvaldur Bergmann sagt sér af því. Loks hafi ákærði Geir Guðmundsson komið inn í þetta, eftir að hann tók við starfi ákærða Þorvalds Bergmanns. Kvaðst ákærði í fyrstu lítið hafa rætt þetta við ákærðu Geir og Hrafnel, en eftir því sem þeir kynntust betur hafi þeir farið að ræða þessi mál saman, einkum ákærði og Hrafnkell. Þar hafi komið, að þeir þrír hafi verið sammála um að losna út úr þessu. Reyndu þeir að standa gegn óskum frá ákærðu Þorvaldi Bergmann og Halldóri Erni og færðust undan beiðnum frá þeim.

Aðspurður kvaðst ákærði hafa haldið vel til haga öllum gögnum varðandi flutninga á hjólbörðum og slöngum til varnarliðsins og hafi t.d. allir flutningsseðlar legið fyrir í bókhaldi hans og verið til reiðu við rannsókn málsins. Hafi þessum gögnum hans og borið saman við þau gögn, sem rannsóknarlögreglan aflaði annars staðar frá.

Að því er varðar gögn um kaup á almennum markaði til að fullnægja pöntunum taldi ákærði, að hann hafi yfirleitt haldið þeim til haga, en vera megi þó að einstaka hafi glatast.

Varðandi einstök samningstímabil hafði ákærði það að segja, að í fyrstu hafi borist pantanir, sem hann hafi ekki getað staðið við að öllu leyti, en fengið þó greiddar. Ætlunin hafi verið, að hann bætti þetta upp úr síðari

sendingum til landsins. Einhvern tíma á þessu tímabili hafi ákærði Þorvaldur Bergmann komið til sín og rætt við sig um samstarf við að ná út fé með fölskum pöntunum. Hafi það þá orðið úr, að framangreind vöntun var færð ákærða til skuldar við meðákærðu, og hafi hún verið sléttuð út síðar á tímabilinu með falspöntun, líklega með pöntun nr. 0023.

Að því er varðar annað samningstímabilið hafi verið um færri og stærri pantanir að ræða, og taldi ákærði það stafa af því, að meðákærðu hafi verið farnir að skipuleggja þetta meira.

Ákærði mótmælti því, að vöntun vegna tveggja síðustu pantananna, þ.e. KS05 og KS06, á þriðja samningstímabili verði talin svik af sinni hálfu. Hér hafi einungis verið um það að ræða, að hann hafi afgreitt hluta af pöntunum vegna skorts á viðkomandi hjólbörðum, en hafi átt von á sendingum til að fullnægja pöntunum að öllu leyti. Þegar rannsókn máls þessa hófst, hafi verið til hjólbardar til að fullnægja þessum pöntunum og hafi staðið til að gera það. Rannsóknarlögreglan hafi sannreynt, að umræddir hjólbardar væru til.

Ákærði kvað útilokað, að hann hefði einn getað staðið að falspöntun, því að annaðhvort Þorvaldur eða Geir tóku við hjólbörðunum og kvittuðu fyrir, og óhjákvæmilegt var, að þeir sæju, hvort vantaði á pöntun eða ekki. Ákærði kvað Þorvald hafa fylgst vel með þessu og einu sinni hafi ákærði fengið hjá honum miða, þar sem hann hafði skrifað niður vantunar á pantanir, og afhenti ákærði rannsóknarlögreglunni miða þessa.

Við síðari yfirheyrslu sagði ákærði að gefnu tilefni vegna framburða meðákærðu, að hann héldi fast við framburð sinn um, að ekki hafi einungis verið um heilar falspantanir að ræða heldur hafi einnig verið gert upp sem hagnaður, þegar vantaði á afgreiðslu pantana. Ekki hafi ætíð verið um það að ræða, að pöntun hafi átt að vera falspöntun að hluta, heldur hafi hann ekki getað afgreitt og því hafi þetta verið gert upp á milli þeirra. Minntist hann þess sérstaklega, að hann hafi átt í basli með að gera þetta upp, þegar hinir vildu fá greiðslu vegna vantana. Hafi það yfirleitt verið Þorvaldur, sem hafi átt hér hlut að máli. Það hafi ekki breyst eftir að Geir kom inn í málið. Þorvaldur hafi alltaf tekið við greiðslum utan einu sinni eða tvisvar, að Geir tók við vegna fjarveru Þorvalds. Ákærði kvað það og hafa komið fyrir, að ekki var hægt að fullnægja pöntun strax að einhverju eða öllu leyti, en hann hafi fengið hana greidda og pöntunin hafi síðar verið afgreidd að fullu. Þá sagði hann, að síðari hluta tímabilsins hafi hann farið fram á, að einungis yrðu gerðar heilar falspantanir.

Þegar ákærði Þorvaldur Bergmann Björnsson kom hér fyrir dóm 13. mars 1981, skýrði hann svo frá um tildrög málsins, að á árinu 1976 hafi

maður úr bandaríska varnarliðinu, Capt. John Farell, haft samband við Halldór Magnússon varðandi kostnað, er Halldór hafði greitt vegna björgunar flugvélar varnarliðsins, sem fór út af flugbraut við Mývatn. Kom fram hjá Bandaríkjamanninum, að varnarliðið myndi ekki greiða þennan kostnað og því yrði Halldór að vinna þetta upp á annan hátt.

Ákærði kvað umræddan Farell hafa verið nokkurs konar framkvæmdastjóra varnarliðsins og þar með yfirmaður þeirra Halldórs. Hann hafi flogið umræddri vél greint sinn, þegar óhappið varð. Ákærði kvaðst ekki hafa verið þar með og aðeins hafa vitað af þessu af afspurn. Kvað hann sér hafa verið vel til Farells, enda hafi hann verið Íslendingum, er hjá varnarliðinu störfuðu, hliðhollur.

Í framhaldi þessa hafði Halldór Magnússon samband við ákærða og spurði hann hvaða leiðir þeir gætu fundið til að greiða þennan kostnað. Ákærði man ekki, um hve háa upphæð var hér að ræða. Fljótlega hafi komið upp sú hugmynd hjá þeim Halldóri að ná samkomulagi við Gísla Sigurjónsson um, að pantanir á dekkjum yrðu ekki afgreiddar að fullu, en greitt fyrir þær og fengju þeir mismuninn. Ákærði talaði við Gísla um þetta, en man ekki, hvort Halldór var með í því. Ákærði man ekki nákvæmlega hver fyrstu viðbrögð Gísla voru, en sagði, að hann hefði til-  
tölulega fljótt fallist á þetta. Ekki gat hann tímasett þetta, en sagði, að þetta hefði ekki verið mjög löngu eftir að samningar tókust milli varnarliðsins og Hjólbarðasölnunar.

Síðar komu inn í mál þetta þeir Hrafnkell Óskarsson og Geir Guðmundsson. Hrafnkell hafi líklega komið inn í málið um eða rétt eftir áramót 1976-1977, en Geir líklega í júní 1977. Hafði ákærði samband við þá báða, en hann var yfirmaður Geirs. Hann mundi ekki, hvort Halldór var með honum, er hann ræddi við þá.

Að öðru leyti vísaði ákærði til þess, sem hann áður hafði sagt um aðdraganda þessa máls, en hann sagði, að að minnsta kosti til að byrja með hafi hann verið sá aðili, er skipulagði misferlið.

Um aðferðir við misferlið vildi ákærði vísa til lýsinga sinna í skýrslum hjá RLR. Hann hélt því fram, að einungis hafi verið um að ræða heilar falspantanir, en ekki að vantað hafi í einstakar pantanir. Honum var lesið það, er Gísli Grétar Sigurjónsson hafði sagt fyrir dómi um þetta, og kannaðist hann ekki við, að það væri rétt. Ákærða var nú bent á, að í fyrri yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hafi hann sagt, að á fyrsta samningstímabili hafi verið látið vanta í pantanir. Kvað hann að vera mætti, að þetta hafi verið gert vegna erfiðleika Gísla á að skila pöntunum, en annað mál væri, hvort hér hafi verið um svikapantanir að ræða.

Ákærði var sérstaklega spurður um pantanir, sem hann hefur kvittað fyrir móttöku á, en jafnframt sagt, að hafi ekki legið allar fyrir, þegar

kvittað var. Var hann spurður, hvort honum hafi verið heimilt að kvitta þannig fyrir pöntun án þess að gera sérstaklega grein fyrir því. Strangt tekið sagði hann, að sér hafi ef til vill ekki verið þetta heimilt, en þetta hafi verið gert, þar sem Gísla vantaði fjármagn til að leysa út eða kaupa dekk á almennum markaði. Sagði hann, að úr vöntunum hefði ætíð verið bætt. Tók hann fram í þessu sambandi, að þess hafi verið mörg dæmi, að varnarliðið greiddi vöru, áður en hún var afgreidd, einkum í lok fjárhagsárs, þegar keppikeflið var að eyða öllu fé, sem til ráðstöfunar var.

Ákærði sagði, að í upphafi hafi skipting ágóða verið með þeim hætti, að Gísli hafi fengið 25%, en þeir Halldór skipt hinu á milli sín. Að því er síðari skiptingu varðar kvaðst hann ekki muna hana nú, en vísaði til framburðar síns hjá RLR. Þá sagði ákærði að, að minnsta kosti framan af hafi hann tekið við greiðslunum hjá Gísla, en síðar hafi það verið með ýmsu móti, en auk sín viti hann, að Geir hafi tekið við peningum af Gísla. Hann sagði, að hann hefði alltaf látið þá hina vita um þær pantanir, sem áttu að vera falspantanir, og hann hafi aldrei farið á bak við þá í þeim efnum né látið undir höfuð leggjast að greiða þeim sinn hlut. Varðandi Hrafnkel hafi þetta ekki verið mögulegt, þar sem hann sá um að útbúa kostnaðarliði, sem pantanir urðu að byggjast á. Áður en Hrafnkell kom til sögunnar, var skipulagið öðruvísi og unnt að gera þetta án hans tilverkadar. Að því er varðar Halldór kvaðst ákærði ætíð hafa látið hann fylgjast með, enda hefði hann eflaust frétt frá hinum, ef ákærði hefði leynt hann einhverju. Varðandi Geir þá hafi hann gert allar pantanir, eftir að hann kom inn í málið.

Ákærði kvaðst hafa hætt þátttöku í falspöntunum í febrúar 1978. Þeir hafi ákveðið þetta saman hann og Halldór Magnússon. Þeir hafi ekki rætt þetta við hina ákærðu og hafi þetta aldrei komið til sérstakrar umræðu þeirra á milli. Honum var kynntur framburður Gísla Grétars um, að hann, Geir og Hrafnkell hafi viljað losna út úr þessu og reynt að standa gegn óskum ákærða og Halldórs. Hann kvað þetta í algjörrí mótsögn við raunveruleikann, enda hafi hinir haldið áfram falspöntunum, eftir að þeir Halldór hættu þátttöku.

Þá var ákærði spurður í þessu þinghaldi, hvort eitthvað af hans hlut í sambandi við falspantanir hafi runnið til að greiða kostnað í sambandi við fyrrgreinda björgun flugvélar við Mývatn. Kvaðst hann ekki muna, hvort svo hafi verið.

Fram kom í þinghaldi þessu, að ákærði hafði boðið fram greiðslu bóta af sinni hálfu, gkr. 5.630.158,00. Óskaði hann bókað í því sambandi: „Þrátt fyrir þá fjárhæð sem ég tel mig hafa fengið í tilboði mínu til Arnar Höskuldsssonar er ég ekki sannfærður um að sú upphæð sé rétt. Hún gæti verið lægri. Ástæðan fyrir þessu er sú að þau gögn sem ég hafði til að

vinna úr eru ekki rétt. Það kemur fram töluverður mismunur á milli gagna tollstjóra og lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli gagnvart tollskýrslu sem rannsóknin er byggð á. Eina leiðin sem ég sé til þess að gera mér fulla grein fyrir málinu er sú að varnarliðið leggi fram birgðakostnaðar- og greiðslubókhald í sambandi við málið“.

Ákærði var í tilefni þessarar bókunar spurður að því, hvort hann hafi séð dæmi þess í málinu, að lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli hafi ekki stimplað gögn varðandi sendingar á ótollafgreiddum hjólbörðum. Hann kváðst ekki geta bent á dæmi þess nú, en sig minnti þetta fastlega.

Ákærði Halldór Örn Magnússon skýrði svo frá um upphaf máls þessa hér fyrir dómi 17. mars 1981, að hann hafi rætt við ákærða Þorvald Bergmann um vandræði sín vegna útlagðs kostnaðar í sambandi við óhapp við Mývatn, er flugvél varnarliðsins hlekkstist þar á í landingu sumarið 1976. Ákærði var í þessari flugferð, en hér var um veiðiferð að ræða, og var þar meðal annars með John R. Farell, sem var yfirmaður flotastöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Ekki var unnt að láta greiða þennan kostnað, sem ákærði telur, að hafi numið á milli 4-500.000 krónum, af hálfu varnarliðsins. Farell hafi rætt um þetta við sig og sagt, að ákærði yrði að finna einhverja leið til að fá þetta greitt. Orðrétt sagði hann: „You find a way to take care of it, Halldór“. Ákærði skildi þetta svo, að Farell ætlaðist ekki til, að ákærði greiddi þetta úr eigin vasa, en þetta mætti ekki koma fram í bókhaldi varnarliðsins.

Eftir að ákærði ræddi við Þorvald um þetta, benti Þorvaldur á þá leið, að ef til vill væri unnt að ná samkomulagi við Gísla Grétar Sigurjónsson um, að pantanir yrðu ekki afgreiddar að fullu, en þó greiddar og þeir tækju til sín mismuninn. Þeir hafi orðið ásáttir um að athuga þennan möguleika og hafi Þorvaldur fyrst rætt þetta við Gísla. Hafi hann tekið þessu líklega og í framhaldi þess hafi þeir þrír rætt saman og ákveðið, hvernig standa skyldi að málinu. Þorvaldur átti að sjá um framkvæmdahlíðina á þessu af þeirra hálfu. Fólst hans þáttur einkum í því að útbúa kostnaðarliði, sem réttlættu auknar pantanir á hjólbörðum. Samkomulag varð um að skipta hagnaði þannig, að Gíslu fengi 25%, en þeir Þorvaldur skiptu hinum 75% jafnt á milli sín. Ákærði segir, að í upphafi hafi verið um það rætt, að hér yrði um að ræða heilar pantanir, sem ekki kæmu til afgreiðslu. Í upphafi var þó eitthvað um, að vantaniir á einstaka pantanir hafi verið gerðar upp á milli ákærðu, og telur hann, að þetta hafi vart verið oftast en einu sinni, en síðar verið hætt.

Ákærði sagði, að Þorvaldur hafi sagt sér, þegar nógu mikið lá fyrir til að gera falsþöntun. Minntist hann þess ekki, að hann hafi talað um, að gera þyrfti sérstaklega upp vantaniir, sem orðið hefði á einstökum þöntunum. Hins vegar hafi hann oft rætt við sig um, að erfiðlega gengi að fá

pantanir afgreiddar frá Gísla. Jafnframt var ákærða kunnugt um, að Þorvaldur gekk hart fram í, að pantanir væru afgreiddar að fullu, og tókst það yfirleitt. Heyrði ákærði í því sambandi, að Gíslur þyrfti oft að kaupa hjólbarða á almennum markaði til að geta afgreitt pantanir.

Ákærði sagði þetta hafa byrjað um það bil í október-nóvember 1976. Einhvern tíma síðast á fyrsta samningstímabili hafi orðið kerfisbreyting í framkvæmdadeild, sem hafði það í för með sér, að Þorvaldur gat ekki lengur skrifað út kostnaðarliði. Hrafnkell Óskarsson var á dekkjaverkstæðinu, sem átti nú að skrifa út allar beiðnir. Var því nauðsynlegt, ef halda átti þessu áfram, að fá hann með. Ræddi Þorvaldur um það við hann, og féllst hann á það. Minnr ákærða, að skiptingu ágóða hafi nú verið breytt þannig, að Gíslur fékk 10%, en hinir þrír skiptu með sér 90%. Síðar hafi Geir Guðmundsson komið þarna inn til viðbótar, eftir að hann tók við starfi Þorvalds, og fékk hann þá líka hluta af 90%.

Ákærði kvaðst aldrei hafa orðið var við, að Þorvaldur hafi farið á bak við þá hina í sambandi við falspantanir eða skiptingu ágóða, og taldi hann sig ekki hafa ástæðu til að ætla, að hann hefði gert það.

Ákærði kvað þá Þorvald hafa byrjað að tala um, að þeir þyrftu að fara að hætta þessu, um það leyti sem Geir tók við af Þorvaldi. Þeim hafi hins vegar þótt rétt að halda eitthvað áfram með tilliti til þess m.a., að Geir hafi ef til vill haft einhvern grun um, hvað var á seyði, áður en hann kom í þetta starf, og því rétt að hafa hann með. Á síðari hluta árs 1977 hafi þeir svo í alvöru talað um að hætta. Kvaðst ákærði hafa rætt þetta bæði við Þorvald og Gísla, en ekki rætt við hina beint, hvorki um þetta né annað í sambandi við þessi mál. Hins vegar taldi hann, að Þorvaldur mundi ræða þetta við þá. Ákærði kannast ekki við neinn þrýsting af sinni hálfu eða Þorvalds á hina um að halda áfram.

Ákærði sagði, að hann og Þorvaldur Bergmann hafi nú í sameiningu farið yfir ákæru í málinu og hafi þeir komist að sömu niðurstöðu í sambandi við þeirra hlut, þ.e. að í hlut hvors um sig hafi komið nálægt gömlum krónum 5.630.159,00.

Þegar ákærði Hrafnkell Óskarsson kom hér fyrir dóm 6. apríl 1981, sagði hann, að upphaf máls þessa að því er hann varðaði hafi verið það, að ákærði Þorvaldur Bergmann hafi minnst á það við sig, líklega einhvern tíma á tímabilinu apríl-maí 1977, hvort hann þyrfti ekki að fá einhvern aukapening. Hafi Þorvaldur í þessu sambandi sagt, að hann gæti látið ákærða fá einhverja peninga út á það, að ákærði, sem starfaði í viðhaldsdeild varnarliðsins, skrifaði út fleiri dekk en raunverulega voru notuð. Ákærða var bent á, að Þorvaldur fullyrti, að hann hefði rætt þetta við ákærða fyrir jól 1976, en ákærði hafnaði því með öllu.

Ákærði mundi, að fljótlega hafi komið fram, að með Þorvaldi í þessu var ákærði Halldór Örn, og enn síðar frétti hann, að ákærði Gísli Grétar væri með í þessu.

Ákærði sagði, að eftir að Þorvaldur hafi talað við sig um þetta, hafi hann fallist á að gera þetta og upp úr því hafi hann byrjað á að skrifa út fleiri dekk en raunverulega voru notuð. Útfyllti ákærði sérstök eyðublöð um notkun á hvern bíl. Hér var um það að ræða, að raunverulega voru sett notuð dekk undir bílana, en þau skrifuð út sem ný á eyðublöðin. Þessi eyðublöð voru síðan afhent Þorvaldi sem pöntun á nýjum dekkjum. Við þetta jókst notkun á dekkjum hjá viðhaldsdeildinni. Hann var spurður um það, hvort skipulagsbreyting hafi orðið hjá viðhaldsdeild um það leyti sem hann kom inn í þetta. Kvað hann svo ekki hafa verið að öðru leyti en því, að nokkru áður hafi verið tekin í notkun tölva, sem mötuð var á öllum upplýsingum um varahluti á öll tæki, þar á meðal um hjólbarða. Sagði hann, að áður en þetta kom til, hafi Þorvaldur getað skrifað út dekk á bíla. Í raun hafi hann getað þetta líka, eftir að tölvan kom, en það hafi þó verið örðugra, þar sem hann hafi orðið að velja ákveðin tæki, sem nota ætti dekkinn á, vegna þeirra upplýsinga, sem tölvan geymdi. Hann hafi ekki haft aðgang að tölvunni.

Ákærði kvað það ekki standast, að þessi svik hefðu ekki getað átt sér stað án síns tilverknaðar, eftir að hann kom inn í málið. Taldi hann, að þetta hafi einnig farið fram á þann veg, að Þorvaldur hafi hækkað upp verð á dekkjum, og einnig hafi birgðadeild afgreitt dekk til annarra en viðhaldsdeildar. Bæði Þorvaldur og Geir hafi sagt sér, að þetta væri gert, en hann kvaðst sjálfur enga aðstöðu hafa haft til að fylgjast með þessu. Taldi hann, að eftir að hann kom inn í þetta, hafi vegið þyngra í þessu sambandi það, sem hann skrifaði út umfram raunverulega notkun á nýjum dekkjum.

Ákærði kvaðst lítið hafa vitað í upphafi um falspantanir eða hvernig þær voru gerðar, en eftir að Geir kom inn í málið, hafi hann meira vitað um þetta. Hafi þá alltaf verið um að ræða heilar falspantanir, en hann vissi ekki til, að vantanir á einstaka pantanir kæmu til skiptingar milli ákærðu. Þá sagði ákærði, að Þorvaldur hafi í upphafi ekki talað um neina sérstaka skiptingu ágóða, heldur hafi hann sagt, að ákærði gæti haft 1-200.000 krónur upp úr þessu á mánuði. Þorvaldur hafi yfirleitt komið með peninga til sín í lokuðu umslagi, en eftir að Geir byrjaði í þessu, hafi hann greitt ákærða. Hafi þá verið ákveðin jöfn skipting milli allra ákærðu að því er ákærði vissi best.

Ákærði kvaðst ekki hafa haft neina vitneskju um, hvort hinir ákærðu stóðu í einhverju frekara atferli en hann hafði ágóða af, enda hafi hann ekki haft aðstöðu til þess að fylgjast með því. Eftir að Geir kom, hafi hann hins vegar fylgst betur með og hafi þeir talið sig verða þess vísari, að hinir

ákærðu hafi farið á bak við þá með eina pöntun. Hafi hér verið um að ræða pöntun KS11 á öðru samningstímabili, en Geir hafi orðið þessa áskynja, er hann fékk afrit pöntunarinnar í hendur, að hún væri hærri en ágóðahlutur þeirra sagði til um.

Þá sagði ákærði, að þeir Geir hafi farið að tala um það sín á milli um eða eftir áramótin 1977-1978 að hætta í þessu. Þeir hafi þó haldið eitthvað áfram fram á vor. Í maí kvaðst ákærði hafa farið í annað starf, m.a. vegna taugaspennu, er þessu fylgdi. Sagði hann, að eftir að hann hætti hafi Geir tjáð sér, að safnast hafi upphæð vegna upphækkunar á verði dekkja, er hann hefði framkvæmt, og þyrfti að slétta út þennan mismun. Varð það úr, að gerð var falspöntun til að eyða honum, og nutu þeir tveir ágóða af henni auk Gísla Grétars. Var þetta pöntun KS02 á þriðja samningstímabili.

Aðspurður sagði ákærði, að hann hefði ekki orðið fyrir neinum sérstökum þrýstingi frá Þorvaldi eða Halldóri um að halda áfram lengur en ákærði ætlaði.

Að lokum taldi ákærði, að töluleg niðurstaða ákæru standist ekki að því er hann varði. Kom fram hjá honum, að í viðræðum við lögmann varnarliðsins hefði hann gengið út frá því, að sinn hlutur hefði numið 4,2 milljónum gkr.

Ákærði Geir Guðmundsson kom fyrir dóm vegna máls þessa 7. apríl 1981. Skýrði hann þar svo frá, að ákærði Þorvaldur Bergmann hefði rætt við sig í júní eða júlí 1977 um, að ákærði tæki þátt í falspöntunum á hjólbörðum til varnarliðsins, en ákærði hafði þá fyrir um það bil mánuði tekið við starfi Þorvalds í birgðadeild. Kom fram hjá Þorvaldi, að hann hefði staðið að slíku í einhvern tíma ásamt ákærðu Halldóri, Gísla og Hrafnkeli. Þorvaldur tjáði ákærða, að hans hlutverk ætti að vera að hækka upp verð á hjólbörðum, sem teknir voru til notkunar, og panta síðan fyrir mismuninn, og komu slíkar pantanir ekki til afgreiðslu. Ákærði kveðst hafa verið lausráðinn í þessu starfi í fyrstu og hann hafi talið, að framtíðarráðning sín réðist af afstöðu Þorvalds og Halldórs til sín, en þeir voru yfirmenn hans. Kvaðst hann því hafa orðið við tilmælum Þorvalds.

Ákærði kvað Þorvald hafa sagt sér, að skipting ágóða yrði jöfn milli allra aðilja. Sagði hann, að í upphafi hafi Þorvaldur ætíð tekið á móti peningum hjá Gísla og skipt þeim, en síðan hafi ákærði gert þetta. Sagðist ákærði fyrst hafa fengið ágóða af falspöntun í september 1977 og hafi hér verið um að ræða pöntun, sem Þorvaldur hafi verið búinn að safna upp í að hluta, á meðan hann var í starfi. Þá sagði ákærði, að eftir að hann kom inn í þetta, hafi einungis verið um það að ræða, að hann hafi fengið ágóða af heilum falspöntunum. Kannast hann ekki við, að gerðar hafi verið upp sem ágóði milli ákærðu vantánir á pöntunum. Sagði hann, að það hafi

stundum skeð, að kvittað hafi verið á pöntun, þótt hún hafi ekki verið afgreidd að fullu. Hafi þetta verið gert til að Gísli fengi fé til að leysa út það, sem á vantaði. Heimild hafi ekki verið til þessa. Stundum hafi það skeð, að Gísli hefði orðið að kaupa hjólbarða á almennum markaði til að fullnægja pöntunum.

Ákærði taldi, að til lengdar hefði ekki verið unnt að fara á bak við hann með falspantanir. Þorvaldur hafi reynt þetta í sambandi við pöntun nr. KS11, þar sem hann hafði hana stærri en ákærða var í upphafi ljóst, en ákærði komst að þessu síðar, er hann nálgadist afrit af pöntunum. Hann sagði, að Þorvaldur hefði yfirleitt gert pantanirnar eftir tölum, sem ákærði gaf honum upp, en ákærði hafi þó sjálfur gert pantanir undir lokin.

Ákærði kvaðst oft hafa rætt þessi mál við Hrafnkel, en hans hlutverk hafi verið að skrifa beiðnir, sem pantanir yrðu að byggjast á, en áður, á fyrsta samningstímabilinu, hafi slíkt ekki verið nauðsynlegt. Ákærði telur, að þáttur Hrafnkels hafi verið nauðsynlegur, til að unnt væri að gera falspantanir í einhverjum mæli.

Ákærði segir, að þeir þrír, þ.e. hann, Hrafnkell og Gísli, hafi fljótlega á árinu 1978 farið að ræða saman um að hætta þessu. Hafi þeir orðið sammála um að hætta þessu, er þriðja samningstímabil hæfist, og hafi hann sagt Þorvaldi þetta í apríl eða maí. Þorvaldur hafi tekið þessu vel. Ákærði minnst þess ekki, að hann hafi þurft að færast undan beiðnum frá Þorvaldi og Halldóri í þessu sambandi, en hann segir, að þeir hafi oft rætt við Gísla.

Þegar öðru samningstímabili var lokið, hafði safnast upp nokkur upphæð, sem þurfti að jafna út. Hann, Gísli og Hrafnkell voru sammála um að búa hér út falspöntun, og gerðu þeir það án vitundar Þorvalds og Halldórs, enda töldu þeir Hrafnkell sig vera að vinna upp það, sem Þorvaldur hafði haft af þeim í sambandi við pöntun nr. KS11.

Ákærði mótmælti tölulegri niðurstöðu ákæru að því er hann varðar. Kom fram hjá honum, að hann hefði boðið fram allt að 2,5 millj. gkr. í viðræðum við lögmann tjónþola.

Fram fór samprófun milli ákærðu vegna misræmis í framburðum. Þannig voru ákærðu Þorvaldur og Gísli samprófaðir vegna misræmis í framburðum varðandi heilar pantanir og vantanir, sem Gísli taldi, að hefðu komið til skipta. Hélt hvor fast við sinn framburð. Ákærða Þorvaldi var bent á framburð hans hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 16. desember 1978, sem staðfestur var fyrir dómi 17. sama mánaðar, þar sem segir, að í upphafi hafi bæði verið látið vanta í pantanir og heilar pantanir falsaðar. Kvaðst hann hér hafa átt við, að látið hafi verið vanta í eina eða tvær pantanir í upphafi. Gísli hélt hins vegar fram, að látið hafi verið vanta í pantanir alveg fram á síðasta samningstímabilið. Leiddi samprófun ekki til frekara samræmis.

Pálína Magnúsdóttir skrifstofustúlka, sem starfaði hjá birgðadeild varnarliðsins, sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 29. janúar 1979, að starf hennar væri aðallega fólgið í því að yfirfara reikninga og koma þeim til greiðslu. Um pantanir þær, sem hér er um að ræða, sagði hún, að þær væru gerðar í 8 eintökum. Einu eintaki, nr. 4, hafi hún haldið eftir á sérstökum stað. Varðandi það, að nafnritun sín sé á sumum þeim pöntunaryðublöðum, sem liggja frammi í málinu, þá kvað hún skýringu þess þá, að þar væri um að ræða afrit nr. 1. Hins vegar kæmi eintak nr. 4 undirritað af þeim, sem móttækur vörurnar, og er jafnframt kvittun viðkomandi fyrir því, að pöntunin megi greiðast.

Þegar rannsókn hófst í máli þessu varðandi hjólbarðana, sagði Pálína, að horfið hefðu úr skjalaskáp öll eintök nr. 4 fyrir árið 1978 varðandi viðskipti Hjólbarðasölnunnar, en ekkert annað, þótt svo að fjöldi annarra gagna varðandi önnur fyrirtæki væru á þessum stað. Blöð þessi hafi ekki enn komið fram eða nein skýring fengist á hvarfi þeirra og hljóti þeim að hafa verið stolið. Varðandi það, hver hafi kvittað á umrædd eintök nr. 4, þá kvað hún Þorvald Björnsson hafa kvittað á öll eintökin nema í einu tilviki, að Geir Guðmundsson hefði gert það.

Pálína kom hér fyrir dóm 28. apríl 1981. Kvaðst hún hafa starfað hjá birgðadeild varnarliðsins frá því í október 1975. Hún hafi starfað fyrst hjá innkaupadeild, en síðar hafi hún verið flutt í aðra deild og hafi það verið líklega í byrjun árs 1977, sem hún mundi þó ekki með vissu. Starf hennar var fólgið í að yfirfara reikninga, bera þá saman við samninga og athuga, hvort varan væri komin, en síðan að koma þeim til greiðslu. Hún sagði, að þegar reikningar komu frá Hjólbarðasölnunni, hafi Þorvaldur yfirleitt komið með þá. Tók vitnið þá til samning eða pöntun varðandi viðkomandi sendingu, og lét hún viðkomandi, sem átti að sjá um móttöku vörunnar, kvitta á afrit nr. 4 til staðfestingar því, að varan væri komin, og var sá ábyrgur fyrir að varan væri komin. Í fyrstu hafi það verið Þorvaldur, sem hafi kvittað á afrit nr. 4, en síðar Geir Guðmundsson. Sérstaklega aðspurð sagðist hún ekki þora að fullyrða neitt um það nú, hvort Þorvaldur kynni að hafa kvittað stundum fyrir Geir, eftir að hinn síðarnefndi tók við af honum. Eftir að kvittun lá fyrir á afriti 4, kvittaði hún sjálf á afrit 1 og sendi það ásamt reikningi til gjaldkera til greiðslu. Þá sendi hún afrit 6 ásamt beiðni til eftirlits „controllers“. Afrit 4 setti hún síðan í sérstaka skúffu ásamt ljósriti reiknings í möppu, sem var stimulduð „completed“. Hún kvðast aldrei hafa vitað til né heyrt um, að kvittað væri fyrir móttöku pöntunar, sem ekki væri komin að einhverju eða öllu leyti.

Nokkru áður en Pálína fregnaði af rannsókn máls þessa, hurfu úr ofangreindri skúffu öll afrit nr. 4 fyrir ákveðið tímabil, og jafnframt hurfu ljós-

ritin af reikningunum, sem voru með í möppu. Henni datt Þorvaldur strax í hug í þessu sambandi og spurði hann, hvort hann hefði tekið þetta, en hann neitaði því. Hún sagði, að Þorvaldur hefði vitað, hvar þessar möppur voru geymdar, og jafnframt hafi hann getað komist í skrifstofuna eftir vinnutíma, þar sem hún var opin og hurðarlaus. Ákærði Halldór gæti einnig haft aðgang að skrifstofunni.

Ólafur Gíslason aðstoðardeildarstjóri, sem var innkaupastjóri hjá birgðadeild varnarliðsins, hefur borið hér fyrir dómi, að hlutverk sitt hafi verið að staðfesta pantanir, sem gerðar voru eftir beiðnum, er bærust frá yfirmanni „Shop store three“, en sá hafi metið þörf fyrir hjólbarða á hverjum tíma og hafði í því frjálsar hendur. Gegndi ákærði Þorvaldur og síðar Geir þessu starfi. Taldi vitnið, að Þorvaldur hafi stundum útbúið pantanir, eftir að Geir tók við starfi, enda hafi hann verið yfirmaður hans. Vitnið kvað þá Þorvald og Geir ekki hafa haft heimild til að kvitta fyrir öðrum vörum en þeim, sem voru komnar.

Þegar Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögreglu maður var að yfirfara gögn, sem Gísli Grétar Sigurjónsson hafði afhent rannsóknarlögreglunni vegna viðskipta Hjólbarðasögunnar við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli, fann hann inni í einu pöntunarblaðinu tvo bréfmíða, að því er virðist úr vasabók sem á voru skrifaðir ýmsir tölustafir, og virtist þarna vera um að ræða ákveðin pöntunarnúmer. Ákærði Gísli Grétar hefur sagt varðandi þessa míða, að ákærði Þorvaldur hafi látið sig hafa þá, rétt áður en rannsókn hófst á þessu máli, og beðið sig um að stinga undan úr bókhaldinu hjá sér þeim pöntunum varðandi hjólbarðasölu til hersins, sem skráð væru á míða þessa. Var þarna um að ræða pantanir nr. 0021-0026 og KS24-KS32. Átti ákærði Gísli að koma þessum pöntunum undan, þegar farið væri að rannsaka með flutning á hjólbörðum til varnarliðsins. Kvaðst hann hafa látið ákærða Halldór hafa þessar pantanir, þar sem hann, þ.e. Gísli, væri að fara utan um þetta leyti. Kvaðst hann hafa hitt Halldór af tilviljun og sagt honum, að Þorvaldur hafi verið að biðja sig um að koma þessum pöntunum undan. Halldór hafi tekið þær til geymslu, en þegar rannsókn á máli þessu hófst, kvaðst hann hafa beðið Halldór um pantanirnar aftur til að geta borið þær saman við bókhaldið hjá sér og hafi Halldór gert það.

Geir Guðmundsson skýrði svo frá við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 20. febrúar 1979, að eftir að rannsókn hófst á þessu máli af hálfu hersins á Keflavíkurflugvelli, hafi ákærði Þorvaldur spurt sig, hvar afrit nr. 4 varðandi pantanir á hjólbörðum væru geymd. Þorvaldur hafi verið með einhverjar ráðagerðir með að koma undan hluta af þessum pöntunum til að spilla eða torvelda rannsókn. Geir vissi, hvar þessar pantanir voru, og tjáði Þorvaldi það, en pantanirnar voru í vörslu Pálínu Magnúsdóttur. Geir kvað Þorvald síðar hafa sagt sér, að ákærði Halldór hafi náð í hluta af þessum

afritum nr. 4 og látið sig hafa og hafi hann komið þeim undan. Sagði Þorvaldur Geir, að hann hefði sett þessi afrit í öskutunnu í Keflavík.

Hér fyrir dómi sagði ákærði, að hann hefði haft veður af því, er yfirmenn birgðadeildar voru að yfirfara gögn varðandi hjólbarðakaup og notkun. Um það leyti hafi ákærði Þorvaldur spurt sig, hvar afrit nr. 4 af pöntuninum væru geymd, en það væri í skrifstofu birgðadeildar. Þorvaldur hafi sagt sér síðar, að þessi afrit hafi verið fjarlægð og afrit af útskriftum, og minnir hann fastlega, að hann hafi sagt, að Halldór hafi náð í þessi gögn, enda hafði Þorvaldur ekki aðgang að skrifstofum né ákærði.

Ákærði Halldór sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 20. febrúar 1979, að hann vissi ekkert um það, að eitthvað af afritum nr. 4 af pöntunum varðandi kaup á hjólbörðum hefðu horfið frá birgðadeild. Gæti hann heldur ekki séð, hvaða tilgangi það hefði átt að þjóna að koma þessum pöntunum undan.

23. febrúar 1979 var ákærði yfirheyrður aftur hjá rannsóknarlögreglu, og var honum þá kynntur framburður Gísla Grétars um þetta mál. Kvað hann það þá rétt, sem Gísli segði, að hann hefði afhent sér nokkrar pantanir og bedið sig að geyma þær, á meðan hann væri erlendis, því hann hafi verið að fara utan um þetta leyti. Vissi ákærði ekki, hverjar pantanir þetta voru og heldur ekki í hvaða tilgangi Gísli væri að biðja hann um að geyma þessar pantanir, nema hvað hann orðaði það eitthvað á þá leið, að hann vildi ekki láta þær liggja á glámbekk, meðan hann væri erlendis. Í því sambandi vildi hann geta þess, að þeir höfðu grun um, að verið væri að rannsaka þetta dekkjamál. Ákærði mundi ekki sérstaklega eftir því, að Gísli hafi sagt honum, að hann væri að þessu vegna þess, að Þorvaldur hefði bedið hann um það. Hann gæti þó hafa sagt það við sig, en honum fyndist það þó ólíklegt. Mundi ákærði, að hann hefði sagt Þorvaldi af þessu, en mundi ekki eftir neinum sérstökum viðbrögðum hjá Þorvaldi í þessu sambandi og ekki hafi hann bedið um að fá að sjá þessar pantanir. Aftur á móti hafi Þorvaldur minnst á það um svipað leyti að koma undan gögnum varðandi pantanir og sölu á dekkjum hjá „Shop store three“. Taldi ákærði Halldór þetta fráleita hugmynd og varð ekkert frekar úr þessu. Eins kveðst hann mundu hafa sagt Þorvaldi, að það væri fráleit hugmynd að stela eða koma undan afriti nr. 4, þar sem það þjónaði engum tilgangi, enda minnstist Þorvaldur aldrei á að koma þeim pöntunum undan.

Hér fyrir dómi sagði þessi ákærði, að hann hefði ekki átt neinn þátt í að fjarlægja gögn í sambandi við mál þetta né minnst hann þess að hafa rætt þetta við Þorvald eða hina. Var honum nú bent á, að hann hefði borið það við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 23. febrúar 1979, að Þorvaldur hafi minnst á þetta við sig. Kvað hann þetta geta verið, þótt hann myndi

það ekki nú, en hann hafi talið þetta fráleita hugmynd. Hann kvaðst ekki hafa haft aðgang að skrifstofu þeirri, er geymdi gögn varðandi þetta mál.

Ákærði Þorvaldur Bergmann sagði við yfirheyrslu 20. febrúar 1979 um þetta atriði, að hann hefði enga hugmynd um, að hluti bókhalds í birgðadeild hersins hefði horfið og hefði hann hvergi komið nærri því að koma gögnum undan. Hafi hann enda ekki vitað, hvar þessi gögn voru geymd. Tók hann fram, að bókhald hjá varnarliðinu væri ekki vel ábyggilegt, enda hefði hann alloft sjálfur rekið sig á, að bókhaldsgögn, sem hann hefði þurft á að halda, hafi verið glötuð.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 23. febrúar 1979 var ákærða kynntur framburður Gísla Grétars Sigurjónssonar varðandi það, að ákærði hafi fengið honum tvo bréfmiða með númerum pantana, sem hann hafi verið beðinn um að halda undan. Neitaði ákærði þessu algerlega og ítrekaði, að hann hefði engin tók á að nálgast umrædda pappíra. Einnig var honum kynntur framburður Geirs Guðmundssonar í málinu um, að ákærði hafi verið með ráðagerðir um að koma undan hluta af þessum pöntunarförum og spurt Geir, hvar afrit af pöntunum á hjólbörðum væru geymdar. Hann kannaðist við að hafa spurt Geir Guðmundsson, hvar afrit nr. 4. væru geymd, en neitaði hins vegar að hafa talað um það við Geir, að Halldór hafi tekið hluta af afritum nr. 4 og hann sjálfur síðan sett þau í öskutunnu í Keflavík. Tók hann fram, að það hefði ekki haft neinn tilgang að koma þessum afritum undan. Hann var spurður, hvers vegna hann hafi verið að spyrja Geir um, hvar afrit nr. 4 væru geymd. Hafi það verið vegna þess, að um það hafi verið talað milli þeirra Geirs og Halldórs og sín að koma þessum gögnum undan, en hins vegar hafi það aldrei verið gert, þar sem þeir sáu, að það myndi ekki hafa neinn tilgang, og eins hafi þeir ekki haft nein tók á að komast að þessum gögnum.

Hér fyrir dómi hafnaði ákærði því með öllu við yfirheyrslu að hafa fjarlæggt nokkur gögn varðandi mál þetta. Mótmælti hann því einnig, að hann hafi rætt það við aðra ákærða, um það leyti er rannsóknin var að hefjast í málinu, að fjarlægja þyrfti ákveðin gögn. Sagði hann, að nokkru áður en rannsókn rannsóknarlögreglu hófst í máli þessu, hafi hann haft óljóst veður af einhverri athugun á vegum framkvæmdadeildar hersins, en ekki vitað, að hverju hún beindist. Sagði hann, að hann hefði ekki haft aðgang að skjölum í skrifstofu, sem var í sama húsi og starfsstofa hans. Skrifstofan hafi ekki verið læst sérstaklega, en hins vegar hafi jafnan verið vörður við húsið eftir venjulegan vinnutíma. Ákærði kvaðst stundum hafa verið þarna við vinnu eftir venjulegan vinnutíma.

Að því er varðaði miða þá, sem ákærði Gísli kvað Þorvald hafa afhent sér í þessu sambandi, þar sem tilgreind voru nefnd pöntunarnúmer, þá voru þeir sendir til athugunar hjá Maríu Bergmann rithandarsérfræðingi. Var

það niðurstaða hennar, að skrift á umræddum miðum væri ekki skrift ákærða Þorvalds Bergmanns.

Á meðan á meðferð máls þessa stóð, óskaði dómari eftir því við rannsóknarlögreglu ríkisins, að athugað yrði nánar hjá rannsóknarlögreglu Bandaríkjahers á Keflavíkurlugvelli, hvort fleiri gögn kynnu ekki að vera fyrir hendi en lögð hefðu verið fram. Í skýrslu, dagsettri 6/5 1981, er Guðmundur Guðjónsson lögreglumaður gerði um athugun af þessu tilefni, segir, að í möppum þeim, sem rannsóknarlögregla hersins hafði, hafi ekki verið gögn varðandi pantanir 0020-0026 á fyrsta samningstímabilinu né pantanir KS23-32 á öðru samningstímabilinu. Hins vegar hafi verið laus ljósrit í kassa af afriti nr. 4 yfir allt annað samningstímabilið og þar á meðal af afriti nr. 4 varðandi pantanir KS23-32, sem rannsóknarlögregla ríkisins hafði ekki fengið ljósrit af, þegar rannsókn málsins fór fram þar. Hafði rannsóknarlögregla hersins tjáð rannsóknarlögreglu ríkisins, að gögn þessi væru glötuð. Fékk rannsóknarlögreglan nú afhent ljósrit af þessum gögnum, og voru þau lögð fram í máli þessu. Hins vegar fundust engin afrit nr. 4 varðandi pantanir 0020-0026 á fyrsta samningstímabili.

Rannsóknarlögregla ríkisins gerði athugun í sambandi við framburði ákærðu Halldórs og Þorvalds varðandi kostnað vegna flugvélaróhapps við Mývatn, sem verið hefði tilefni þess, að þeir hófu umrædda svikastarfsemi. Kom í ljós, að hótélreikningur vegna dvalar áhafnar umræddrar flugvélar og björgunarmanna nam u.þ.b. 200.000 krónum, og var það í samræmi við frásögn Halldórs. Þá bar Halldór, að hann hefði greitt einhverjum verk-taka u.þ.b. 500 þúsund krónur, en hann mundi ekki, hver verktakinn var. Rannsóknarlögreglan fékk upplýsingar um, að hér hefði verið um Miðfell hf. að ræða, og fékk þaðan ljósrit af reikningi, stíluðum á varnarliðið, dags. 29.6. 1976, að fjárhæð kr. 253.180. Var hann greiddur 8.10. 1976. Samkvæmt upplýsingum frá varnarliðinu var enginn slíkur reikningur greiddur af því.

Ákærði Halldór sagði, er honum var sýndur umræddur reikningur, að sig hefði minnt, að hann hefði verið hærri. Taldi hann, að hann hefði einn-ig greitt öðrum verktaka, þótt hann gæti ekki sagt hvaða aðili það væri.

## V.

Í málinu liggja frammi bréf Guðna Jónssonar forstjóra starfsmannahalds varnarliðsins, varðandi starfsferil og starfs svið þeirra fjögurra ákærðu, er störfuðu hjá varnarliðinu. Verður hér rakið það helsta, sem þar kemur fram.

Ákærði Þorvaldur var fyrst ráðinn til varnarliðsins 29. september 1966 sem skrifstofumaður við birgðahald. Vinnustaður var söluútibú nr. 3 (Shop store 3, Supply Department). Var hann gerður að deildarstjóra útibúsins

5. nóvember 1967. Hinn 24. júlí 1977 tók hann við nýju starfi sem aðstoðaryfirmaður birgða- og vörudeildar birgðastofnunar varnarliðsins. Í því starfi hafði hann m.a. á hendi yfirstjórn söludeildar og flutningadeildar. Framangreint söluútibú nr. 3 er ein af fjórum undirdeildum söludeildar.

Ákærði Geir var fyrst ráðinn til varnarliðsins 18. júní 1975 sem skrifstofumaður við birgðahald. Hinn 11. júlí 1976 (á skv. eigin framburði ákærða að vera 1977) var hann gerður að deildarstjóra útibúsins, en í þjálfun og undir handleiðslu yfirmanns síns, ákærða Þorvalds. Hinn 18. september 1977 var þjálfun hans talið lokið, og tók hann þá algerlega við rekstri útibúsins, en ákærði Þorvaldur var áfram yfirmaður hans.

Ákærði Halldór var fyrst ráðinn til varnarliðsins 12. september 1960 sem skrifstofumaður í birgðastofnun varnarliðsins. Frá 23. júlí 1972 gegndi Halldór starfi aðstoðarforstjóra birgðastofnunarinnar og gegndi starfi forstjóra í fráveru hans. Einnig gegndi hann áfram starfi sem umsýslu- og áætlanastjóri stofnunarinnar. Hafði hann yfirmumsjón með öllum deildum birgðastofnunarinnar og bein mannaforráð yfir rúmlega 100 borgaralegum starfsmönnum og nærri 200 hermönnum, er við birgðastofnunina störfuðu. Á árinu 1977 var Halldóri vikið til hliðar í stjórnunardejju birgðastofnunar, að því er best verður skilið vegna áfengisvandamáls, og var hann þá gerður að sérstökum ráðgjafa forstjóra stofnunarinnar. Ekki kemur fram, hvenær á árinu þetta gerðist.

Ákærði Hrafnkell var fyrst ráðinn til starfa hjá varnarliðinu 24. maí 1962 sem viðgerðarmaður oliukynditæka. Gegndi hann síðan störfum sem bifreiðarstjóri, en hinn 9. febrúar 1964 varð hann afgreiðslumaður bifreiðastöðvar flutningadeildar. Hann hætti störfum hjá varnarliðinu 20. maí 1966, en var ráðinn aftur í sama starf 10. október 1967. 18. mars 1973 fékk hann stöðuhækkun og varð verkstjóri hjólbarðaverkstæðis varnarliðsins. Hinn 21. maí 1978 fékk hann að eigin ósk bráðabirgðafærslu í starf bifreiðarstjóra (sumarstarf). 1. október 1978 hvarf hann aftur til síns fyrra starfs sem verkstjóri.

Ákærðu var öllum vikið úr störfum sínum hjá varnarliðinu hinn 13. desember 1978 vegna máls þessa.

## VI.

Hér að framan hefur verið rakið það, sem fram hefur komið almennt við rannsókn og meðferð málsins og máli þykir skipta við úrlausn þess.

Rétt þykir á þessu stigi málsins að greina frá frávisunarkröfum verjenda ákærðu í málinu, sem fram komu í munnlegum vörnum þeirra, og taka afstöðu til þeirra.

Verjendur byggja frávisunarkröfur sínar á því að ákæra í málinu sé gölluð. Þar sé um að ræða lýsingu á atferli, sem ekki sé í samræmi við

gögn málsins. Er þar m.a. tilfært, að í ákæru sé tilgreint, að ákærði Halldór Örn hafi átt þátt í rangfærslu á gögnum og annast viðskipti af hálfu varnarliðsins, en hvorugu sé til að dreifa. Einnig sé um það að ræða, að ákærðu Þorvaldur Bergmann og Halldór Örn séu ákærðir fyrir atferli, sem greinilegt sé af gögnum málsins og öllum ákærðu beri saman um, að þeir eigi ekki hlut að, og er þar átt við þriðja samningstímabil. Sömuleiðis sé ákærði Gísli Grétar ákærður fyrir svik varðandi tvær síðustu pantanir á þriðja samningstímabili, þótt greinilegt sé af gögnum málsins, að þar sé ekki um svik að ræða. Einnig megi benda á tölulegar villur í ákæru, sem beri vott um hroðvirknisleg vinnubrögð ákæruvaldsins.

Fallast má á það með verjendum, að nokkurrar ónákvæmni gæti í ákær-  
unni í málinu. Hins vegar verður ekki séð, að annmarkar þessir séu þess  
eðlis, að komi í veg fyrir, að efnisdómur verði lagður á málið, né að það  
hafi hindrað verjendur í að halda uppi eðlilegum efnislegum vörnum í því.  
Verður frávisunarkröfu þeirra því hafnað.

## VII.

Áður en fjallað verður um einstaka liði ákæru og afstaða tekin til þeirra,  
þykir dómara rétt að láta eftirfarandi koma fram, sem haft verður í huga  
við mat á gögnum og framburðum.

Eins og áður hefur komið fram, byggist rannsókn máls þessa fyrst og  
fremst á öflun gagna af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins, annars vegar frá  
íslenskum aðiljum, þ.e. tollstjóranum í Reykjavík, Ríkisendurskoðun og  
tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli, svo og frá ákærða Gísla og hins vegar  
frá varnarliðinu. Af hálfu varnarliðsins lágu ekki fyrir gögn, er gáfu til  
kynna, hvaða einstakar pantanir hefðu verið sviknar út til greiðslu að öllu  
eða einhverju leyti. Visbending um slíkt fékkst við samanburð á ofangreind-  
um gögnum af hálfu rannsóknarlögreglunnar.

Gögn þau, sem rannsóknarlögregla ríkisins hefur aflað um flutninga á  
tollfrjálsum hjólbörðum og slöngum til varnarliðsins, verða að teljast tæm-  
andi heimildir um þau efni. Hefur ákærði Gísli lýst því yfir, að þessum  
gögnum beri í öllu saman við sambærileg gögn hans, sem hafi verið haldið  
vel til haga, og hefur Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögreglumaður  
staðfest það. Verður hér á því byggt. Á hinn bóginn ber að hafa í huga  
möguleika á flutningum á tollafgreiddum vörum til varnarliðsins til að full-  
nægja pöntunum, bæði af lager ákærða Gísla og vegna kaupa á almennum  
markaði. Ákærði Gísli kveðst yfirleitt hafa haldið gögnum yfir kaup á al-  
mennum markaði til haga, en einstöku kunni þó að hafa glatast. Hefur  
hann í sumum tilvikum lagt fram slík gögn varðandi þær pantanir, sem  
hér er ákært fyrir.

Það skal nefnt hér, að pantanir til fyrirtækis ákærða Gísla yfir sammings-

tímabilin þrjú voru 64. Ákært er hér vegna 30 pantana, og hefur ákæruvaldið því ekki séð ástæðu til aðgerða gagnvart 34 pöntunum. Rannsókn RLR ber með sér, að samkvæmt tollpappírnum, sem aflað var, voru 25 þessara pantana afgreiddar að fullu. Í 9 þeirra vantaði nokkuð, en ákærði Gísli taldi, að það hefði hann afgreitt af lager eða með kaupum á almennum markaði. Lagði hann fram gögn í 5 þessara tilvika þessu til stuðnings.

Við mat á framburðum ber að hafa í huga, að framburðir ákærðu Halldórs og Þorvalds hafa að ýmsu leyti breyst hér fyrir dómi frá því, sem þeir báru við rannsókn málsins og staðfestu reyndar þá að hluta fyrir dómi. Á þetta sérstaklega við um framburði varðandi vantaniir á einstaka pantanir, en einnig um fleira. Bera framburðirnir nú ýmis merki þess, að ákærðu hafi samræmt sig, og er það beinlínis yfirlýst af Halldóri, að svo sé.

Rétt þykir og að láta hér koma fram það mat dómarans, að ákærði Þorvaldur hljóti að teljast miðpunktur í umræddri svikastarfsemi, jafnt á öðru samningstímabili sem hinu fyrsta, þrátt fyrir viðleitni hans í málinu til að sýna fram á annað. Er þetta m.a. byggt á framburðum annarra ákærðu, einkum Gísla og Geirs, en einnig Halldórs að hluta, en samkvæmt þeim hefur Þorvaldur yfirleitt tekið við greiðslum af ákærða Gísla. Kom þetta og fram í framburði hans sjálfs hjá RLR 16. desember 1978, sem hann staðfesti fyrir dómi næsta dag. Einnig er þetta byggt á þeirri staðreynd, að Þorvaldur hefur oftast kvittað á pantanir, og hljóta slíkar kvittanir um móttöku vöru án nokkurra fyrirvara að vega þungt sem sönnunargögn í málinu. Ljóst er, að Þorvaldur hefur lagt áherslu á að fylgjast vel með öllu, og hafði hann öll skilyrði til þess, enda heyrði umrædd söludeild undir stjórn hans. Verður og að telja, að hann hafi haft fulla möguleika til að gera falspantanir á öðru samningstímabili, sbr. m.a. viðurkenningu hans sjálfs varðandi pöntun KS11.

## VIII.

Nú verða raktir einstakir ákæruliðir og afstaða tekin til þeirra.

### *Fyrsta samningstímabil.*

*Pöntun nr. 0002, dags. 13/9 1976.* Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 50 stk. hjólbarða að söluverðmæti \$ 1527,50 (ekki 4527,50, eins og greinir í ákæru). Pöntunin er árituð um móttöku vörunnar af ákærða Þorvaldi Björnssyni. Fyrir liggur ljósrit af tékka varnarliðsins, dags. 27/9 1976, að ofangreindri fjárhæð, er ákærði Gísli hefur innleyst í Landsbanka Íslands. Þá liggja fyrir tollseðlar ásamt tilheyrandi úttektarbeiðnum og aðflutningsskýrslum, en samkvæmt þeim hafa verið afgreiddir til varnarliðsins upp í þessa pöntun 42 hjólbarðar að verðmæti \$ 1.283,10. Vöntun er samkvæmt því á 8 hjólbörðum að fjárhæð \$ 244,40.

Við yfirheyrslu Gísla Grétars Sigurjónssonar hjá rannsóknarlögreglu, er

hann hefur staðfest fyrir dómi, hefur hann sagt um þessa pöntun, að hér hafi ekki verið um að ræða falspöntun í upphafi. Hann mundi ekki eftir henni sérstaklega, en kvaðst ekki hafa átt þessa 8 hjólbarða og átt að útvega þá síðar. Þar sem hann hafi ekki tollseðil um flutning á þessum 8 hjólbörðum, þá hafi hann ekki flutt þá undanþegna aðflutningsgjöldum, þ.e. gegnum tollvörugeymslu eða skipaafgreiðslu. Eins bendi ekkert til, að hann hafi keypt þessa hjólbarða á almennum markaði til að geta skilað þeim eða afgreitt þá af lager hjá sér, og taldi hann því, að þessi vöntun hefði fallið undir samantekt á sams konar vöntunum í öðrum pöntunum, sem síðar var skipt upp milli þeirra Þorvalds, þannig að hann sjálfur hafi fengið 25% af hagnaðinum en Þorvaldur 75%. Hafi vöntuninni því verið skipt, er varðar hagnað, þó svo að það hafi ekki verið ráðgert í upphafi.

Ákærði Halldór Örn Magnússon sagði um þessa pöntun við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar 1979, að pöntun nr. 0008 hafi verið fyrsta raunverulega falspöntunin hjá þeim, en þar á undan hafi verið nokkrar pantanir, sem vantað hafði í og ákærði Gísli ekki getað afgreitt að öllu leyti, en fengið greitt fyrir. Taldi hann, að andvirði vöntunarinnar hafi verið skipt á milli þeirra Gísla, Þorvalds og sín síðar, þegar ljóst var, að það, sem vantaði, yrði ekki afgreitt. Taldi hann, að þetta hafi átt við pöntun nr. 0002 og hafi þessu verið skipt þannig, að í hlut Gísla hafi komið 25% og 75% í hlut þeirra Þorvalds. Taldi hann örugglega, að skiptingin eða uppgjörin á þessu hafi farið fram um leið og skipting vegna pöntunar nr. 0008.

Þegar ákærði var yfirheyrður um þessa pöntun fyrir dómi, kvað hann hana sér með öllu óviðkomandi. Var honum þá bent á ofangreindan framburð hans hjá RLR og sagði hann af því tilefni, að hann vissi, að hann hefði fengið eitthvað út úr vöntunum á fyrstu pöntunum, þ.e. 0002, 0003 eða 0007, en hann viti ekki, hvaða pantanir væri um að ræða eða hversu mikið þetta var.

Þegar ákærði Þorvaldur Bergmann Björnsson var yfirheyrður vegna þessarar pöntunar hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar 1979, kvaðst hann ekkert geta um hana sagt með vissu, þar sem hann myndi ekki eftir þessu. Hins vegar væri öruggt, að þetta hafi ekki verið falspöntun að neinu leyti, en hann mundi, að í upphafi hafi hann gengið mjög á eftir Gísla með að skila því, sem hann hafði ekki getað útvegað strax í pantanir. Mundi hann, að á þessu tímabili vantaði mjög þessar hjólbarðastærðir og að hann gekk mjög á eftir Gísla með að afgreiða pantanir að öllu leyti. Hvort Gísli hafi afhent pöntunina að öllu leyti að lokum, mundi hann ekki, en taldi það líklegt. Hann gat þó ekkert fullyrt um þetta, þar sem hann mundi þetta ekki, annað en að hann taldi, að þetta hlyti að hafa komið. Gat hann ekki tjáð sig neitt frekar um þetta.

Þegar ákærði var yfirheyrður um þetta hér fyrir dómi, vísaði hann til ofangreinds framburðar síns hjá rannsóknarlögreglu. Hann kannaðist við að hafa kvittað fyrir móttöku þessarar pöntunar. Hann kvaðst hafa fylgst með því, þegar pöntun var ekki afgreidd í heild, að það, sem á vantaði, væri afgreitt, en hann hafi ekki gert sérstaka skilagrein út af þessu og talið nægilegt, að bókhaldið stemmdi við birgðatalningu einu sinni á ári. Taldi hann, að Gísli hefði skilað umræddum hjólbörðum og vantaði hreinlega gögn því til stuðnings. Akærða var nú bent á, að fyrri framburð hans mætti túlka svo, að í fyrstu hafi verið um að ræða einhverjar pantanir, þar sem vantunar voru gerðar upp sem hagnaður milli ákærðu. Hann neitaði því, að svo hafi verið, heldur hafi kannski stundum verið um það að ræða, að málið hafi dagað uppi, þar sem Gísli hafi ekki getað bætt úr vöntunum. Hann bætti því þó við, að einstaka sinnum hafi þessu þó verið skipt á milli þeirra.

#### *Niðurstaða.*

Ákærði Þorvaldur hefur kvittað fyrir móttöku þessarar pöntunar að fullu. Gísli segir, að pöntunin hafi ekki verið afgreidd að fullu og umrædd vöntun hafi verið gerð upp milli ákærðu. Er framburður hans studdur framburði Halldórs um þessa pöntun við yfirheyrslu hjá RLR. Báðir báru Halldór og Þorvaldur við upphaf rannsóknar málsins, að í fyrstu hafi verið látið vanta í pantanir og gert upp milli ákærðu. Staðfestu þeir framburð um þetta fyrir dómi. Þegar allt þetta er virt, þykir sannað í málinu þrátt fyrir síðari framburði Halldórs og Þorvalds, að ákærðu hafi tekið til sín umrædda fjárhæð, \$ 244,40. Hinn 27/9 1976 jafngilti þetta grk. 45.629,47.

*Pöntun nr. 0003, dagsett 17/9 1976.* Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 88 hjólbarda af þremur stærðum, að söluverðmæti samtals \$ 8.464,40. Pöntunin er árituð um móttöku hjólbardanna af ákærða Þorvaldi. Fyrir liggur ljósrit af tékka varnarliðsins, dagsettum 1. október 1976, að ofangreindri fjárhæð, en ákærði Gísli hefur innleyst tékkann í Landsbanka Íslands. Þá liggja fyrir tollseðlar ásamt tilheyrandi úttektarbeiðnum og aðflutningsskýrslum. Samkvæmt þessum tollseðlum hafa verið afgreiddir til varnarliðsins upp í þessa pöntun 75 hjólbardar, en vantar 13 hjólbarda af einni stærð að söluverðmæti \$ 923,00.

Ákærði Gísli Grétar hefur sagt um þessa pöntun, að hér hafi ekki verið um að ræða falspöntun í upphafi. Sjái hann á tollpappírnum, að hann hafi átt í vandræðum með að afgreiða þessa pöntun og m.a. orðið að hluta að útvega aðeins stærri hjólbarda heldur en pöntunin hljóðaði á. Hins vegar muni hann ekki eftir þessari pöntun sérstaklega, en þar sem hann hafi enga tollseðla um flutning á þeim 13 hjólbörðum, sem vanta, en hann hafi haldið

slíkum seðlum saman; þá hafi hann ekki afgreitt þá úr tollvörugeymslu eða skipaafgreiðslu, undanþegna aðflutningsgjöldum. Eins bendi ekkert til þess, að hann hafi keypt þessa hjólbarða á almennum markaði til að geta skilað þeim eða afgreitt þá af lager hjá sér. Telji hann því, að vöntun þessi hafi fallið undir samantekt á sams konar vöntunum í öðrum pöntunum, sem síðan var skipt upp á milli þeirra Þorvalds, þannig að hann sjálfur hafi fengið 25% af hagnaði, en Þorvaldur 75%.

Ákærði Halldór Örn skýrði svo frá við yfirheyrslur hjá RLR, að pöntun nr. 0008 hafi verið fyrsta raunverulega falspöntunin hjá þeim, en þar á undan hafi verið nokkrar pantanir, sem vantaði í og Gísli Sigurjónsson hefði ekki getað afgreitt að öllu leyti, en fengið greitt fyrir. Taldi ákærði, að andvirði vöntunar í pöntun nr. 0003 hafi verið skipt á milli þeirra þriggja, sín, Þorvalds og Gísla, síðar, eða þegar ljóst varð, að það sem vantaði, yrði ekki afgreitt. Taldi hann örugglega, að þessu hefði verið skipt þannig, að í hlut Gísla hefði komið 25%, en 75% saman í hlut þeirra Þorvalds. Í sinn hlut hafi því komið 37½%. Taldi hann öruggt að skipting eða uppgjör á þessu hafi farið fram um leið og skipting vegna pöntunar nr. 0008.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi vísaði ákærði Halldór Örn um þessa pöntun til framburðar síns um pöntun nr. 0002, sem hér er rakinn að framan.

Ákærði Þorvaldur Bergmann skýrði svo frá við yfirheyrslu hjá RLR varðandi þessa pöntun, að hann myndi ekki sérstaklega eftir henni. Hins vegar teldi hann fullvíst eftir að hafa skodað tollpappíra varðandi hana, að ekki hafi verið um falspöntun að ræða, heldur hafi ákærði Gísli ekki átt þær hjólbarðastærðir, sem beðið var um, og látið stærri og dýrari hjólbarða í staðinn, sem not hefði verið fyrir. Taldi hann því, að hann hafi séð í gegnum fingur með, að vantaði í sendinguna, ef um vöntun hefur verið að ræða, en það gæti hann ekki fullyrt um, þar sem hann myndi ekki eftir þessu. Taldi hann því fullvíst, að vöntunin hafi ekki komið til neinna skipta milli þeirra Gísla og Halldórs.

Hér fyrir dómi kannaðist ákærði við að hafa kvittað fyrir móttöku þessarar pöntunar, en neitaði, að hér hafi verið nein brögd í tafla af sinni hálfu. Áréttaði hann, að umrædd pöntun hafi m.a. skilað sér að fullu, með því að afgreiddir voru stærri hjólbarðar en pöntunin hafi hljóðað upp á og þar með dýrari. Ákærði hafnar því, að hér hafi komið til skiptingar á hagnaði milli ákærðu vegna vöntunar.

#### *Niðurstaða.*

Þegar ofangreindir framburðir eru virtir og með tilvísan til þess, sem rakið var í rökstuðningi við niðurstöðu um pöntun 0002, þykir verða að telja sannað, að ákærðu Gísli, Halldór og Þorvaldur hafi hagnýtt sér þá

fjárhæð, sem hér um ræðir, þ.e. 923 dollara, að jafnvirði kr. 172.693,30 hinn 1/10 1976, og hafi hún skipst í sömu hlutföllum og áður greinir milli þeirra.

— — —

*Pöntun nr. 0008, dagsett 8/11 1976.* Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 400 hjólbarða að söluverðmæti \$ 13.593,35, en engin áritun um móttöku er á pöntuninni að því er séð verður. Þá liggur fyrir ljósrit af tékka varnarliðsins, dagsettum 19/11 1976, að ofangreindri fjárhæð. Hefur ákærði Gísli innleyst tékkann í Landsbanka Íslands. Engin gögn hafa fundist, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Ákærði Gísli hefur heldur ekki getað lagt fram nein gögn, er sýna, að hann hafi afhent varnarliðinu umrædda pöntun.

Ákærði Gísli Grétar hefur skýrt svo frá, að hér sé um að ræða fyrstu heilu falspöntunina, er þeir hafi staðið að. Hafi Þorvaldur komið að máli við sig um, að hann myndi útbúa pantanir, sem ákærði myndi fá greiddar, en láta vanta í að einhverju eða öllu leyti. Þorvaldur hafi útbúið þessa pöntun, að fjárhæð \$ 13.593,35, sem ákærði hafi síðan fengið greidda án þess að láta neina hjólbarða á móti. Hagnaður hafi síðan skipst með ofangreindum hætti, þannig að ákærði fékk 25%.

Ákærði Halldór Örn skýrði svo frá við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hér væri um að ræða fyrstu falspöntunina, sem þeir hafi staðið að. Andvirði hennar hafi verið skipt milli þeirra þriggja og hafi þeir Þorvaldur fengið saman 75%, en Gísli 25%. Kvaðst hann hafa notað hluta af þessum peningum, eða kr. 720.000, til greiðslu á reikningum vegna óhapps flugvélar varnarliðsins, sem hann hefur sagt, að hafi verið kveikjan að því, að farið var út í þetta misferli. Ákærði hefur staðfest þennan framburð fyrir dómi.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 1. febrúar 1979 sagði ákærði Þorvaldur, að hann myndi ekki sérstaklega eftir þessari pöntun. Geti hann því ekki sagt, hvort um falspöntun hafi verið að ræða eða ekki. Hafi verið um falspöntun að ræða, hafi komið í sinn hlut og Halldórs 37½% til hvors og í hlut Gísla 25%. Hins vegar ítrekaði hann, að hann gæti ekki sagt til um, hvort um falspöntun væri að ræða. Hér fyrir dómi sagði ákærði, að hann teldi, að þessi pöntun gæti verið fyrsta falspöntunin, sem þeir gerðu, og hafi skiptingin þá verið í samræmi við það, sem að framan greinir. Hann kvaðst ekki muna sérstaklega eftir pöntuninni né muni hann, hvort hann hafi kvittað fyrir móttöku.

*Niðurstaða.*

Þegar virtir eru eindregnir framburðir ákærðu Gísla og Halldórs sem og framburður ákærða Þorvalds, verður að telja fyllilega sannað, að ákærðu hafi tekið í eigin þágu þá fjárhæð, sem hér um ræðir, þ.e. \$ 13.593,35, en hún jafngilti ísl. kr. 2.575.939,81 hinn 19.11. 1976.

*Pöntun nr. 0010, dagsett 1/12 1976.* Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 170 hjólbarðaslöngur að söluverðmæti \$ 1.271,90. Ekki verður séð, að pöntunin sé árituð um móttöku. Fyrir liggur ljósrit af tékka varnarliðsins, dagsettum 16. desember 1976, að ofangreindri fjárhæð, og hefur ákærði Gísli innleyst tékkann í Landsbanka Íslands. Engin gögn komu fram við rannsókn málsins, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurlflugvelli. Ákærði Gísli hefur heldur ekki getað lagt fram nein gögn, er sýna, að hann hafi afhent varnarliðinu pöntun þessa.

Ákærði Gísli Grétar hefur um þetta sagt, að hann muni ekki sérstaklega eftir þessari pöntun. Hins vegar hafi hann enga tollseðla í bókhaldinu hjá sér um, að hann hafi flutt þetta til varnarliðsins, en hann hafi reynt að halda þeim saman, og telur hann því, að um falspöntun hafi verið að ræða, enda sé útilokað, að hann hafi keypt þetta á almennum markaði, þar sem um það mikla fjárhæð sé að ræða. Hafi því hagnaði verið skipt milli sín og hinna tveggja, þannig að hann hafi fengið 25%, en Þorvaldur fengið 75%.

Ákærði Halldór Örn sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hann teldi, að hér væri um falspöntun að ræða, þótt hann myndi ekki eftir pöntuninni sjálfri. Hann mundi, að um þetta leyti voru gerðar upp tvær falspantanir í einu, og gat hann ekki séð, að um aðrar pantanir gæti verið að ræða, enda mundi hann, að með næstu pöntun á eftir þessari, þ.e. 0011, hafi önnur svindlpöntun verið gerð upp. Hljóti þessi pöntun því að vera fölsuð og hefði þessu þá verið skipt á sama hátt og fyrr. Við samprófun síðar hjá rannsóknarlögreglu sagðist ákærði ekki viss um, að þetta hefði verið falspöntun, og studdist hann í þeim efnum við það, sem fram hafði komið hjá Þorvaldi í umræðum.

Þegar ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi varðandi þessa pöntun, sagði hann, að er þeir Þorvaldur hafi farið að bera sig saman um þessi mál, hafi þeir komist að raun um, að hér gæti ekki verið um falspöntun að ræða. Þorvaldur fullyrði, að pöntunin hafi verið afgreidd, og ákærði kveðst ekki sjálfur hafa haft neina aðstöðu til að fylgjast með afgreiðslu pantana. Varðandi framburð sinn hjá RLR þá hafi hann byggt á fyrirliggjandi gögnum, án þess að hann hafi athugað málið nánar.

Þegar ákærði Þorvaldur var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu vegna máls þessa, kvaðst hann ekki muna sérstaklega eftir þessari pöntun. Hins vegar taldi hann, að Gísli hlyti að hafa afgreitt þetta af lager eða keypt á almennum markaði. Vildi hann í því sambandi taka fram, að þessar hjólbarðaslöngur áttu allar að koma.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi taldi ákærði mjög ólíklegt, að þessi pöntun hafi ekki verið afgreidd, enda verið um slöngur að ræða, sem vantaði. Hafnaði hann því, að hér hafi hagnaði verið skipt.

#### *Niðurstaða.*

Þegar hér er á það litið annars vegar, að engin gögn liggja fyrir, hvorki frá tollstjóra og ríkisendurskoðun né ákærða Gísla Grétari um afgreiðslu þessarar pöntunar, og hins vegar á framburð ákærða Gísla Grétars, sem er studdur all eindregnum framburði ákærða Halldórs hjá rannsóknarlögreglu, verður að telja sannað þrátt fyrir framburði ákærðu Þorvalds og Halldórs fyrir dómi, að ákærðu hafi stungið í sinn vasa greiðslu vegna þessarar pöntunar, sem nam, eins og fyrr segir, \$ 1.271,90, en það jafngilti hinn 16.12. 1976 ísl. kr. 241.025,05.

*Pöntun 0011, dagsett 2/12 1976.* Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 105 hjólbarða að söluverðmæti \$ 8.890,30. Ekki verður séð, að pöntunin hafi verið árituð um móttöku. Þá liggur fyrir ljósrit af tékka varnarliðsins, útgefnum 16. desember 1976, að framangreindri fjárhæð, sem ákærði Gísli Grétar hefur innleyst. Hins vegar finnast engin gögn, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um, að pöntunin hafi verið send varnarliðinu, og ákærði Gísli Grétar hefur engin gögn getað lagt fram, er sýna, að hann hafi afhent varnarliðinu umrædda pöntun.

Ákærði Gísli Grétar hefur skýrt svo frá, að þessi pöntun sé fölsuð að öllu leyti. Hann mundi ekki sérstaklega eftir henni, en hann sá það á hjólbarðastærðum, að hann hafi aldrei flutt þessa hjólbarða til landsins. Sé því ekki um annað að ræða en að pöntunin sé fölsuð, enda hafi hann enga tollsedla í bókhaldinu um flutning á slíkum hjólbörðum. Skipting ágóða hafi verið með sama hætti og áður.

Ákærði Halldór Örn skýrði svo frá við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu um þessa pöntun, að hér væri um falspöntun að ræða að öllu leyti. Hann myndi frekar óljóst eftir þessu annað en að pöntunarupphæðinni var skipt milli þeirra þriggja og hafi hann fengið í sinn hlut 37½%. Ákærði staðfesti þennan framburð fyrir dómi að öðru leyti en því, að hann taldi nú eftir að hafa rætt þetta nánar við Þorvald, að ákærði Hrafnkell Óskars-son hafi verið kominn inn í málið, þegar þessi pöntun hafi verið gerð, og hafi skipting verið í samræmi við það og hver um sig fengið 25%.

Ákærði Þorvaldur Bergmann sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlög-

reglu um þessa pöntun, að hann myndi ekki sérstaklega eftir henni. Þó gæti verið um falspöntun að ræða eftir dekkjastærð að dæma, en hann gæti þó ekkert fullyrt um þetta. Ef um falspöntun hafi verið að ræða, hafi Hrafnkell verið kominn inn í dæmið og því ekki komið nema 25% í sinn hlut. Við yfirheyrslu hér fyrir dómi taldi hann, að hér gæti verið um að ræða falspöntun. Taldi hann, að Hrafnkell hafi verið þarna þátttakandi og hafi skipting hagnaðar miðast við það. Hafi Hrafnkell fengið sinn hlut fyllilega af þessari pöntun.

Ákærði Hrafnkell er ekki ákærður fyrir þátttöku í umræddri pöntun. Hann hefur hins vegar neitað að hafa verið kominn inn í mál þetta á þessum tíma. Hefur ekki náðst frekara samræmi milli ákærðu um þetta.

#### *Niðurstæða.*

Með hliðsjón af framburðum ákærðu og öðrum gögnum málsins verður að telja fyllilega sannað, að ákærðu Gísli, Þorvaldur og Halldór hafi staðið hér saman að falspöntun og hagnýtt sér umrædda fjárhæð, þ.e. \$ 8.890,30, sem hinn 16. desember 1976 jafngilti ísl. kr. 1.684.711,85.

*Pöntun 0013, dagsett 27/1 1977.* (Ekki 27/12 1976, eins og segir í ákæru.)

Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 30 hjólbarða og 10 hjólbarðaslöngur, samtals að söluverðmæti \$ 1.871,60. Pöntunin er árituð um móttöku varningsins af ákærða Þorvaldi Björnssyni. Þá liggur fyrir ljósrit af tékka varnarliðsins, dagsettum 14. febrúar 1977, að fjárhæð \$ 17.484,24, en tékki þessi var notaður til greiðslu á tveimur pöntunum, þ.e. þessari pöntun og pöntun 0014 að fjárhæð \$ 15.612,64. Tékka þennan hefur ákærði Gísli innleyst í Landsbanka Íslands. Þá liggja fyrir tollseðlar ásamt tilheyrandi úttektarbeiðnum og aðflutningsskýrslum. Samkvæmt þessum tollseðlum hafa verið afgreiddir til varnarliðsins upp í þessa pöntun 10 hjólbarðar að verðmæti \$ 219,50, en vöntun er á 20 hjólbörðum og 10 hjólbarðaslöngum að fjárhæð \$ 1.652,10.

Ákærði Gísli Grétar hefur sagt varðandi þessa pöntun, að hann myndi ekki sérstaklega eftir henni. Hins vegar virtist sér á öllu, að hann hafi aldrei sent varnarliðinu umrædda 20 hjólbarða og 10 hjólbarðaslöngur, enda útilokað, að hann hafi afgreitt þetta af lager hjá sér eða keypt á almennum markaði. Eins hafi hann ekki í bókhaldinu hjá sér tollseðla um flutning á þessu til varnarliðsins undanþegið aðflutningsgjöldum. Taldi hann því fullvist, að hann hefði átt að útvega þetta síðar, en aldrei orðið af því, og þetta fallið undir samantekt á sams konar vöntunum í öðrum pöntunum, sem þeir Þorvaldur hafi síðan skipt á milli sín hagnaði af, þannig að í sinn hlut hafi komið 25%, en 75% til Þorvalds.

Ákærði Halldór Örn sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hann gæti enga skýringu gefið á umræddri vöntun, en hann væri alveg viss um, að hann hefði ekki fengið greiddan hagnað af þessari pöntun. Hefur

hann staðfest þennan framburð fyrir dómi.

Ákærði Þorvaldur Bergmann sagði hjá rannsóknarlögreglu, að sig minnti örugglega, að hjólbarðaslöngurnar hafi ákærði Gísli afgreitt á löngum tíma og þær því allar komið. Eins taldi hann, að hjólbarðarnir hafi átt að koma, þótt hann gæti ekki fullyrt um það. Hefur ákærði staðfest þennan framburð fyrir dómi.

*Niðurstaða.*

Fyrir liggur, að ákærði Þorvaldur hefur kvittað fyrir móttöku þessarar pöntunar að fullu. Einungis liggja fyrir gögn um flutning á 10 hjólbörðum upp í pöntunina til varnarliðsins. Gísli telur útilokað, að hann hafi keypt það, sem á vantaði, á almennum markaði eða afgreitt það af lager hjá sér. Með hliðsjón af ofanrituðu telst sannað, að a.m.k. þessir tveir ákærðu hafi hér staðið að svikum varðandi þessa pöntun að því er varðar 20 hjólbarða og 10 hjólbarðaslöngur að verðmæti samtals \$ 1.652,10, en hinn 14.2. 1977 jafngilti það íslenskum krónum 315.220,68.

Með hliðsjón af eindreginni neitun Halldórs og með því að ekki er unnt að útiloka, að ákærði Þorvaldur kunni hér að hafa farið bak við hann þykir rétt að sýkna hann af þessum ákærulið.

*Pöntun nr. 0014, dagsett 2/2 1977.* Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 228 hjólbarða að söluverðmæti \$ 15.612,64. Pöntunin er árituð um móttöku af ákærða Þorvaldi. Svo sem fyrr er rakið, liggur einnig fyrir í málinu tékki að fjárhæð \$ 17.484,24, dagsettur 14. febrúar 1977, sem ætlaður var til greiðslu á þessari pöntun og pöntun 0013, en ákærði Gísli innleysti tékkann í Landsbanka Íslands. Engin gögn finnast, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Ákærði Gísli hefur heldur ekki getað lagt fram nein gögn er sýna, að hann hafi afhent varnarliðinu pöntun þessa.

Ákærði Gísli Grétar hefur skýrt svo frá, að umrædd pöntun sé fölsuð. Hann muni hins vegar ekkert eftir henni sérstaklega, en hann sjái það á hjólbarðastærðum, að um falspöntun sé að ræða, enda eru þarna hjólbarðastærðir, sem hann átti ekki á þessum tíma. Eins hafi hann haldið saman tollseðlum varðandi flutning á hjólbörðum og hjólbarðaslöngum til varnarliðsins og væru þeir seðlar þá í bókhaldinu hjá sér, ef hann hefði flutt þessa sendingu til varnarliðsins, en svo er ekki. Í sinn hlut hafi komið 25% af hagnaði.

Ákærði Halldór Örn skýrði svo frá við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hér væri um falspöntun að ræða, og mundi hann nokkuð glögglega eftir henni. Þegar þessi pöntun hafi verið gerð upp milli þeirra, hafi Hrafnkell Óskarsson verið kominn inn í myndina og hafi þetta verið fyrsta

pöntunin, sem hann stóð að svikum á. Það, sem hann hafði hér einkum til viðmiðunar, var sú fjárhæð, sem kom í hans hlut, en það hafi verið um kr. 740.000, eða um 25% af hagnaði. Sjái hann því, að pöntuninni hafi verið skipt í fjóra hluti. Eins gætu svik á þessari pöntun ekki hafa getað gerst nema með þátttöku Hrafnkels. Ákærði hefur staðfest þennan framburð hér fyrir dómi.

Ákærði Þorvaldur Bergmann skýrði svo frá við yfirheyrslu hjá lögreglu varðandi þessa pöntun, að hann myndi ekki sérstaklega eftir henni, en hér gæti verið um falspöntun að ræða. Þó gæti hann ekkert um það fullyrt. Ef um falspöntun hefði verið að ræða, þá hefði hagnaðinum verið skipt í fjóra hluti, því Hrafnkell Óskarsson hefði þá fengið 25%. Hann gæti þó ekkert fullyrt um, hvort þetta væri falspöntun eða ekki.

Hér fyrir dómi taldi ákærði, að hér gæti verið um að ræða falspöntun, og vísaði hann til framanritaðrar skýrslu sinnar. Taldi hann, að Hrafnkell hafi verið þarna þátttakandi og skipting hagnaðar miðast við það.

Þegar Hrafnkell Óskarsson var yfirheyrður vegna þessarar pöntunar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, kvaðst hann í upphafi vilja segja, að hann hefði aldrei vitað þarna á fyrsta samningstímabili, hvenær pantanir voru gerðar eða hversu háar þær væru. Hins vegar hafi ákærði Þorvaldur sagt sér, að hann myndi fá 25% af þeim hagnaði, sem af þessu yrði, en ekki hafi verið rætt milli þeirra, hve hagnaðurinn væri mikill, heldur hafi hann einungis af og til fengið umslag með peningum í. Hann kvaðst hafa fengið fyrstu peningana, kr. 560.000,00 hinn 22/4 1977 og hafi hann notað þá peninga til bílakaupa. Gæti hann því ekki átt þátt í umræddri pöntun að hans mati, þar sem hún var gerð rúmlega 2½ mánuði áður en hann fékk fyrstu greiðslu. Ef hann hefði átt að fá sinn hlut í þessari pöntun, hefði það verið um kr. 740.000,00 miðað við gengisskráningu á þessum tíma, en fyrsta greiðslan, þ.e. kr. 560.000,00, var jafnframt sú mesta, er hann fékk á fyrsta samningstímabili. Ákærði hefur einnig fyrir dómi mótmælt því, að hann eigi hlut að þessari pöntun. Samprófanir ákærðu, þ.e. annars vegar ákærða Hrafnkels og hins vegar ákærðu Þorvalds og Halldórs, hafa ekki leitt til frekara samræmis í málinu. Hefur komið fram hjá Halldóri, að hann byggji framburð sinn um þetta á því, sem ákærði Þorvaldur hefur tjáð honum.

Ákærði Gísli hefur lítið getað sagt um þetta, þar sem hann vissi ekki, að Hrafnkell var með í þessu máli fyrr en liðið var á fyrsta samningstímabil. Kvaðst hann aldrei hafa talað við Hrafnkel um þessar falspantanir, fyrr en eftir að Geir kom inn í málið.

#### *Niðurstaða.*

Þegar allt framanritað er virt, þ.e. eindregnir framburðir þeirra ákærðu

Gísli Grétars og Halldórs Arnar svo og framburður ákærða Þorvalds, verður að telja sannað, að a.m.k. þeir þrír hafi staðið að umræddri falspöntun og hagnýtt sér \$ 15.612,64, sem jafngilti 14.2. 1977 ísl. kr. 2.978.891,72. Hins vegar þykir ekki óhætt að sakfella ákærða Hrafnkel fyrir þátttöku í þessu atferli, þar sem í raun liggur ekki annað fyrir um hann en framburður Þorvalds. Er ákærði Hrafnkell því sýknaður af þessum ákærulið.

— — —

*Pöntun nr. 0016, dagsett 4/4 1977.* Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 250 hjólbarða að verðmæti \$ 13.423,96. Ekki verður séð, að pöntunin sé árituð um móttöku. Fyrir liggur ljósrit af tékka varnarliðsins, dagsettum 19. apríl 1977, að ofangreindri fjárhæð, og hefur ákærði Gísli innleyst tékkann í Landsbanka Íslands. Engin gögn hafa fundist, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Engin gögn hafa heldur komið frá ákærða Gísli um að hann kunni að hafa afgreitt þessa pöntun til varnarliðsins.

Ákærði Gísli hefur sagt, að hann teldi, að öruggt væri, að hér væri um falspöntun að ræða, enda bæði um að ræða hjólbarðastærðir í pöntuninni sem hann hafi aldrei flutt inn og eins minnti hann, að þeir hefðu falsað þessa pöntun. Taldi hann, að í sinn hlut hefðu komið 25%, en hann hafi látið Þorvald fá 75% af fjárhæðinni.

Ákærði Halldór hefur borið bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að hér hafi verið um falspöntun að ræða og hafi hann fengið í sinn hlut 25% á móti ákærða Gísli, Þorvaldi og Hrafnkeli.

Ákærði Hrafnkell Óskarsson hefur sagt, að þetta væri fyrsta falspöntunin, sem hann hafi staðið að. Hann taldi þó, að hann hefði ekki fengið meira en gkr. 500.000,00 fyrir þátttöku sína í þessu.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu kvaðst ákærði Þorvaldur Bergmann ekki muna sérstaklega eftir þessari pöntun og gæti hann því ekki sagt til um, hvort um falspöntun væri að ræða eða ekki. Ef svo hefði hins vegar verið, þá hefði hann fengið 25% og hver um sig af hinum ákærðu hefði fengið hið sama þ.e.a.s. þeir ákærðu Halldór, Gísli og Hrafnkell.

Hér fyrir dómi taldi ákærði, að hér gæti hafa verið um falspöntun að ræða og hafi hagnaður farið í fjóra staði. Hann hafnaði því hins vegar, að þetta hafi verið fyrsta falspöntun Hrafnkels með tilvísan til þess, sem áður er sagt.

#### *Niðurstaða.*

Með hliðsjón af ofangreindum gögnum og framburðum verður að telja

fullilega sannað í málinu, að framangreindir fjórir ákærðu hafi hér staðið saman að falspöntun og skipt með sér umræddri greiðslu, \$ 13.423,96, sem hinn 19. apríl 1977 jafngilti ísl. kr. 2.578.742,68.

*Pöntun nr. 0020, dagsett 20/4 1977.* Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 140 hjólbarða að verðmæti \$ 3.959,00. Ekki verður séð, að pöntunin sé árituð um móttöku. Þá liggur fyrir ljósrit af tékka varnarliðsins, dagsettum 27. apríl, að fjárhæð \$ 9.704,20, en tékki þessi var notaður til greiðslu á fjórum pöntunum, þ.e. 0017, 0018, 0019 og 0020. Hefur ákærði Gíslinn innleyst tékkann í Landsbanka Íslands. Engin gögn hafa fundist, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Hjá ákærða Gíslinn hafa heldur engin gögn fundist, sem bendi til, að þessi pöntun hafi verið afgreidd til varnarliðsins.

Ákærði Gíslinn hefur sagt um þessi pöntun, að hann myndi ekki sérstaklega eftir henni, en hins vegar teldi hann, að um falspöntun væri að ræða, þar sem hann hefði enga tollseðla í bókhaldinu hjá sér um flutninga á þessum hjólbörðum til varnarliðsins. Eins væri útilokað, að hann hafi afgreitt þetta af lager hjá sér eða keypt á almennum markaði, þar sem um það mikið magn væri að ræða, að hann myndi aldrei hafa afgreitt þetta nema undanþegið aðflutningsgjöldum. Hér hafi því verið um falspöntun að ræða og í sinn hlut komið 25%, en Þorvaldur fengið 75%.

Ákærði Halldór hefur sagt bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að hann viti ekkert um þessa pöntun og ef hún væri tengd einhverjum svikum, þá hefði hann ekki komið þar nærri eða fengið hagnað af.

Ákærði Þorvaldur sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hann myndi ekki sérstaklega eftir þessari pöntun og gæti hann því ekki sagt til um, hvort um falspöntun hefði verið að ræða eða ekki. Ef um slíka pöntun hefði verið að ræða, þá hafi 25% komið í sinn hlut og hið sama í hlut hvers þeirra hinna ákærðu, þ.e. Halldórs, Gíslinn og Hrafnkels.

Fyrir dómi taldi Þorvaldur, að hér væri ekki um falspöntun að ræða og hafi umræddar vörur verið afgreiddar.

Ákærði Hrafnkell sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hann vissi ekki, hvort um falspöntun hefði verið að ræða og hann þá fengið einhvern hagnaðarhluta greiddan. Hann hafi aldrei vitað um þessar falspöntunir, hvenær þær voru gerðar eða hve háar þær voru, heldur hafi hann einungis fengið peninga í umslagi frá ákærða Þorvaldi. Það hafi ekki verið fyrir en Geir Guðmundsson kom inn í málið, að hann vissi, hvaða pantanir var um að ræða. Fyrir dómi taldi ákærði, að hér gæti verið um að ræða falspöntun, er hann hafi fengið hluta af, þótt hann hafi ekki vitað um einstakar pantanir.

*Niðurstaða.*

Þegar litið er til þess, að engin gögn liggja fyrir um afgreiðslu þessarar pöntunar, svo og til framburðar ákærða Gísla um, að þetta hafi verið pöntun, sem ekki hafi komið til afgreiðslu að neinu leyti, telst sannað í málinu, að hér hafi verið um svikapöntun að ræða. Ekki gat komið til greiðslu fyrir pöntun þessa án tilverknaðar Þorvalds. Verður því talið sannað, að a.m.k. þessir tveir ákærðu hafi hagnýtt sér umrædda greiðslu, þ.e. \$ 3.959,00, sem jafngilti hinn 27. apríl 1977 ísl. kr. 761.315,68.

Ekki þykir hins vegar unnt að telja nægilega sannað í málinu, að ákærðu Halldór og Hrafnkell hafi fengið hluta af greiðslu þessari, og verða þeir því sýknaðir af þessum lið.

*Pöntun nr. 0023, dagsett 1/6 1977.* Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 221 hjólbarða að fjárhæð \$ 16.366,80. Ekki verður séð, að pöntun þessi sé árituð um móttöku. Fyrir liggur ljósrit af tékka varnarliðsins að ofangreindri fjárhæð, dagsettum 9. júní 1977, og hefur ákærði Gísli innleyst hann í Landsbanka Íslands. Engin gögn hafa fundist, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að umrædd pöntun hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Heldur hafa ekki fundist nein gögn hjá ákærða Gísla því til staðfestu, að pöntunin hafi verið afgreidd.

Ákærði Gísli hefur sagt um pöntun þessa, að hún sé örugglega fölsuð. Taldi hann, að Þorvaldur hefði falsað hana án sinnar vitneskju, meðan hann dvaldi erlendis, enda hafi reikningurinn, sem fylgdi pöntuninni, ekki verið frá Hjólbarðasölunni, en hann minnti, að Þorvaldur hefði sagt sér af þessu, þegar ákærði kom aftur til landsins eftir stutta dvöl erlendis, og hafi hann þá látið sig fá ávísunina, sem varnarliðið hafði gefið út til greiðslu á pöntuninni, eða öllu heldur hafi hann sjálfur sótt hana. Skiptingin hafi síðan orðið með sama hætti og áður.

Ákærði Halldór sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hér væri um að ræða falspöntun að öllu leyti og hafi skipting verið með sama hætti og áður milli þeirra fjögurra. Þegar ákærði kom fyrir dóm, sagði hann hér um að ræða falspöntun.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu sagði ákærði Þorvaldur, að hann myndi ekki sérstaklega eftir þessari pöntun, en hins vegar gæti verið um falspöntun að ræða, en þó gæti hann ekkert um það fullyrt. Hafi svo verið, þá hafi þetta skipst jafnt milli þeirra fjögurra. Fyrir dómi taldi ákærði, að hér gæti verið um falspöntun að ræða.

Ákærði Hrafnkell hefur sem fyrr sagt, að hann hafi ekki vitað, um hvaða

pantanir væri að ræða, er hann fékk peninga frá Þorvaldi, en hér gæti hafa verið um að ræða eina þá pöntun, sem hann fékk hagnað af.

#### *Niðurstaða.*

Pegar framanrituð gögn og framburðir eru virt verður að telja fyllilega sannað í málinu, að hér hafi verið um að ræða pöntun, sem að engu leyti hafi verið afgreidd til varnarliðsins, og hafi ákærðu fjórir skipt greiðslu fyrir hana á milli sín, en hér var um að ræða \$ 16.366,80, sem hinn 9.6. 1977 jafngildi ísl. kr. 3.170.249,16.

— — —

*Pöntun 0026, dagsett 30/6 1977.* Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 50 hjólbarða að fjárhæð \$ 1.527,50. Ekki verður séð, að pöntunin sé árituð um móttöku. Þá liggur fyrir tékki varnarliðsins, dagsettur 28. júlí 1977, að ofangreindri fjárhæð, og hefur ákærði Gísli innleyst hann í Landsbanka Íslands. Engin gögn er að finna, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að umrædd pöntun hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Ekki hafa heldur fundist nein gögn hjá ákærða Gísla um að pöntun þessi hafi verið afgreidd.

Ákærði Gísli hefur sagt varðandi þessa pöntun, að þar sé um falspöntun að ræða. Þetta hafi verið síðasta pöntunin á fyrsta samningstímabilinu við varnarliðið og hafi hún verið gerð til að jafna upp það, sem Þorvaldur hafði safnað upp saman á pappírnum með því að skrá hjólbarðana út úr „Shop store three“ á of háu verði. Hafi Þorvaldur haft samband við sig og sagt sér að koma með reikning fyrir framangreindri pöntun og hafi hann fengið reikninginn greiddan í skrifstofu varnarliðsins. Hafi hann síðan yfirfært ávísunina í Landsbankanum, en Þorvaldur síðan komið til sín á skrifstofu sína og fengið pöntunarupphæðina að frádrögnum 25%, sem ákærði fékk í sinn hlut.

Ákærði Halldór hefur hafnað því bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að hann eigi hlut að því að hafa dregið til sín umrædda fjárhæð.

Ákærði Þorvaldur sagði varðandi þessa pöntun hjá rannsóknarlögreglu, að hann myndi ekki sérstaklega eftir henni og gæti hann ekki sagt til um það, hvort um falspöntun hefði verið að ræða eða ekki. Ef um falspöntun hefði verið að ræða, hafi Geir Guðmundsson verið kominn inn í þetta og fengið hluta. Fyrir dómi kannaðist ákærði ekki við, að þetta væri falspöntun. Er honum var kynntur framburður Gísla Grétars um þetta, sagði hann framburðinn ekki réttan að því er sig varði. Samprófun milli ákærðu Þorvalds og Gísla um þetta atriði bar ekki árangur.

Ákærði Hrafnkell hefur sem fyrr sagt, að hann hafi ekki vitað á þessu tímabili, af hvaða pöntunum hann hafi fengið hagnaðarhlut greiddan.

Hann hafi verið búinn að fá um það bil 2.000.000 króna, þegar Geir Guðmundsson kom til sögunnar við pöntun nr. KS11 á öðru samningstímabili.

*Niðurstaða.*

Þegar lítið er til þess, að engin gögn liggja fyrir um afgreiðslu á pöntun þessari, svo og til eindregins framburðar Gísla um, að þetta hafi verið falspöntun, verður að telja sannað, að svo hafi verið. Ekki liggur fyrir, hver áritaði pöntunina um móttöku, svo sem fyrr greinir. Pöntunin er gerð um svipað leyti og Geir tók við starfi Þorvalds að því er best verður séð. Enda þótt flest bendi til, að Þorvaldur hafi átt hér hlut að máli, er möguleiki á öðru. Verður ákærði Gísli því einn sakfelldur hér fyrir hagnýtingu á umræddri pöntun, þ.e. \$ 1.527,50, sem var jafnvirði ísl. kr. 298.931,76 hinn 28/7 1977. Ákærðu Þorvaldur, Halldór og Hrafnkell eru því sýknaðir af þessum ákærulið.

*Annað samningstímabil.*

*Pöntun nr. KS01, dagsett 27/7 1977.* Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 60 hjólbarða, samtals að verðmæti \$ 6.294,80. Pöntunin er árituð um móttöku af ákærða Þorvaldi. Fyrir liggur í málinu tékki varnarliðsins, dagsettur 8. ágúst 1977, að ofan nefndri fjárhæð, og hefur ákærði Gísli innleyst tékkann í Landsbanka Íslands. Samkvæmt tollpappírnum, er fyrir liggja í málinu, hafa verið afgreiddir af umræddri pöntun 36 hjólbarðar, samtals að verðmæti \$ 3.776,88, og vantar því samtals 24 hjólbarða upp í pöntunina, að fjárhæð \$ 2.517,92.

Ákærði Gísli hefur sagt um þessa pöntun, að hann hafi látið Þorvald vita, að hann væri með sendingu upp á 36 hjólbarða, og hafi þeir þá ákveðið, að varnarliðið myndi panta 60 hjólbarða og hann leggja fram reikning um það magn, en hins vegar aðeins senda umrædda 36 hjólbarða. Varnarliðið hafi því greitt fyrir 24 hjólbarða, sem það hafi ekki fengið, og þeir samtals svikið þarna út \$ 2.517,92. Þessu hafi síðan verið skipt þannig, að Þorvaldur hafi fengið 90% af upphæðinni, en hann sjálfur 10%. Þegar þessi pöntun kom, hafi Þorvaldur verið búinn að fara fram á það við sig, að hagnaðarhlutfall hans, þ.e. Gísla, yrði lækkað í 10% úr 25%.

Ákærðu Þorvaldur Bergmann og Halldór Örn halda því ákveðið fram, að hér sé ekki um að ræða falspöntun af þeirra hálfu að neinu leyti og viti þeir ekkert um þessa pöntun. Ákærði Þorvaldur kannast að vísu við að hafa kvittað fyrir móttöku hennar. Hann hafi þó verið hættur í fyrra starfi, þar sem móttaka fór fram. Hins vegar hafi Pálína Magnúsdóttir, sem átti að koma pappírnum til greiðslu, leitað til sín um að fá kvittun á pantanir, þar sem hann hafi verið staðsettur í sama húsi og skrifstofan,

og hlífðist hún við að fara í annað hús, þar sem Geir var staðsettur. Hafi ákærði í þessum tilvikum hringt í Geir og fengið upplýsingar um viðkomandi pöntun. Ákærði kvaðst ekki hafa kvittað á þessar pantanir, nema Geir hafi staðfest, að þær væru afgreiddar að fullu. Minntist hann þess ekki, að Geir hafi nokkru sinni fyrirvara á um, að pöntun væri ekki afgreidd að fullu, er ákærði leitaði staðfestingar hans.

Ákærði Hrafnkell hefur sem fyrr sagt, að hann hafi ekki vitað á þessu tímabili, af hvaða pöntunum hann hafi fengið hagnaðarhlut.

Geir Guðmundsson sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu um þessa pöntun, að hann hafi enga aðild átt að henni. Þorvaldi hafi verið í lófa lagið að útbúa þessa pöntun án sinnar vitundar, þótt hann hafi verið hættur í sölueldinni. Vissi Geir, að Þorvaldur hefði átt töluverða fjárhæð í „pottinum“, sem hann hafi verið búinn að safna, áður en Geir tók við af honum. Kvaðst hann dæma þetta af því, að þegar pöntun KS11 hafi verið fölsuð um haustið þetta ár, þá hafði hann sjálfur safnað um 12.000 dollurum, en pöntunin, sem Þorvaldur útbjóg, hafi hljóðað upp á u.þ.b. \$ 20.000,00, þannig að hann hljóti að hafa átt töluverða upphæð í handraðanum, sem hann hafi safnað, áður en hann, þ.e. Geir, kom til sögunnar. Geir taldi, að Þorvaldur hafi hætt í deildinni einhvern tíma í júní og hafi það gerst mjög snögglega einn daginn og alveg fyrirvaralaust. Varðandi pöntun KS01 fannst honum allt benda til þess, að hún væri fölsuð varðandi þessa 24 hjólbarða og hefði það ekki verið neinum vandkvæðum bundið fyrir Þorvald að falska hana, þótt hann hefði verið farinn úr deildinni sem fyrr segir, því hann hafi haft aðgang að öllum þeim gögnum, sem hann þurfti í þessu sambandi.

#### *Niðurstaða.*

Þegar litið er á eindreginn framburð ákærða Gísla um, að þessi pöntun hafi fyrirfram verið hugsuð sem svikapöntun að hluta af hans hálfu og Þorvalds, sem og þá staðreynd, að ekki liggja fyrir nein gögn varðandi flutning umræddra 24 hjólbarða til hersins á Keflavíkurflugvelli, þykir sannað með hliðsjón af áritun ákærða Þorvalds um móttöku allrar pöntunarinnar, að a.m.k. þessir tveir ákærðu hafi staðið að því að svíkja út andvirði hjólbarðanna, \$ 2.517,92, sem hinn 8/8 1977 jafngilti ísl. kr. 495.778,43.

Hins vegar verður ekki talið sannað í málinu, að ákærðu Halldór og Hrafnkell hafi átt hér hlut að, m.a. með hliðsjón af þeim möguleika, að ákærði Þorvaldur hafi farið á bak við þá í þessum efnum.

*Pöntun KS11, dagsett 29/9 1977.* Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 125 hjólbarða að fjárhæð \$ 20.146,40. Ekki verður séð, að pöntunin hafi verið árituð um móttöku. Fyrir liggur einnig ljósrit af tékka varnarliðsins, dagsettum 30/9 1977, að fjárhæð \$ 38.380,11, en tékki þessi var notaður til greiðslu á þremur pöntunum. Ákærði Gísli innleysti tékkann í Landsbanka Íslands. Engin gögn liggja fyrir, hvorki frá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Ekki hafa heldur verið lögð nein gögn fram í málinu frá ákærða Gísla, sem benda til þess, að umrædd pöntun hafi verið afgreidd.

Ákærði Gísli hefur sagt, að hér sé um falspöntun að ræða. Sjái hann það á fjölda hjólbarða, að hann hafi ekki afgreitt þessa pöntun til varnarliðsins, enda mundi hann eftir einni falspöntun á þetta háa fjárhæð. Kvaðst hann hafa fengið í sinn hlut 10% af upphæðinni, en hann vissi ekki um skiptingu eftirstöðvanna, en Þorvaldur hafi tekið við mismuninum, 90%. Geir og Hrafnkell hafi síðar sagt sér, að þeir hefðu ekki fengið fullan hluta af þessari pöntun.

Ákærði Geir Guðmundsson hefur sagt, að þetta hafi verið fyrsta falspöntunin, sem hann hafi átt hlut að, og hafi hann fengið kr. 500.000,00 vegna hennar. Kvað hann það hafa verið sennilega í seinni hluta júlímánaðar 1977 sem ákærði Þorvaldur hafi komið að máli við sig og sýnt sér, hvernig hægt væri að svíkja út fé með því að skrá alla hjólbarða og hjólbarðaslöngur á hærra verði og halda síðan skrá yfir mismuninn, þannig að í „pott“ kæmi upphæð, sem útbúin væri pöntun á og síðan greidd. Hafi hann, þegar þetta var, verið nýorðinn deildarstjóri í „Shop store three“ eftir að hafa tekið við stöðunni af Þorvaldi.

Ákærði Þorvaldur sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, að hér væri um falspöntun að ræða að öllu leyti. Er vert að vekja athygli á því, að þetta er fyrsta og eina afdráttarlausu játning ákærða Þorvalds um falspöntun. Ákærði kvaðst hafa safnað saman upphæð á pappírnum með því að skrá á of háu verði út hjólbarða frá „Shop store three“ og eins hafi Geir ofskráð eitthvað, þar sem hann tók þar við deildarstjórastöðunni í millitíðinni. Höfðu þeir samanlagt safnað saman upphæð \$ 20.146,40, og útbjó Geir pöntunina. Hann mundi ekki skiptingu hagnaðar, en hann taldi, að auk sín hafi verið í þessu allir hinir ákærðu. Hann viðurkendi, er honum var kynntur framburður þeirra Gísla og Geirs, að þeir Geir og Hrafnkell hafi einungis fengið kr. 500 þúsund í sinn hlut af þessari pöntun. Taldi hann, að hann hafi verið búinn að safna saman á pappírnum upphæð, áður en Geir tók við eða vissi um. Hafi það verið ástæðan fyrir því, að hlutur þeirra Halldórs hafi verið hærri heldur en hinna. Hafi þeir Halldór skipt á milli sín pöntunarupphæðinni

að frádrögnum 10%, sem komu í hlut Gísla og kr. 1.000.000,00, sem Geir og Hrafnkell fengu samanlagt.

Ákærði Halldór hefur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi staðfest, að hér hafi verið um falspöntuna að ræða. Hafi Þorvaldur látið sig fá sinn hlut af peningunum, en ekki mundi hann, hversu mikið það var. Taldi hann, að þetta hafi verið fyrsta pöntunin, þar sem Geir tók þátt í svikum. Hann taldi við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að sitt hagnaðarhlutfall hafi verið það sama og áður, eða 25%.

Ákærði Hrafnkell Óskarsson hefur viðurkennt, að hér hafi verið um falspöntun að ræða, sem hann fékk hagnaðarhluta af, en hann hafi fengið kr. 500.000,00 úr þessari pöntun.

#### *Niðurstaða.*

Með eigin framburðum ákærðu og öðrum gögnum málsins er fyllilega sannað, að hér var um pöntun að ræða, sem ekki kom til afgreiðslu að neinu leyti til varnarliðsins, og skiptu ákærðu með sér fjárhæðinni, svo sem að framan er lýst. Hafi ákærðu samtals hagnýtt sér hér \$ 20.146,40, sem jafngilti hinn 30.9. 1977 ísl. kr. 4.192.465,80.

*Pöntun KS16, dagsett 4/1 1978.* Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 20 hjólbarða að fjárhæð \$ 3.303,80. Undir meðferð málsins barst ljósrit af pöntun þessari, sem bar það með sér, að ákærði Þorvaldur hefur kvittað fyrir móttöku 5. janúar 1978. Fyrir liggur í málinu tékki að framangreindri fjárhæð, útgefinn af varnarliðinu 5. janúar 1978, og hefur ákærði Gísli innleyst hann í Landsbanka Íslands. Engin gögn hafa fundist, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að pöntunin hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Ekki hafa heldur komið fram nein gögn frá ákærða Gísla um það, að pöntun þessi hafi verið afgreidd.

Ákærði Gísli hefur sagt um þessa pöntun, að hann myndi ekki sérstaklega eftir henni. Hins vegar hafi hann enga pappíra í bókhaldi sínu um, að hann hafi sent varnarliðinu þetta, og taldi hann því, að um falspöntun væri að ræða, enda útilokað, að hann hafi afgreitt þetta af lager hjá sér. Gat hann ekkert frekar tjáð sig um þetta annað en að hagnaði hafi verið skipt þannig, að hann hafi fengið 10%, enda hafi öllum falspöntunum á þessum tíma verið skipt þannig.

Enginn hinna ákærðu kannast við aðild sína að falspöntun í þessu sambandi.

#### *Niðurstaða.*

Ákærði Gísli ber, að hér sé um falspöntun að ræða, enda sé útilokað, að hann hafi afgreitt hana með hjólbörðum af almennum markaði. Engin

gögn liggja frammi um flutning á umræddum hjólbörðum til Keflavíkurflugvallar. Með þetta í huga og með hliðsjón af áritun ákærða Þorvalds um móttöku pöntunarinnar þykir sannað, að a.m.k. þeir tveir hafi svikið út greiðslu vegna hennar, þ.e. \$ 3.303,80, sem hinn 5. janúar 1978 jafngiltu ísl. kr. 703.048,64.

Gegn eindregnum neitunum annarra ákærðu, þ.e. Halldórs, Hrafnkels og Geirs, þykir ekki sannað í málinu, að þeir hafi átt hér hlut að máli, og verða þeir því sýknaðir af þessum ákærulið.

— — —

*Pöntun KS20, dagsett 30/1 1978 (ekki 20/1, eins og segir í ákæru.)* Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 90 hjólbörða að fjárhæð \$ 12.437,15. Ljósrit af pöntuninni, sem barst undir meðferð málsins, ber með sér, að ákærði Þorvaldur hefur kvittað fyrir móttöku hjólbörðanna. Þá liggur fyrir tékki frá varnarliðinu, útgefinn 2/2 1978, að sömu fjárhæð. Hefur ákærði Gísli innleyst hann í Landsbanka Íslands. Ekki hafa fundist nein gögn hjá tollstjóra eða ríkisendurskoðun um, að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Þá hafa heldur ekki fundist gögn hjá ákærða Gísla varðandi afgreiðslu á þessari pöntun.

Ákærði Gísli hefur fullyrt, að hér hafi verið um falspöntun að ræða. Hafi hann fengið 10% í sinn hlut, en mjög líklega afhent Þorvaldi hitt.

Ákærði Geir Guðmundsson hefur og sagt, að hér væri um falsaða pöntun að ræða, er hann hafi útbúið í samráði við ákærða Þorvald eftir þeirri uppæð, sem safnaðist í „pottinn“ á pappírnum. Þorvaldur hafi síðan séð um að koma pöntuninni til greiðslu. Þorvaldur hafi viku síðar látið sig fá 500.000 krónur eða rúmlega það sem hagnað í sinn hlut, en það voru 20%. Þá hafi Þorvaldur einnig látið sig hafa sömu upphæð, er ákærði sá síðan um að koma til ákærða Hrafnkels

Ákærði Þorvaldur Bergmann sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlög-reglu 23. janúar 1979, að hann kannaðist ekkert við þessa pöntun og ef hér væri um falspöntun að ræða, þá hefði hann ekki komið þar nærri. Þegar hann var yfirheyrður aftur hjá rannsóknarlög-reglu 24. febrúar 1979 og honum hafði verið kynntur framburður annarra aðilja, sem við sögu koma varðandi þessa pöntun, viðurkenndi hann, að hér væri um falspöntun að ræða og hefði komið í sinn hlut 25% og hefði Halldór fengið sömu fjárhæð, en Geir og Hrafnkell 20% og Gísli 10%. Staðfesti ákærði þessa skýrslu sína hér fyrir dómi.

Ákærði Halldór Örn viðurkenndi við yfirheyrslu hjá rannsóknarlög-reglu, að hér væri um falspöntun að ræða að öllu leyti. Þegar hann kom hér fyrir dóm, sagði hann hins vegar, að hann teldi þessa pöntun sér óviðkom-

andi. Að vísu hafi hann við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu talið að hér væri um falspöntun að ræða, er hann hafi notið hagnaðar af. Er þeir Þorvaldur hafi farið að ræða þessi mál, hafi þeir verið sammála um, að þeir hafi einungis fengið greitt af einni pöntun eftir áramót 1977-1978. Kvaðst hann muna, að þá greiðslu hafi hann fengið afhenta af Geir Guðmundssyni og hafi þar einnig verið hlutur Þorvalds, sem var erlendis. Hafi hann því komist að þeirri niðurstöðu, að þessi eina falspöntun 1978 hafi verið KS25. Hafnaði hann því þessum ákærulið.

Ákærði Hrafnkell Óskarsson hefur talið, að hér sé um falspöntun að ræða, og byggir hann það á því, að um þetta leyti hafi ákærði Geir látið sig hafa milli 5-600.000 króna sem hans hlut af falspöntunum.

#### *Niðurstaða.*

Þegar virt eru framanrituð gögn og framburðir þykir fyllilega sannað í málinu, að allir ákærðu hafi hér átt hlut að því að svíkja umrædda greiðslu út, þ.e. \$ 12.437,15, sem hinn 2/2 1978 jafngilti ísl. kr. 2.733.685,55.

*Pöntun KS25, dagsett 7/3 1978.* Fyrir liggur í málinu afrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 90 hjólbarða að fjárhæð \$ 9.912,52. Ljósrit af pöntuninni, sem dóminum barst undir meðferð málsins, hefur ákærði Geir áritað um móttöku. Þá liggur fyrir ljósrit af tékka varnarliðsins, útgefnuð 16. mars 1978, að ofangreindri fjárhæð, og hefur ákærði Gísli leyst hann út í Landsbanka Íslands. Engin gögn er að finna hjá tollstjóra eða ríkisendurskoðun um, að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Þá hafa heldur ekki verið lögð fram nein gögn frá ákærða Gísla um, að hann hafi afgreitt pöntun þessa.

Ákærði Gísli hefur sagt, að umrædd pöntun sé falspöntun. Minnti hann endilega, að það hafi verið Geir, sem hafi haft samband við sig og sagt honum, að tilbúin væri falspöntun, er hann ætti að koma með reikning á móti og hafi verið um þessa pöntun að ræða. Eftir að ákærði hafi yfirfært greiðsluávisunina í Landsbanka Íslands, hafi Geir tekið við því, sem átti að koma í hlut hinna. Vildi Geir endilega, að ákærði fengi í sinn hlut 20% af hagnaði, en ekki 10%, eins og komið hafi í hans hlut á þessu tímabili. Hafi þetta orðið, en hins vegar hafi hann orðið síðar að endurgreiða Þorvaldi 10% af því, sem hann hefði fengið, þar sem hann var ekki sáttur við að ákærði fengi 20%.

Ákærði Geir hefur sagt, að umrædd pöntun væri fölsuð og hafi hann sjálfur komið pöntuninni í gegnum innkaupadeildina og síðan til greiðslu, þar sem ákærði Þorvaldur hafi verið erlendis um þetta leyti. Ákærði Gísli hafi síðan látið sig fá 80% af fjárhæðinni, eftir að hann hafði fengið hana

greidda og yfirfærða í banka í íslenska peninga. Hafi skipting á peningunum því verið þannig, að Gísli hafi fengið 20%, Hrafnkell 20%, hann sjálfur 20% og 40% hafi hann látið Halldór Magnússon hafa, er átti að koma til jafnra skipta milli hans og Þorvalds. Hann tók fram, að Gísli hafi sagt sér, að hann hefði einungis fengið 10% af hagnaði, síðan ákærði kom inn í dæmið, en í þessu tilviki sá ákærði sjálfur um skiptingu, og fannst honum sanngjarnt að Gísli fengi jafn stóran hlut og hinir.

Ákærði sagði hér fyrir dómi, að þetta hafi verið í fyrsta sinn, sem hann tók við peningum frá Gísla. Hann kvaðst hafa greitt Hrafnkeli út hans hluta, en afhent Halldóri hlut þeirra Þorvalds, sem var erlendis. Taldi hann fullvíst, að þeir hafi báðir fengið hlut úr þessari pöntun sem og KS20, enda hafi Þorvaldur tekið við peningum úr þeirri pöntun.

Ákærði Þorvaldur sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar 1979 um þessa pöntun, að hún væri falspöntun og væri þetta síðasta falspöntunin, er hann hefði staðið að. Hann hafi verið erlendis, er pöntunin var fölsuð, og vissi hann ekkert um þetta, fyrr en hann kom að utan og Halldór lét hann hafa einhverja fjárhæð, sem hafi átt að koma í sinn hlut af þessari pöntun. Í tilefni framburðar Gísla minntist hann þess ekki að hafa látið Gísla endurgreiða sér vegna þessarar pöntunar.

Þegar ákærði kom hér fyrir dóm, sagði hann í sambandi við þessa pöntun, að hann væri mjög efins um, að hann hefði fengið hagnað af henni, enda þótt hann hafi játað það hjá RLR. Hafi hann hins vegar fengið ágóða af þessari pöntun, hafi hann ekki fengið ágóða af KS20. Minntist hann þess ekki að hafa fengið nema úr einni pöntun á þessu tímabili, þ.e. í febrúar-mars 1978. Honum var bent á framburði meðákærðu, m.a. um breytta skiptingu að því er Gísla varðaði. Kvaðst hann ekki muna eftir því, en að því er varðaði ferð sína til útlanda þá gæti það alveg eins hafa átt við KS20. Staðhæfði ákærði, að önnur hvor ofangreindra pantana, KS20 eða KS25, hafi verið síðasta falspöntunin, er hann átti þátt í.

Ákærði Halldór sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu um umrædda pöntun, að hún væri falspöntun. Þorvaldur hafi verið erlendis, er hún var gerð, og hafi Geir séð um þetta og látið sig síðan hafa 40% af pöntunarfjárhæðinni, sem átti að skiptast jafnt milli þeirra Þorvalds. Þegar Þorvaldur hafi komið til landsins, hafi hann látið Þorvald hafa 20% fjárhæðarinnar, en hann hafi verið mjög ósáttur yfir því, að Geir hefði látið Gísla hafa 20%, en ekki 10%, eins og Gísli hefði fengið undanfarið, og lét hann Gísla endurgreiða sér 10%. Hafi Þorvaldur síðan látið sig fá helming þess, sem Gísli skilaði honum til baka. Í sinn hlut hafi því komið 25%. Þegar ákærði kom hér fyrir dóm, staðfesti hann þessa skýrslu sína og kvað þetta hafa verið síðustu pöntunina sem hann hafi fengið greitt úr.

Ákærði Hrafnkell hefur talið, að hér hafi verið um falspöntun að ræða,

því um þetta leyti hafi ákærði Geir látið sig hafa u.þ.b. kr. 500.000,00, og taldi hann, að hann hefði fengið 20% af umræddri pöntun.

#### *Niðurstaða.*

Þegar framanritaðir framburðir og önnur gögn málsins eru virt, verður að telja fyllilega sannað í málinu þrátt fyrir framburð ákærða Þorvalds nú fyrir dómi, að allir ákærðu hafi hagnýtt sér umrædda pöntun þ.e. \$ 9.912,52, sem jafngilti hinn 16.3. 1978 kr. 2.518.771,32.

*Pöntun KS30, dagsett 26/4 1978.* Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 40 hjólbarða að fjárhæð \$ 3.987,20. Ljósrit af pöntuninni, sem barst undir meðferð málsins, ber áritun ákærða Þorvalds um móttöku. Ekki liggur fyrir tékki vegna pöntunarinnar, en samkvæmt yfirliti Landsbanka Íslands hefur hann verið leystur út af ákærða Gísla. Engin gögn hafa fundist, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um, að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Þá hafa heldur ekki komið fram nein gögn frá Gísla, sem benda til afgreiðslu á henni.

Gíslur hefur sagt varðandi þessa pöntun, að hann muni ekki sérstaklega eftir henni, en taldi alveg fullvíst, að um falsaða pöntun væri að ræða. Bæði sé, að hann muni ekki til þess að hafa flutt pöntunina til varnarliðsins og ef svo væri, ætti hann að hafa tollseðla yfir flutninginn, en þá hafi hann ekki. Eins sé þetta með seinustu pöntunum á öðru samningstímabili og því mjög líklegt, að þeir hafi verið að vinna upp það, sem offært hafi verið á pappírnum hjá söludeildinni. Eins sé útilokað, að hann hafi afgreitt þessa pöntun af lager hjá sér, keypt hjólbarðana á almennum markaði eða flutt hjólbarða í gegnum Tollvörugæmslu. Taldi hann, að í sinn hlut hefði komið 10% af ofangreindri fjárhæð, en hann væri öruggur um, að Þorvaldur hafi fengið 90% af pöntunarupphæðinni, enda útilokað, að þeir þrír, þ.e. hann sjálfur, Geir og Hrafnkell, hafi staðið einir að svikum varðandi þessa pöntun, þar sem Þorvaldur hafi skipulagt allar falspantanir nema pöntun KS02 á þriðja samningstímabili. Varðandi þá fullyrðingu Þorvalds og Halldórs, að þeir hafi verið hættir þátttöku í falspöntunum um þetta leyti, sagði hann, að þeir hafi aldrei talað um það við sig að hætta. Hann tók og fram, að hann teldi, að engin falspöntun hafi farið fram hjá Þorvaldi, og hefði hann skipulagt þær allar nema hina síðustu, þ.e. KS02 á þriðja samningstímabili. Varðandi falspantanirnar yfirleitt hafi hann átt viðskipti við Þorvald og ætti hann manna best að geta sagt til um pantanir. Hafi hann verið „heilinn“ á bak við falspantanirnar.

Geir Guðmundsson mundi ekkert eftir að hafa átt hlut að neinu misferli í sambandi við þessa pöntun. Kannaðist hann ekki við, að hér gæti verið

um neina jöfnun á mismun að ræða vegna upphækkana á verði, sem hann hefði framkvæmt, enda hefði hann notað pöntun nr. KS02 á þriðja samningsmabili í þessu skyni. Taldi hann og, er hann var spurður nánar um þessa pöntun og pantanir KS16 og 32, að Þorvaldur hafi vel haft tök á að útbúa falspantanir án sinnar vitneskju allan þann tíma, sem hann, þ.e. Geir, var deildarstjóri í söludeildinni. Gæti Þorvaldur því hafa staðið að þessari pöntun og öðrum án þess að láta sig hafa hagnaðarhluta.

Halldór hefur sagt, að hann hafi ekki átt hlut að svikum í sambandi við þessa pöntun, enda hafi hann verið hættur þátttöku í svikum, þegar hún var gerð.

Þorvaldur hefur og neitað aðild sinni að svikum í sambandi við þessa pöntun og hafi hann ekki haft nein tök á að standa að falspöntunum, eftir að hann hætti sem deildarstjóri í söludeildinni.

Hrafnkell hefur heldur ekki kannast sérstaklega við þessa pöntun sem falspöntun.

#### *Niðurstaða.*

Ákærði Þorvaldur hefur staðfest með áritun sinni á umrædda pöntun, að hin pantaða vara hafi verið til staðar. Engin gögn liggja hins vegar fyrir um flutning á hjólbörðunum til Keflavíkurflugvallar, og ákærði Gísli heldur því fram, að þetta hafi verið pöntun, sem ekki hafi verið afgreidd, og greiðsla fallið í hlut ákærðu. Þegar á þetta er litið, þykir sannað, að a.m.k. þessir tveir ákærðu hafi tekið til sín umrædda greiðslu, \$ 3.987,20, sem jafngilti hinn 26/4 1978, þegar pöntunin var gerð, ísl. kr. 1.021.520,62.

Með hliðsjón af framburðum annarra ákærðu, sem neita allri aðild að svikum í þessu sambandi, þykir ekki unnt að útiloka þann möguleika, að ákærði Þorvaldur hafi farið hér á bak við þá, og verða þeir sýknaðir af þessum lið.

— — —

#### *Þriðja samningstímabil.*

*Pöntun KS02, dagsett 24/8 1978.* Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 40 hjólbarda að verðmæti \$ 6.733,74. Er hún árituð um móttöku af E. Einarsdóttur. Einnig liggur fyrir ljósrit af tékka varnarliðsins, dagsettum 30. ágúst 1978, að sömu fjárhæð, og hefur ákærði Gísli Grétar innleyst hana í Landsbanka Íslands. Engin gögn fundust, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Þá liggja heldur ekki fyrir nein gögn frá ákærða Gísla um að pöntun þessi hafi verið afgreidd.

Ákærði Gísli hefur sagt um þessa pöntun, að hún sé fölsuð. Hefur hann sagt, að þeir Hrafnkell og Geir hafi verið óhressir yfir því, að Þorvaldur

og Halldór höfðu ekki greitt þeim fullan hagnað af pöntun KS11, sem áður er gert grein fyrir, og þar farið á bak við þá. Hafi þeir þrír þess vegna í sameiningu ákveðið að falska þessa pöntun og skipta hagnaði jafnt á milli þeirra þriggja. Geir hafi útbúið pöntunina og ákærði síðan fengið hana greidda og þeir síðan skipt hagnaðinum í þrjá hluti.

Ákærðu Geir og Hrafnkell hafa staðfest þessa frásögn ákærða Gísla í einu og öllu.

#### *Niðurstaða.*

Með framanritaða framburði og önnur gögn málsins í huga er fyllilega talið sannað í málinu, að þrír ákærðu, Gísl, Geir og Hrafnkell, hafa hér staðið saman að því að taka til sín greiðslu frá varnarliðinu á umræddri pöntun, án þess að hún væri afgreidd, en hér var um að ræða \$ 6.733,74, sem jafngildi 30.8 1978 ísl. kr. 1.749.425,64. Verða þeir því sakfelldir fyrir þennan lið ákærunnar, en ákærðu Þorvaldur og Halldór verða sýknaðir af þessum ákæru-lið.

— — —

*Pöntun KS06, dagsett 27/10 1978.* Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á hjólbarða og hjólbarðaslöngur að verðmæti \$ 17.650,60. Pöntun þessi er árituð um móttöku af ákærða Þorvaldi Björns-syni. Ekki verður séð, að í málinu liggja fyrir tékki vegna greiðslu á þessari pöntun, en greiðsla mun hafa átt sér stað. Fyrir liggja tollseðlar ásamt til-heyrandi úttektarbeiðnum og aðflutningsskýrslum. Samkvæmt þessum toll-seðlum hafa verið afgreiddir til varnarliðsins af pöntun þessari hjólbarðar fyrir \$ 12.527,80, en vöntun er á 220 hjólbarðaslöngum og 20 hjólbörðum, samtals að fjárhæð \$ 5.122,80.

Ákærði Gísl hefur sagt um þessa vöntun, að hér sé ekki um svikapöntun að ræða að neinu leyti. Þegar pöntunin hafi verið gerð og greidd, þá hafi hann ekki átt til í Tollvörugeymslu umrædda 20 hjólbarða og 220 hjól-barðaslöngur. Hafi hann verið með þetta í pöntun og samið um það við Geir að fá að afgreiða þetta um leið og það bærst til landsins. Hann hafi síðan ekki getað leyst þetta út, vegna þess að eftir að mál þetta kom upp, hafi hann misst ýmis viðskipti sín og því ekki haft fjármagn til að leysa það út. Skuldi hann varnarliðinu því umrædda upphæð, þ.e. \$ 5.122,80.

Ákærði Geir hefur sagt varðandi þessa pöntun, að hér hafi ekki verið um neina ætlun þeirra um svik að ræða, heldur hafi ákærði Gísl átt eftir að afhenda umrædda vöntun. Hann hafi fengið pöntun þessa greidda, en gat síðan ekki afhent hana alla, þegar til kom, og hann lofaði að gera það síðar, enda kvaðst ákærði hafa skráð hjá sér þessa vöntun. Hafi aldrei

komið annað til en að Gísli myndi afhenda það, sem vantaði, en hann hafi ekki verið búinn að því, þegar mál þetta kom upp.

Af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins var gerð könnun á því hvort frásögn ákærðu um þetta stæðist. Í ljós kom, að hinn 20. september 1978 kom hjólbarðasending til landsins á vegum fyrirtækis ákærða Gísla, sem var til geymslu í Tollvörugeymslu Suðurnesja h/f. Með þeirri sendingu komu hjólbarðar af stærðum, sem átt gátu við í sambandi við umrædda vöntun. Af þessum hjólbörðum voru enn í Tollvörugeymslu hinn 29/8 1979 12 hjólbarðar. Hafði ákærði Gísli tekið úr Tollvörugeymslunni 8 hjólbarða, tollafgreidda þann 11. maí 1979. Var viðurkennt af hans hálfu, að hann hefði selt þá á almennum markaði. Þá kom í ljós, að hinn 18/10 1978 flutti fyrirtæki ákærða til landsins hjólbarðaslöngur, sem gátu átt við þessa pöntun að stærð og fjölda til. Voru slöngur þessar enn í Tollvörugeymslunni við athugun lögreglunnar hinn 29/8 1979 ógreiddar.

#### *Niðurstöður.*

Ákærði Gísli hafði fengið pöntun þessa greidda án þess að afgreiða hana að fullu, og fékkst hún greidd með tilstyrk ákærða Geirs. Gísli hefur borið, að hann hafi ætlað að afgreiða pöntun þessa að fullu, og svo sem fyrr hefur verið rakið voru í tollvörugeymslum hjólbarðar og hjólbarðaslöngur til að fullnægja pöntuninni á þeim tíma, er rannsóknin fór fram, að öðru leyti en því, að ákærði hafði selt 8 hjólbarða. Samkvæmt þessu þykir verða að telja ákærða sannan að sök um að hafa svikið út fé að því er varðar verðmæti umræddra 8 hjólbarða að söluverðmæti \$ 1.242,00. Miðað við gengisskráningu Bandaríkjadollara þann dag, sem pöntunin er dagsett, 27/10 1978, er hér um að ræða í íslenskum krónum 382.536,00. Að öðru leyti er ákærði sýknaður af þessum ákærulið.

#### IX.

Samkvæmt framansögðu hafa ákærðu verið sekir fundnir um að hafa svikið út og tekið í eigin vasa greiðslur vegna eftirtaldrá pantana að hluta eða að öllu leyti:

Ákærðu Gísli, Þorvaldur og Halldór greiðslur vegna pantana 0002, 0003, 0008, 0010, 0011 og 0014 (dags. 2.2. '77), á 1. samningstímabili, samtals að fjárhæð \$ 40.535,59, eða jafnvirði gkr. 7.698.891,20 á gengi greiðsludags hvernar greiðslu.

Ákærðu Gísli og Þorvaldur greiðslur vegna pantana 0013 og 0020 á 1. samningstímabili og KS01, KS16 og KS30 á 2. samningstímabili, samtals að fjárhæð \$ 15.420,02, eða jafnvirði gkr. 3.296.884,05 á gengi greiðsludaga, þó þannig, að gengi greiðslu vegna pöntunar KS30 er miðað við dagsetningu pöntunar.

Ákærðu Gísli, Þorvaldur, Halldór og Hrafnkell greiðslur vegna pantana 0016 og 0023 á 1. samningstímabili, samtals að fjárhæð \$ 29.790,76, eða jafnvirði gkr. 5.748.991,84 á gengi greiðsludaga.

Ákærðu allir greiðslur vegna pantana KS11, KS20 og KS25 á 2. samningstímabili, samtals að fjárhæð \$ 42.496,07, eða jafnvirði gkr. 9.444.922,67 á gengi greiðsludaga.

Ákærðu Gísli, Geir og Hrafnkell greiðslu vegna pöntunar KS02 á 3. samningstímabili að fjárhæð \$ 6.733,74, eða jafnvirði gkr. 1.749.425,64 á gengi greiðsludags.

Ákærði Gísli greiðslur vegna pantana 0026 á 1. samningstímabili og KS06 á 3. samningstímabili, samtals að fjárhæð \$ 2.769,50, eða jafnvirði gkr. 681.467,76 á gengi greiðsludags að því er varðar pöntun 0026 og pöntunardags að því er varðar pöntun KS06.

Heildarupphæð greiðslna, er ákærðu hafa þannig hagnýtt sér, er \$ 137.745,68, eða jafnvirði gkr. 28.620.583,11 á gengi greiðsludags hverrar greiðslu eða pöntunardags. Samtals er hér um að ræða greiðslur vegna 1872 hjólbarða og 180 hjólbarðaslangna.

Atferli ákærðu, sem hér hefur verið lýst, varðar við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

## *B. Ákæra dagsett 11. júní 1981.*

### *I.*

Hinn 11. júní 1980 sendi tollgæslustjóri rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu tollgæslunnar varðandi vöntun á hjólbörðum og fleiri vörutegundum, sem vera áttu á vörulager fyrirtækisins Hjólbarðasölunnar hjá Tollvörugæmslunni h/f samkvæmt birgðabókhalda Tollvörugæmslunnar. Samkvæmt skýrslu tollgæslunnar var hér um að ræða vöntun á vörum að heildarverðmæti í íslenskum krónum miðað við tollgengi í júní 1980 kr. 20.947.226,00. Samkvæmt fylgiskjölum með skýrslunni var þetta vöntun á samtals 2182 hjólbörðum ásamt töluverðu af varahlutum og snjónöglum. Þá kom einnig fram í skýrslunni, að í klefa Hjólbarðasölunnar í Tollvörugæmslunni h/f væru 241 hjólbarði af ýmsum tegundum og stærðum, sem ekki ættu að vera þar samkvæmt birgðabókhalda, og ennfremur lítills háttar af bifreiðavarahlutum af ýmsum tegundum, sem ekki ættu þar að vera samkvæmt birgðabókhalda. Um verðmæti þessara vara væri ekki hægt að segja neitt, þar sem aðflutningsskjöl þeirra lægju ekki fyrir.

Framangreinda skýrslu undirrituðu tollgæslumennirnir Jón Mýrdal og Sævin Bjarnason. Hafa þeir staðfest hana fyrir dómi. Kom þá fram hjá þeim, að við skýrslugerð og talningu hafi verið byggt á birgðabókhalda Tollvörugæmslunnar, þ.e. aðflutningsskjölum, sem eiga að sýna annars vegar,

hvaða vörur eiga að koma til geymslu þar, og hins vegar úttektir á vörum, eftir að greiðslur í banka og hjá tolli hafa átt sér stað.

Þess var óskað af hálfu tollgæslustjóra, að rannsóknarlögregla ríkisins tæki mál þetta til rannsóknar, og var á það bent, að forsvarsmaður Hjólbarðasöslunnar h/f, Gísli Grétar Sigurjónsson, væri undir ákæru vegna svika í sambandi við sölu á hjólbörðum til varnarliðsins.

Rannsókn vegna máls þessa hófst hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 24. september 1980 að því er best verður séð. Þann dag hófst öflun gagna hjá Tollvörugeymslunni h/f, en næsta dag hófust yfirheyrslur í málinu.

Ákærði Gísli Grétar Sigurjónsson kom fyrst til yfirheyrslu vegna máls þessa 7. október 1980. Er honum voru kynnt gögn varðandi vöntun í klefa Hjólbarðasöslunnar í Tollvörugeymslunni, kvaðst hann enga skýringu geta gefið á þeim, en í byrjun máí sl. hafi hann komist að því, að mikil vöntun hafi verið í sendingar Hjólbarðasöslunnar og hafi hann þá látið forráðamenn Tollvörugeymslunnar h/f vita af þessu. Var ákærði yfirheyrður ítarlega um þetta mál, en hann neitaði að hafa átt hér þátt í misferli. Hann viðurkenni þó að hafa tekið 260.000 snjónagla út úr Tollvörugeymslunni án þess að hafa úttektarbeiðni og einnig hafi hann tekið eitthvað af varahlutum úr Tollvörugeymslunni á sama hátt og snjónaglana.

Að lokinni þessari yfirheyrslu var ákærða kynnt, að í þágu rannsóknar málsins yrði hann færður í fangelsið að Síðumúla 20, og var honum bent á rétt hans til að fá sér skipaðan réttargæslumann. Óskaði hann eftir því, að Ingvar Björnsson hdl. yrði skipaður réttargæslumaður hans. Þegar færa átti ákærða í fangelsið í Síðumúla, óskaði hann eftir því að fá að gefa aðra skýrslu í málinu, þar sem hann vildi breyta framburði sínum. Hófst síðan ný yfirheyrsla að viðstöddum réttargæslumanni ákærða.

Ákærði skýrði nú svo frá að síðari hluta árs 1975 hafi komið upp ósamkomulag milli tollgæslunnar og Tollvörugeymslunnar h/f um það, hvorum bæri að annast talningu á því, sem innflytjendur tóku út úr Tollvörugeymslu. Fyrir þann tíma hafi tollvörður séð um talningu í hliði. Frá því síðari hluta árs 1975 til áramóta 1976-1977 hafi engin talning verið framkvæmd á þeim vörum, sem teknar voru út í Tollvörugeymslunni. Eftir að þetta hafði staðið í nokkurn tíma, hafi hann farið að freistast til að taka fleiri hjólbarda út úr Tollvörugeymslunni heldur en hann hafði úttektarbeiðni fyrir. Taldi hann, að hann hefði fyrst staðið að slíku síðast á árinu 1975, en það hafi alltaf verið meiri og meiri losarabragur á því hjá Tollvörugeymslunni að fylgjast með því, sem þaðan fór út. Hann kvaðst í upphafi yfirleitt hafa greitt þessar vörur daginn eftir, þegar hann var búinn að koma hjólbörðunum í umferð og fá peninga fyrir þá. Síðan hafi komið gengisfellingar og verið sett vörugjald, hækkun á gúmmígjaldi og hafi þá sífellt dregist lengur, að hann gæti greitt tollinn og bankagreiðslur af um-

ræddum vörum, er hann hefði tekið ófrjálsri hendi í Tollvörugeymslunni. Síðan hafi verið farið aftur að telja úr Tollvörugeymslunni um áramótin 1976-1977, þannig að eftir þann tíma hafi ekki verið til umræðu að taka út vörur nema greiða fyrst af þeim.

Kvaðst ákærði á árinu 1976 hafa verið búinn að taka töluvert út úr Tollvörugeymslu af hjólbörðum og varahlutum án þess að greiða tolla eða bankagreiða, en hann hafi þó ekki gert sér grein fyrir því í fyrstu, hversu mikið magn var um að ræða, er hann átti ógreitt af. Það hafi síðan ekki verið fyrr en síðastliðið vor (1980), að honum var ljóst, hversu mikið magn var um að ræða, en hann hafði fyrst gert sér hugmynd um, að hér væri um 400-500 hjólbarda að ræða. Það, sem gerði honum erfitt með að fylgjast með, hversu mikið hann ætti ógreitt af, var, að hann hafði tekið aðrar stærðir en hann hafði úttektarbeiðnir fyrir. Var hann þá ef til vill búinn að taka út hjólbardasendingu, sem hann síðar kom með úttektarbeiðni fyrir, og þá hafi hann tekið aðrar stærðir og úr öðrum sendingum. Þeir 241 hjólbardi, sem nú væru í klefa Hjólbardasölnunnar í Tollvörugeymslu, væru hjólbarda, sem fyrirtækið hafi flutt inn, en ættu við sendingar, sem hann hafi að fullu úttekið samkvæmt tollpappírnum, þar sem hann hafði tekið úr öðrum sendingum, þannig að þeir hafi verið eftir. Þessir 241 hjólbardi ætti því að koma til frádráttar þeim hjólbörðum, sem tollgæslan segði vanta í Tollvörugeymslu hjá Hjólbardasölnunni. Væri því þarna um vöntun á 1847 hjólbörðum að ræða. Það hafi alveg verið komið úr böndunum hjá sér, hversu mikið magn vantaði, og gæti hann ekki tjáð sig um heildartöluna. Hafi hann síðastliðið vor farið að fá bakþanka um, að það gæti verið meira en 400-500 hjólbarda, sem hann hefði tekið án greiðslu.

Ákærði kom fyrir sakadóm Reykjavíkur næsta dag að beiðni rannsóknarlögreglu ríkisins. Er þar bókað eftir honum, að hann viðurkenni að hafa á tímabilinu frá því seinni hluta árs 1975 til áramóta 1976/1977 tekið út hjólbarda úr Tollvörugeymslunni án greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda af þeim. Hann rengdi ekki, að hér gæti verið um u.þ.b. 1800 hjólbarda að ræða, en kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir tölnunni. Hann kvað það hafa verið ætlun sína að greiða gjöld, en það orðið erfiðara og erfiðara með hverju árinu, sem leið, en ákærði teldi sig þegar hafa greitt verulegan hluta af gjöldunum. Bornar voru undir ákærða skýrslur þær, er hann hafði gefið hjá rannsóknarlögreglu ríkisins varðandi mál þetta. Kvað hann rétt eftir sér haft í skýrslunum og staðfesti undirskriftir sínar undir þær.

Þegar ákærða var birt ákæra í máli þessu hér fyrir dómi 21. september 1981, sagði hann það rétt, að hann hafi á tímabili, einkum á árunum 1975 og 1976, tekið vörur út úr geymslurými Hjólbardasölnunnar hjá Tollvörugeymslunni h/f án þess að hafa áður greitt af þeim aðflutnings- og sölu-

gjöld og oft hafi hann heldur ekki verið búinn að greiða vörurnar í banka. Hér var einkum um að ræða hjólbarða, sem ákærði hafði flutt inn í nafni Hjólbarðasölu, Bílasports s/f og Nitto-umboðsins. Ákærði setti vörurnar í sölu og hagnýtti andvirði þeirra. Um tildrög og aðferðir í þessu sambandi vísaði hann til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 7. október 1980, sem hann hafði staðfest fyrir dómi daginn eftir.

## II.

Nú verða teknir fyrir einstakir liðir ákærunnar og það rakið, sem fram hefur komið við rannsókn og meðferð málsins um þá:

*Liður 1. TM 1024.* Samkvæmt gögnum málsins er hér um að ræða sendingu, er kom til landsins 25/3 1975. Er þetta innflutningur Hjólbarðasölu á 1450 hjólbörðum frá fyrirtækinu Continental í Hollandi. Samkvæmt birgðabókhalda Tollvörugeymslunnar h/f var umrædd sending flutt þangað til geymslu 4/6 1976. Þá liggja fyrir í málinu gögn er sýna úttektir úr þessari sendingu á samtals 146 hjólbörðum. Í Tollvörugeymslunni voru samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglu og gögnum tollgæslu 190 hjólbarðar úr þessari sendingu, en ættu að vera 1304. Því er um vöntun að ræða á samtals 1114 hjólbörðum, samtals að faktúruverði H.fl. 25.176,08, sem tollur er ógreiddur af. Ákærði greiddi í Landsbanka Íslands 23/1 og 25/4 1979 H.fl. 24.338,20 til seljandans, og er því ógreitt af framangreindri vöntun H.fl. 837,88.

Ákærði sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 1. desember 1980 um sendingu þessa, að þarna hafi hann tekið út 1114 hjólbarða án þess að greiða til Continental eða toll af þeim. Það hafi verið sennilega vorið 1976 sem hann hafi tekið út þessa hjólbarða eða alla vega á því ári. Síðar hafi hann greitt til Continental megnið af þessu, eins og fyrr er rakið. Hann eigi því eftir að greiða H.fl. 837,88 til seljanda svo og eigi hann eftir að greiða toll af allri vöntuninni.

Hér fyrir dómi 7. október 1981 sagði ákærði það rétt, að hann hefði tekið út 1114 hjólbarða úr þessari sendingu án heimildar og án þess að hafa greitt seljanda fyrir vöruna eða toll af henni.

*Liður 2. TM 1048.* Þessi sending kom til landsins 17/3 1975, en hér var um að ræða innflutning Hjólbarðasölu á 1450 hjólbörðum frá fyrirtækinu Continental í Hollandi. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum frá Tollvörugeymslunni h/f var sendingin færð þangað til geymslu 10/6 1975. Samkvæmt birgðabókhalda fyrirtækisins hafa verið teknir út af þessari sendingu samtals 1410 hjólbarðar. Eftir eiga þá að vera þarna samtals 40 hjólbarðar, en samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglu og gögnum tollgæslu eru þá 20

hjólbarðar í Tollvörugeymslunni. Samtals er því um vöntun að ræða á 20 hjólbörðum að verðmæti H.fl. 397,80.

Samkvæmt gögnum, sem liggja fyrir í málinu, greiddi ákærði hinn 18/12 1978 toll af eftirstöðvum sendingarinnar, og hefur því verið greiddur tollur af allri sendingunni. Hins vegar var umrædd vöntun að faktúruverði H.fl. 397,80 enn ógreidd til Continental.

Ákærði hefur við yfirheyrslu bæði hjá rannsóknarlögreglu og hér fyrir dómi viðurkennt að hafa tekið út 20 hjólbarða úr umræddri sendingu án heimildar. Hann hafi síðar greitt toll af sendingunni, en ekki greitt seljanda andvirði umræddra 20 hjólbarða.

*Liður 3. TM 1050.* Þessi sending kom til landsins 19/12 1974, en hér er um að ræða innflutning Hjólbarðasölnunnar á 364 hjólbörðum frá fyrrgreindu fyrirtæki í Hollandi. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum frá Tollvörugeymslunni h/f var sendingin færð þangað til geymslu þann 13/2 1976. Samkvæmt bókhaldi Tollvörugeymslunnar hafa verið teknir út af sendingu þessari samtals 194 hjólbarðar. Eiga þá að vera eftir í Tollvörugeymslu samtals 170 hjólbarðar. Í fyrstu var talið samkvæmt talningu tollgæslunnar í klefa Hjólbarðasölnunnar, að enginn hjólbarði af þessari sendingu væri eftir í klefanum. Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglunnar 1. desember 1980 bar ákærði, að eitthvað af hjólbörðum, sem þarna væru taldir vanta, væru enn í klefanum. Rannsóknarlögreglumenn fóru þennan dag og könnuðu þetta í klefa Hjólbarðasölnunnar. Reyndust þarna vera 35 hjólbarðar, stærð 520×10 af gerðinni Dunlop, sem virtust eiga við þessa sendingu. Svo sem fyrr greinir, kom fram í skýrslu tollgæslunnar, að í klefa Hjólbarðasölnunnar væru 241 hjólbarði, sem ekki ættu að vera þar samkvæmt birgðabókhaldi. Voru umræddir 35 hjólbarðar inni í þeirri tölu, og voru þeir ekki taldir með varðandi þessa sendingu, þar sem þeir voru af Dunlop gerð, en ekki af Continental gerð. Samkvæmt upplýsingum, sem rannsóknarlögreglan aflaði sér, er fyrirtækið Continental með sölu á ýmsum hjólbörðum öðrum en Continental hjólbörðum.

Hinn 22/1 1979 greiddi ákærði Continental fyrirtækinu umrædda sendingu að öllu leyti með greiðslu í Landsbanka Íslands og þar á meðal þá 135 hjólbarða, sem vantar í sendinguna, svo og þá 35 hjólbarða, sem enn voru í geymslu. Hins vegar átti Hjólbarðasalan eftir að greiða toll af umræddri sendingu allri.

Svo sem fyrr greinir, benti ákærði á við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að a.m.k. hluti af ætlaðri vöntun, þ.e. 170 hjólbörðum, væru enn í Tollvörugeymslunni. Hér fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt að hafa tekið 135 hjólbarða út úr umræddri sendingu án heimildar. Hafi hann greitt

seljanda að öllu leyti sendinguna, en ekki greitt af henni toll. Faktúruverð umræddra 135 hjólbarða er H.fl. 6.142,50.

*Liður 4. TM 2005.* Samkvæmt ákæru er sending þessi nefnd TN 2005 og svo hefur einnig verið gert við rannsókn og meðferð málsins, en við athugun á gögnum málsins þykir greinilegt, að hér sé átt við sendingu TM 2005. Þessi sending kom til landsins 29/6 1975. Var hér um að ræða innflutning fyrirtækis ákærða á 802 hjólbörðum og 207 bílavarahlutum frá fyrirtækinu Continental í Hollandi. Samkvæmt fyrirleggjandi gögnum frá Tollvörugeymslunni var sendingin færð þangað til geymslu hinn 8/1 1976. Samkvæmt birgðabókhalda Tollvörugeymslunnar hafa verið teknir út af sendingunni samkvæmt fyrirleggjandi úttektarbeiðnum samtals 769 varahlutir og hjólbarðar. Samkvæmt því áttu að vera í Tollvörugeymslunni 168 varahlutir og 72 hjólbarðar. Þar voru hins vegar 10 hjólbarðar og allir varahlutirnir. Er því um að ræða vöntun á 62 hjólbörðum að faktúruverði H.fl. 4.165,20.

Hinn 19/12 1978 og 4/1 1979 greiddi ákærði toll af allri framangreindri sendingu, sem eftir var. Samkvæmt tollpappírnum var faktúruverð sendingarinnar í íslenskum krónum 1.956.663,00, sem Hjólbarðasölunni bar að greiða toll af. Eftir tollpappírnum hefur Hjólbarðasalan greitt toll af faktúruverði í íslenskum krónum 1.966.626,00, þannig að eftir því hefur tollur verið greiddur af allri sendingunni. Hins vegar er ógreitt til Continental fyrirtækisins framangreind vöntun að faktúruverði H.fl. 4.165,20 auk þess sem ógreiddir voru til Continental þeir varahlutir, sem í geymslunni voru.

Ákærði hefur viðurkennt bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að hann hafi tekið 62 hjólbarða úr umræddri sendingu án heimildar. Hann hafi greitt síðar toll af þessu, en ekki greitt til seljanda.

*Liður 5. TM 3024.* Sending þessi kom til landsins 17/11 1975, en hér er um að ræða innflutning fyrirtækis ákærða á 523 hjólbörðum frá fyrrgreindu fyrirtæki í Hollandi. Samkvæmt fyrirleggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar h/f var sendingin færð þangað til geymslu þann 13/2 1976. Þá bera gögn fyrirtækisins með sér, að úr sendingunni hafi verið teknir 190 hjólbarðar og ættu þá að vera eftir 333. Hins vegar voru einungis 5 hjólbarðar eftir af þessari sendingu í Tollvörugeymslu. Því er um að ræða vöntun á samtals 328 hjólbörðum að faktúruverði samtals H.fl. 11.135,35.

Hinn 5. janúar 1979 greiddi ákærði toll af allri framangreindri sendingu. Hins vegar á eftir að greiða fyrirtækinu umrædda 328 hjólbarða, að faktúruverði H.fl. 11.135,35, sem vantaði í Tollvörugeymsluna.

Ákærði hefur viðurkennt bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að

hafa tekið án heimildar 328 hjólbarða úr umræddri sendingu. Hann hafi síðar greitt upp toll vegna sendingarinnar, en eigi enn ógreitt til seljanda umrædda upphæð.

*Liður 6. TN 116.* Þessi sending kom til landsins 30/12 1975. Er hér um að ræða innflutning Nitto-umboðsins á 419 hjólbörðum, 5000 snjónöglum, 207 varahlutum og 61 bor frá framangreindu fyrirtæki í Hollandi. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar var sendingin færð þangað frá skipaafgreiðslu til geymslu þann 23/1 1976. Samkvæmt fyrirbyggjandi úttektarbeiðnum hafa verið teknir úr umræddri sendingu samtals 323 hjólbarðar og 198 varahlutir. Eftir áttu þá að vera í Tollvörugeymslunni samtals 96 hjólbarðar, 9 varahlutir, 5000 snjónaglar og 61 bor. Samkvæmt talningu tollgæslunnar voru einungis eftir í Tollvörugeymslunni samtals 9 varahlutir. Ákærði bar hins vegar við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 1. desember 1980, að umræddir borar, sem sagðir væru vanta í þessa sendingu í skýrslu tollgæslunnar, ættu enn að vera í klefa Hjólbarðasölnunnar í Tollvörugeymslu. Er rannsóknarlögreglumenn gerðu leit í klefa Hjólbarðasölnunnar í Tollvörugeymslunni, fundust 46 þessara bora þar í klefanum.

Hinn 9. október 1979 greiddi ákærði toll af allri framannefndri vöntun svo og öllu því, sem eftir var í Tollvörugeymslunni af þessari sendingu. Þá greiddi hann sama dag fyrirtækinu Continental fyrir 4500 snjónagla og alla hjólbarðana, 96 stk.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið út án heimildar þá 96 hjólbarða og 5000 snjónagla, sem ákæran tilgreinir. Hann hafi síðar greitt upp allan toll af umræddri sendingu og til seljandans hafi hann greitt allt nema 500 snjónagla.

*Liður 7. TN 746.* Sending þessi kom til landsins 5/4 1976, en hér er um að ræða innflutning Nitto-umboðsins á 390 hjólbörðum frá framangreindu fyrirtæki í Hollandi. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum frá Tollvörugeymslunni h/f var sending þessi færð þangað til geymslu 28/4 1976. Samkvæmt gögnum fyrirtækisins hafa með úttektarbeiðnum verið teknir út af þessari sendingu 311 hjólbarðar. Þá eiga að vera eftir samtals 79 hjólbarðar, en engir af þeim eru fyrir hendi. Var því um að ræða vöntun á samtals 79 hjólbörðum að faktúruverði H.fl. 3.114,00.

Hinn 21/9 1979 greiddi ákærði toll af framangreindum hjólbörðum, sem vantar í Tollvörugeymsluna. Er tollur því greiddur að fullu af allri sendingunni. Hins vegar átti eftir að greiða til fyrirtækisins vegna umræddrar sendingar.

Ákærði hefur viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa

tekið hér út 79 hjólbarða án heimildar. Faktúruverð hjólbarðanna nam H.fl. 3.114,00, en ekki 4.114,00, eins og segir í ákæru. Ákærði greiddi síðar upp toll af þessari sendingu, en á ógreitt til seljanda H.fl. 3.084,80 skv. yfirliti Múlaútibús Landsbankans, sem liggur fyrir í málinu.

*Liður 8. TN 1452.* Þessi sending kom til landsins 30/6 1976, en hér er um að ræða innflutning Nitto-umboðsins á 60 hjólbörðum frá fyrrgreindu fyrirtæki í Hollandi. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar h/f var sending þessi færð þangað til geymslu hinn 8. júlí 1976. Samkvæmt gögnum fyrirtækisins hafa verið teknir úr umræddri sendingu 52 hjólbarðar, en þá eiga að vera eftir 8 hjólbarðar í Tollvörugeymslunni. Hins vegar fundust engir hjólbarðar af þessari sendingu í Tollvörugeymslunni við rannsókn málsins, og er því hér um að ræða vöntun á 8 hjólbörðum að faktúruverði H.fl. 2.008,00. Enginn tollur hefur verið greiddur af þessari sendingu, en krafa seljanda að hluta.

Ákærði hefur viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa tekið út 8 hjólbarða af umræddri sendingu án heimildar. Hann kvaðst ekki hafa borgað toll af vörunni, en hann hafi síðar greitt upp í kröfu seljanda og ætti ógreitt H.fl. 1.506,00.

*Liður 9. TN 148.* Þessi sending kom til landsins 23/4 1975. Hér er um að ræða innflutning Nitto-umboðsins á 20 hjólbörðum frá fyrirtækinu Tazai Kaisha LTD í Japan. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar h/f voru teknir úr sendingu þessari 10 hjólbarðar og því átta 10 hjólbarðar að vera eftir í Tollvörugeymslu. Við rannsókn málsins fannst einn hjólbarði af þessari sendingu, og er því um að ræða vöntun á 9 hjólbörðum að faktúruverði \$ 1.414,98. Hafa engir tollar verið greiddir af þeirri vöntun, en sendingin var að öllu leyti greidd til seljanda, að því er best verður séð í ágúst 1976.

Ákærði hefur viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að hann hafi tekið 9 hjólbarða án heimildar af þessari sendingu. Hann hafi greitt þá til seljanda, en ekki greitt af þeim toll.

*Liður 10. TN 2528.* Þessi sending kom til landsins 31/10 1976, en hér er um að ræða innflutning Nitto-umboðsins á 332 hjólbörðum frá fyrirtækinu TBA TRADING COLDING APS í Danmörku. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar h/f var sending þessi flutt þangað til geymslu 12/11 1976. Samkvæmt gögnum fyrirtækisins hafa verið teknir úr þessari sendingu 238 hjólbarðar, og samkvæmt því ættu að vera eftir 94 hjólbarðar í Tollvörugeymslu. Engir hjólbarðar af þessari sendingu voru í Tollvörugeymslunni, er rannsókn málsins hófst. Því er um að ræða vöntun

á 94 hjólbörðum að faktúruverði danskar krónur 14.388,00. Enginn tollur hafði verið greiddur af þessum hjólbörðum, og einnig var ógreitt til fyrir-tækisins í Danmörku.

Ákærði hefur bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi viðurkennt að hafa tekið út 94 hjólbarða úr umræddri sendingu án heimildar. Hann hefur hvorki greitt toll af vörunni né greitt til seljandans.

*Liður 11. TR 3207.* Þessi sending kom til landsins 20/9 1978, en hér er um að ræða innflutning Hjólbarðasölnunnar á 200 hjólbörðum og 200 hjól-barðaslöngum frá fyrirtækinu Mohawk í Bandaríkjunum. Samkvæmt fyrir-leggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar var sending þessi færð þangað til geymslu þann 18/10 1978. Samkvæmt birgðabókhalldi Tollvörugeymslunnar hafa verið teknir út af sendingu þessari 89 hjólbarðar, og því ættu að vera eftir þar samtals 111 hjólbarðar og 200 hjólbarðaslöngur. Þar voru hins vegar 200 hjólbarðaslöngur, en engir hjólbarðar. Er því um að ræða vöntun á samtals 111 hjólbörðum að faktúruverði \$ 2.447,41, sem tollur var ógreiddur af. Fyrirtækinu í Bandaríkjunum var hins vegar greidd varan að öllu leyti hinn 16/10 1978.

Ákærði hefur viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að hann hafi tekið 111 hjólbarða úr umræddri sendingu og hafi hann greitt til selj-anda, en ekki greitt toll af umræddri vöru.

*Liður 12. TM 499.* Þessi sending kom til landsins 15/2 1975, en hér er um að ræða innflutning Bílasports s/f á 34 bílavarahlutum frá fyrirtækinu Adrian Maillot í Bandaríkjunum. Samkvæmt fyrirleggjandi gögnum Toll-vörugeymslunnar h/f var sending þessi færð þangað hinn 7/3 1975. Samkvæmt birgðabókhalldi fyrirtækisins hafði ekkert verið tekið úr þessari sendingu, en hins vegar fundust einungis í Tollvörugeymslu 21 bílavara-hlutur úr henni. Því er um að ræða vöntun á 13 bílavarahlutum í sending-una að faktúruverði \$ 504,96. Hinn 2/10 1978 greiddi ákærði toll af allri framannefndri sendingu. Hins vegar hefur umræddu fyrirtæki ekkert verið greitt af þessari sendingu.

Ákærði hefur viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa tekið út 13 bílavarahluti úr þessari sendingu án heimildar. Hann hafi þó greitt toll af þessu síðar, en hins vegar hafi hann ekki getað þrátt fyrir tilraunir greitt til fyrirtækisins, þar sem það var hætt störfum.

*Liður 13. TM 2078.* Þessi sending kom til landsins 3/2 1975, en hér er um að ræða innflutning Bílasports s/f á 203 bílavarahlutum frá fyrirtækinu Treuhafit í Bandaríkjunum. Samkvæmt fyrirleggjandi gögnum Tollvöru-geymslunnar h/f hefur sendingin verið færð þangað til geymslu 1/9 1975.

Samkvæmt birgðabókhalda Tollvörugeymslunnar hefur verið tekið út úr sendingu þessari 25 bílavarahlutir, en eftir eiga þá að vera 178 bílavarahlutir. Í Tollvörugeymslu voru hins vegar 79 bílavarahlutir, þegar rannsókn málsins hófst, og var því um að ræða vöntun á samtals 99 bílavarahlutum að faktúruverði \$ 842,77, sem eftir var að greiða toll af. Framangreindu fyrirtæki var greidd sending þessi að öllu leyti hinn 12/3 1975 með greiðslu í Landsbanka Íslands. Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið út umrædda 99 bílavarahluti af sendingu þessari án þess að greiða toll af henni. Hann hefði hins vegar greitt sendinguna að fullu til seljanda.

*Liður 14. TN 1337.* Þessi sending kom til landsins 19/1 1976, en hér er um að ræða innflutning Nitto-umboðsins á 38 bílavarahlutum frá fyrirtækinu Burns Scott International í Bandaríkjunum. Samkvæmt fyrirleggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar h/f var sending þessi færð þangað til geymslu þann 29/6 1976. Samkvæmt gögnum fyrirtækisins hafði ekkert verið tekið út af þessari sendingu. Hins vegar fundust einungis 11 varahlutir af þessari sendingu við leit við rannsókn máls þessa. Því er um að ræða vöntun á 27 varahlutum að faktúruverði \$ 1.103,48 og hafði ekki verið greiddur tollur af. Sendingin hafði hins vegar verið greidd að fullu til seljanda í Landsbankanum hinn 4/12 1978.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið umrædda 27 varahluti úr þessari sendingu án heimildar. Hafi hann ekki greitt toll af þessu, en hins vegar greitt til seljanda.

*Liður 15. TN 146.* Þessi sending kom til landsins 11/11 1975, en hér var um að ræða innflutning Bílasports s/f á 506 bílavarahlutum frá fyrirtækinu Wolfrace í Englandi. Samkvæmt birgðabókhalda Tollvörugeymslu var sending þessi færð þangað á árinu 1976, en samkvæmt aðflutningskýrslu hefur það sennilega verið hinn 21/1 1976. Samkvæmt gögnum Tollvörugeymslunnar hafa verið teknir úr sendingu þessari 44 varahlutir, og því ættu að vera þar eftir 462 hlutir. Eftir voru þarna 22 hlutir af þessari sendingu. Er því um að ræða vöntun á samtals 440 hlutum að faktúruverði £ 286,34, og hefur ekki verið greiddur tollur af þeirri fjárhæð. Sendingin var hins vegar að öllu leyti greidd til fyrirtækisins með greiðslu á árinu 1976.

Ákærði hefur viðurkennt bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa tekið 440 bílavarahluti úr sendingu þessari án heimildar og hafi þetta verið að verðmæti £ 280,34, en í ákæru er ranglega sagt, að þetta sé \$ 280,34. Ákærði viðurkenndi og að hafa ekki greitt toll af vöru þessari.

*Liður 16. TL 3107.* Sending þessi kom til landsins 7. og 14/11 1974, en

hér er um að ræða innflutning Hjólbarðasölnunnar á 576 hjólbörðum og 500.000 snjónöglum frá fyrirtækinu Continental í Japan. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar var sending þessi færð þangað til geymslu hinn 22/11 1974. Samkvæmt gögnum Tollvörugeymslunnar hafa verið teknir af sendingu þessari 240.000 snjónaglar sem og allir hjólbarðarnir. Eftir átta því að vera í Tollvörugeymslunni 260.000 snjónaglar, en þar reyndust engir slikir, er rannsókn málsins hófst. Hinn 19/4 1979 greiddi ákærði toll af eftirstöðvum sendingarinnar, og hefur því tollur verið greiddur af allri sendingunni. Einnig hafði fyrirtækinu Continental verið greidd þessi sending að öllu leyti með greiðslum í Landsbanka Íslands, og fór síðasta greiðsla fram 14.9. 1978.

Ákærði hefur viðurkennt bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa tekið út 260.000 snjónagla úr sendingu þessari án heimildar. Hann hafi hins vegar síðar greitt toll af vörunni svo og það, sem átti eftir að greiða til seljanda.

### III.

Þegar ákærði hafði verið yfirheyrður hér fyrir dómi hinn 7. október 1981 um einstaka ákæruliði og skýrt frá, svo sem hér að framan hefur verið greint frá, kvaðst hann hafa þann fyrirvara á í sambandi við það, sem hann hafði nú borið, að honum myndist tölur þær, sem hér um ræðir, þ.e. fjöldi hjólbarða og varahluta vera nokkuð háar og talsvert umfram það, sem hann hafði sjálfur gert sér í hugarlund, áður en rannsókn máls þessa hófst. Hann hafi þó ekki talið sig í aðstöðu til að mótmæla þessum tölum, sem byggðar væru á framlögðum gögnum.

Ákærði tók fram, að gæsla í Tollvörugeymslu hafi á umræddum tíma verið mjög losaraleg. Lásar hafi þá t.d. ekki verið fyrir einstökum geymslum né fyrir gámum, þar sem hjólbarðar frá honum voru geymdir um tíma. Hafi í raun hver sem er getað gengið í þessar geymslur. Taldi hann, að algengt hafi verið á þessum tíma, að menn tækju hluti úr geymslum fyrirtækja sinna á svipaðan hátt og hann gerði.

Ákærði sagði hér fyrir dómi 29. nóvember sl., að hann vefengdi ekki út af fyrir sig upphafsskýrslu tollgæslunnar í máli þessu og talningu skv. henni að öðru leyti en því, sem hann hefði leiðrétt við rannsókn málsins og hér að framan hefur verið frá greint. Hann tók fram, að aðstaða til að telja vöru í Tollvörugeymslu hafi oft verið slæm og því gæti stundum hafa vantað á sendingar, án þess að eftir væri tekið, þ.e. við komu þeirra, en þetta gæti þó ekki hafa verið nema tiltölulega lítið.

Ákærði sagði aðspurður, að enginn hafi verið með honum í vitorði í sambandi við þetta atferli, hvorki í Tollvörugeymslunni né utan. Hann kvað það fé, sem hann fékk í þessu sambandi, hafa verið hagnýtt í þágu

umræddra fyrirtækja, m.a. til að greiða upp eldri sendingar, sem hann hafi tekið út með þessum hætti. Hafði þá gengi oft lækkað talsvert, þannig að hann varð í raun að greiða meira fyrir vöruna heldur en hann fékk fyrir hana við sölu.

Helgi Konráðs Hjálmsson, framkvæmdastjóri Tollvörugeymslunnar h/f, kom hér fyrir dóm 18. nóvember 1981. Hann sagði, að Tollvörugeymslan leigi til fyrirtækja aflokað geymslurými. Leigjendur leggi til lása, en fylgst sé með því af hálfu Tollvörugeymslu, að klefar séu læstir, og taldi hann, að svo hafi verið á því tímabili, sem hér um ræðir. Þá sagði hann, að almennt væru þeir, sem kæmu inn á svæði geymslunnar, spurðir um erindi og látnir gera grein fyrir sér.

Eftirlit með úttektum kvað hann á umræddum tíma hafa fólgið í svokölluðu „stikkprufu kontróli“, en það þýddi, að óreglulegt eftirlit var haft í hliðinu. Af hálfu Tollvörugeymslunnar var treyst á, að fram færi að minnsta kosti einu sinni á ári talning í hverjum klefa. Átti tollgæslan að sjá um þá talningu, enda greiddi Tollvörugeymslan sérstaklega fyrir þá þjónustu. Með þessum hætti var talið, að nægilega vel væri fylgst með því, að birgðir í klefum væru réttar. Hann sagði hins vegar, að á árinu 1978 hafi verið tekinn upp sá háttur að hafa menn í hliðinu, sem athugi hverja sendingu, sem fer út.

Vitninu var kynntur framburður ákærða fyrir dóminum 7. október um, að gæsla hafi verið mjög losaraleg á umræddum tíma og lásar t.d. ekki fyrir geymslum eða fyrir gámum. Hann taldi þetta rangt, a.m.k. almennt séð. Fylgst hafi verið með þessu af hálfu fyrirtækisins, en vera megi, að einstök fyrirtæki hafi trassað að láta lása fyrir geymslur sínar, en hann taldi slíkt ekki geta hafa viðgengist um lengri tíma, því fyrirtækið láti innsigli á geymslur, ef komið væri að þeim opnum. Að því er varðar hjólbarða frá fyrirtæki ákærða sagði hann, að hér hafi oft verið um stórar sendingar að ræða, sem komu í gámum, er voru geymdir innan umráðasvæðis Tollvörugeymslunnar. Reynt væri að fylgjast með því, að lásar væru á slíkum gámum, en alltaf væri möguleiki á því, að þeir væru skildir eftir ólæstir.

Þá sagði vitnið, að einu sinni hafi verið stolið 11 hjólbörðum frá öðru fyrirtæki, en þeir hafi verið geymdir á opnu svæði. Það mál hafi upplýst. Hann minntist þess ekki, að ákærði hafi kvartað yfir því, að hjólbörðar hyrfu frá sér. Þá kvaðst hann hafa spurt Matthías Andrés son tollvörð oftast en einu sinni, hvort ekki væri í lagi með birgðir í geymslu ákærða, og hafi hann sagt svo vera.

Vitnið var spurt sérstaklega um sendingu samkvæmt ákærulið 11, sem kom til landsins 20. september 1978, og hvort möguleiki hafi átt að vera á, að unnt væri að komast með svo stóra sendingu út úr geymslunni, ef menn væru til eftirlits í hliðinu. Hann sagði, að það hafi verið alveg um

Þetta leyti, að tekinn var upp sá háttur að hafa menn í hliðinu og hafi þessi sending hugsanlega sloppið út áður.

Þá sagði Helgi, að honum væri ekki kunnugt um nein önnur tilvik, þar sem um væri að ræða, að grunsemdir væru um óleyfilega úttekt úr geymslu. Talningar hafi farið fram einu sinni á ári að minnsta kosti, stundum oftar, hjá öllum fyrirtækjunum öðrum en fyrirtæki ákærða og hafi þær ekki gefið tilefni til slíkra grunsemda. Tollgæslan hafi framkvæmt þessar talningar og hafi lagt þar til grundvallar blöð úr birgðabókhaldi Tollvörugeymslunnar. Hafi tollgæslan stimplað á þessi blöð með dagsetningarstimpli, er talning fór fram. Hann sagði, að samkvæmt athugun sinni hafi síðasta slík stimplun á blað fyrirtækja ákærða verið frá 1975 að því er hann minnti.

Matthías Andrésón tollvörður kom fyrir dóm sama dag vegna máls þessa. Kvaðst hann hafa byrjað að starfa sem tollvörður í Tollvörugeymslunni h/f 1/8 1975. Almennt um geymsluhætti í Tollvörugeymslunni sagði hann, að geymsluklefar og gámar hafi yfirleitt verið læstir og hafi verið ýmist, að eigendur hafi verið með lykla eða Tollvörugeymslan. Þó hafi verið töluvert um það, einkum framan af starfstíma sínum, að hlutir, sem ekki komust inn í geymslu, hafi verið í stafla á gangi fyrir utan þær, t.d. hjólbarðar og sjónvörp og hafi þetta m.a. leitt af sér, að nokkur litasjónvörp hurfu úr geymslunni. Kvaðst hann hafa gert athugasemd við þennan geymslumáta og eftir að sjónvörpin hurfu, hafi þessu verið breytt.

Þegar Matthías var kynntur framburður ákærða um losaralega gæslu, sagði hann það ekki rétt hjá honum, að geymslur hafi ekki verið læstar. Hann kvaðst ekki vita með vissu, hvernig þessu var háttað með gáma. Þeir hafi átt að vera læstir, en honum væri kunnugt um, að gámar, sem t.d. tjörupappír var geymdur í, hafi verið ólæstir.

Þá sagði Matthías, að það hafi ekki verið nein föst regla um talningu í klefum fyrirtækja. Honum var kynntur framburður Helga K. Hjálmsónar um þetta. Kvað hann það ekki rétt, að talning hafi almennt farið fram einu sinni á ári í hverjum klefa. Hann sagði það ekki rétt, að talning hafi ekki farið fram síðan 1975 hjá ákærða. Taldi hann, að talið hefði verið eftir það og gæti hann sýnt pappíra varðandi það. Talning hafi hins vegar ekki farið fram 1978 eða síðar. Ástæða hafi m.a. verið sú, að 1979 mætti ákærði ekki, en ekki væri heimild til að fara inn í klefa, án þess að umboðsmaður fyrirtækis væri viðstaddur. Væri það yfirleitt ástæða fyrir, að talning færi ekki fram, að umboðsmenn fyrirtækja mæta ekki. Þá sagði hann, að samkvæmt sinni skoðun hafi gæslan verið alltof losaraleg og tækifæri fyrir marga t.d. að fá lykla að hinum ýmsu geymslum.

Í tilefni þessa framburðar sagði ákærði, að gámar, er hann hafi verið með, hafi aldrei verið læstir. Klefinn, sem hann var með, hafi í fyrstu verið læstur, en síðan hafi verið hlutað úr honum fyrir aðra klefa, og varð hann

eftir það að nokkurs konar almenningi, þar sem vörur frá honum lágu á lausu gagnvart þeim, sem þurftu að fara í hina klefana. Þá kvaðst ákærði ekki hafa haft heilsu til að vera viðstaddur talningu 1979.

Hinn 26. nóvember 1981 fór fram samprófun milli framangreindra vitna og ákærða sem og vitnanna innbyrðis.

Helgi Konráðs Hjálmsón kvaðst ekki hafa vitað annað en að talning hafi farið fram hjá flestum fyrirtækjum a.m.k. einu sinni á ári. Matthías Andrésson sagði, að þetta hafi yfirleitt verið reynt hjá flestum fyrirtækjum, en það hafi ekki alltaf verið hægt, m.a. vegna þess að ekki hafi alltaf verið mætt. Matthíasi var nú bent á yfirlit, sem rannsóknarlögregla ríkisins hafði gert um talningar hjá fyrirtækjum, þar sem fram kemur, að talning hefur farið fram hjá langflestum fyrirtækjum á árunum 1975-1977 samkvæmt áritunum tollvarða. Hann sagði, að þessi skrá væri ekki tæmandi, því ýmsar talningar hafi farið fram, án þess að tollvörður hafi stimplað skjöl varðandi það, þar sem talningu hafi ekki verið að fullu lokið. Helgi tók fram í þessu sambandi, að hann hafi óskað þess, þegar ekki var mætt af hálfu fyrirtækja eftir ítrekaðar kvaðningar, að klefar þeirra yrðu opnaðir með fógetavaldi. Matthíasi var kunnugt um eitt slíkt tilvik.

Matthías sýndi í dóminum vinnublað, sem liggur frammi í ljósriti varðandi talningu hjá Nitto-umboðinu í mars 1976. Hann kvað þetta vera vinnublað, sem legið hafi hjá tollgæslunni. Ekki hafi verið stimplað í birgðabókhaldið við þessa talningu, líklega vegna þess að talningu hafi ekki verið lokið. Hann taldi, að hann hafi séð sams konar blað frá árinu 1977 sl. sumar, þ.e. 1981, en þegar hann ætlaði að finna það nú virtist því hafa verið kastað. Helgi sagði, að þessi vinnublöð hafi aldrei komið í hendur Tollvörugeymslunnar, heldur hafi tollvörður einungis stimplað í birgðabókhaldið. Hann tók fram, að hann hafi séð slík vinnublöð hjá Matthíasi og talið, að hann stæði vel að talningu.

Helgi Hjálmsón sagði, af tilefni framburðar Matthíasar um geymslu á lykklum, að Tollvörugeymslan hafi geymt lykla fyrir suma viðskiptamenn fyrirtækisins og komi vart til greina, að öðrum en réttum aðiljum hafi verið afhentir lykklar. Honum var ekki kunnugt um, hvort lykklar voru geymdir í læstri hirslu. Ákærði hélt því fram í þessu sambandi, að a.m.k. fyrstu árin hafi lykklar, er Tollvörugeymslan geymdi, verið á töflu í opnum skáp í kaffistofu. Helgi vefengdi þetta ekki.

Helgi sagði í tilefni af framburði ákærða, að ákærði hafi fyrst haft svokallað D-hús, en er fram liðu stundir, hafi verið tregt um greiðslu leigugjalds af hans hálfu. Hafi húsið þá verið hólfað niður í fleiri klefa, og voru útidyr hússins læstar svo og hver klefi að því er vitnið taldi. Vera mætti, að eitthvað hafi verið opið þarna inni, á meðan verið var að vinna að þessum breytingum, en það hafi ekki átt að vera í langan tíma. Ákærði

taldi hins vegar, að þetta ástand hafi varað í marga mánuði. Matthías minntist þess að hafa séð, að þarna var verið að breyta og opið, en gat ekki fullyrt neitt um, hve lengi það var.

Frekara samræmi náðist ekki í framburði þessa.

Svo sem að var vikið hér að framan, gerði rannsóknarlögregla ríkisins athugun á því, hvernig árlegri talningu væri háttað hjá innflytjendum í Tollvörugeymslu. Samkvæmt skýrslu Guðmundar Guðjónssonar rannsóknarlögreglumanns tók rannsóknarlögreglan af handahófi tollpappíra og birgðabókhald 190 sendinga og fékk lánað til skoðunar á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins. Ná sendingar þessar yfir þann tíma, er ætlað misferli, er mál þetta snýst um, nær yfir. Var tilefni könnunarinnar það, að ekki varð séð, að talning hafi farið fram á vörum Hjólbarðasölunnar í Tollvörugeymslunni í áraraddir, þrátt fyrir að talning ætti að fara fram einu sinni á ári. Var úrtak þetta tekið til að sjá, hvernig talningu hafi verið háttað hjá öðrum innflytjendum en Hjólbarðasölunni, en sendingar þessar eru í eigu fjölmargra innflutningsaðilja.

Í ljós kom samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglumannsins, að lögboðin talning hefði farið fram á öllum þessum sendingum, sbr. birgðabókhald, nema einni sendingu eins fyrirtækisins, þar sem talning hafði ekki verið gerð á árabílinu 1973-1977. Engin þessara 190 sendinga var í Tollvörugeymslu á vegum Hjólbarðasölunnar.

Helgi Konráðs Hjálmsón sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, er honum var bent á, að ekki hefði farið fram talning hjá fyrrgreindu fyrirtæki á árunum 1973-1977, að skýring væri sú að hans áliti, að umrætt fyrirtæki hafi orðið gjaldþrota og engin úttekt farið fram, nema fyrst eftir að varan kom í Tollvörugeymslu. Eins gæti skýring verið sú, að ekki náðist í innflytjandann.

#### IV.

Verjandi ákærða hefur krafist þess við munnlegan flutning varnar í málinu, að því verði vísað frá dómi, þar sem ákæru sé svo áfátt, að ekki verði á málið lagður efnislegur dómur. Vísaði verjandinn í því sambandi einkum til þess, að í ljós hefði verið leitt undir meðferð málsins, að birgðabókhald Tollvörugeymslunnar væri svo óáreiðanlegt og birgðahald hennar svo losaralegt, að ekki væri unnt að leggja gögn málsins til grundvallar.

Það er skoðun dómara, að gögn þau, sem lögð eru til grundvallar ákæru, séu nægilega skýr og ljós, til að málið verði tekið til efnislegrar úrlausnar, enda hafi verjandi og haft öll skilyrði til að koma að edlilegum vörnum í því. Verður frávisunarkröfu hans því hafnað.

*Niðurstaða.*

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 7. október 1980 viðurkenndi ákærði almennt að hafa stundað atferli það, sem hann er hér ákærður fyrir, í allstórum mæli. Næst dag kom hann fyrir dóm og staðfesti þar skýrslu sína um þetta og endurtók efnislega umrædda játningu. Rengdi hann ekki, að hér gæti verið um u.þ.b. 1800 hjólbarða að ræða, en kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir tölu.

Hinn 1. desember 1980 var ákærði yfirheyrður um 19 einstakar sendingar, þar sem talinn var möguleiki á, að hann hafi náð út vörum án heimildar. Voru honum í upphafi yfirheyrslu þessarar sýnd öll þau gögn, sem frammi lágu varðandi umræddar sendingar. Viðurkenndi ákærði í yfirheyrslunni fyrirvaralaust heimildarlausar úttektir í sambandi við 16 sendingar. Er ákært í málinu í samræmi við þennan framburð ákærða.

Þegar ákærða var birt ákæra í máli þessu hinn 21. september 1981, viðurkenndi hann almennt, að það væri rétt, sem honum væri gefið að sök. Við nánari yfirheyrslu 7. október 1981 um einstaka ákæruliði bar ákærði á sama veg og hann hafði áður gert í yfirheyrslu um einstaka liði hjá rannsóknarlögreglu 1. desember 1980. Í framhaldi þessa framburðar koma síðan fyrirvarar hans um, að honum finnist tölur þær, sem hér um ræðir, vera allháar og hærrí en hann hafi gert sér í hugarlund, áður en rannsókn málsins hófst, svo og um losaralega gæslu í Tollvörugæmslu. Ákærði hefur ekki lagt fram gögn eða bent á einstök dæmi, er gefa tilefni til vefengingar á fyrri framburði hans og öðrum gögnum málsins. Með hliðsjón af framburðum ákærða bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi sem og öðrum gögnum málsins verður að telja í ljós leitt í málinu, að ákærði hafi gerst sekur um atferli það, sem lýst er í ákæru, að öðru leyti en því, að þar er í lið 7 ranglega sagt, að verðmæti úttekinna hjólbarða hafi numið H.fl. 4.114,00, en á að vera H.fl. 3.114,00. Einnig er í lið 15 ranglega lýst gjaldreyri, en þar á að standa £ 280,34, en ekki dollarar að sömu fjárhæð.

Atferli ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., sbr. 61. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59, 1969, sbr. lög nr. 71, 1976 um breytingu á þeim lögum.

Að því er varðar liði 1-8, 10, 12, 14 og 16 er og ákært fyrir brot á 1. mgr. 247. gr. alm. hgl., en til vara fyrir brot á 2. tl. 1. mgr. 250. gr. sömu laga. Telja verður í ljós leitt, að ákærði hafi, er hann tók úr umræddum sendingum, svo sem að framan er lýst, átt eftir að greiða til seljenda fyrir varninginn. Enda þótt þessi varningur hafi ekki beinlínis verið í vörslum ákærða, þar sem hann var geymdur í Tollvörugæmslunni, var hann þó hingað kominn á hans vegum og geymdur í klefa hans í Tollvörugæmslunni. Verður því að líta hér svo á, að hann hafi verið nokkurs konar vörslu-

maður og að framangreindar ráðstafanir hans á varningnum falli undir 1. mgr. 247. gr. alm. hgl.

### *C. Ákvörðun refsingar.*

Ákærði Gísli Grétar Sigurjónsson er sem fyrr segir fæddur 4. apríl 1938 í Reykjavík. Á árunum 1955-1965 hlaut hann 6 sinnum sektir fyrir ýmis brot á umferðarlögum, en að öðru leyti hefur hann ekki hlotið refsingar.

Ákærði hefur við meðferð málsins sagt, að aðstæður sínar hafi verið mjög erfiðar á tímabili því, sem hér um ræðir. Hann hafi lent í því óhappi á árinu 1975, að litill drengur varð fyrir bifreið hans og beið bana af. Ákærði var ákærður fyrir manndráp af gáleysi, en var sýknaður með dómi 6.4. 1977. Hins vegar kvað hann allt sitt líf hafa tekið gjörbreytingu til hins verra við þetta og svo hafi komið, að hjónaband hans hafi leyst upp og hann lagst í sinnuleysi. Einnig hafði hann áður átt við heilsuleysi að stríða, m.a. vegna krabbameins í ristli. Á þessu tímabili hafi hann hitt meðákærðu Þorvald og Halldór, sem átt hafi auðvelt með að telja hann á að taka þátt í misferli því, sem hér er m.a. um fjallað.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður haft í huga, hversu stórfelld og langvarandi brot hans voru og að tjón vegna þeirra var yfirgripsmikið.

Á hinn bóginn má hér líta á, að ákærði var ekki upphafsmaður að atferli því, er ákæran frá 11. janúar 1980 tekur til, heldur var hann talinn á þátttöku í því af meðákærðu Þorvaldi og Halldóri. Ákærði hefur við rannsókn málsins og meðferð mjög reynt að upplýsta það sem best og sýnt í alla staði góða framkomu.

Með allt þetta í huga og með hliðsjón af 77. gr. alm. hgl. þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 14 mánuði.

Ákærði Þorvaldur Bergmann Björnsson er sem fyrr segir fæddur í Reykjavík 19. janúar 1936. Á árinu 1966 hlaut hann dóm fyrir fiskveiðilagabrot og á árinu 1970 hlaut hann sekt og 4 mánaða ökuleyfissviptingu fyrir ölvun við akstur. Að öðru leyti hefur hann ekki sætt kærnum eða refsingum áður.

Hér er á að líta við ákvörðun refsingar, hversu stórfelld og langvarandi brot ákærða voru og hve mikið tjón hefur af þeim hlotist. Einnig hlýtur að verða haft í huga, að ákærði er annar upphafsmaanna að misferlinu og sá, er aðallega taldi þá Gísla, Geir og Hrafnel á þátttöku í því. Hann skipulagði það einnig og sá að langmestu leyti um framkvæmdina. Misnotaði hann hér gróflega stöðu sína sem yfirmaður hjá varnarliðinu. Einnig verður ekki fram hjá því litið í þessu sambandi, að framkoma ákærða við rannsókn og meðferð málsins hefur síst verið til þess fallin að upplýsa málið.

Á hinn bóginn má hafa í huga, að ákærði hefur ekki áður sætt refsingum

fyrir brot á almennum hegningarlögum. Með allt þetta í huga verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í 14 mánuði, en til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhald hans 10.-17. desember 1978.

Ákærði Halldór Örn Magnússon er fæddur 11. mars 1932 í Hafnarfirði. Hann hefur tvívegis áður hlotið refsingu vegna brota á almennum hegningarlögum. Með dómi 14. janúar 1964 hlaut hann fangelsi í 3 ár fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr., 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. og 262. gr. hegningarlaga, og 1. mgr. 5. gr., 6. gr. og 7. gr., sbr. 18. gr. laga um bókhald nr. 62, 1938 og dæmdur til greiðslu á kr. 289.829,68 til bæjarsjóðs Vestmannaeyja og kr. 231.597,30 til Kaupfélags Vestmannaeyja. Einnig hlaut hann hinn 23.9 1975 6.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. og 256. gr. hegningarlagna. Þá hefur hann nokkrum sinnum hlotið sektir fyrir brot á tollalögum, áfengislögum og umferðarlögum. Hinn 9. nóvember 1976 hlaut hann sekt og ökuleyfissviptingu í 12 mánuði vegna ölvunar við akstur, og hinn 16. nóvember 1979 hlaut hann sekt, kr. 60.000,00, fyrir brot á 37. og 41. gr. umferðarlaga.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður haft í huga, að hér var um stórfelld brot að ræða, sem ollu miklu tjóni. Ákærði misnotaði hér gróflega stöðu sína sem háttsettur starfsmaður þess, sem misferlið beindist að. Hann var og annar upphafsmanna að misferlinu. Þegar á framanritað er litið og með hliðsjón af 78. gr. hgl., þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldsvist ákærða með fullri dagatölu frá 12.-17. desember 1978.

Ákærði Geir Guðmundsson er fæddur 15. mars 1948 á Ísafirði. Hann hefur einu sinni hlotið sekt fyrir ölvun á almannafæri og tvívegis fyrir umferðarlagabrot. Að öðru leyti hefur hann ekki sætt kærnum og refsingum.

Þegar refsing ákærða er metin, verður annars vegar höfð hliðsjón af því, að hann átti þátt í að svikja verulegar fjárhæðir út úr vinnuveitanda sínum og misnotaði þar stöðu sína sem yfirmaður. Hins vegar má líta til þess, að yfirmaður ákærða hafði frumkvæði að því, að ákærði tók þátt í þessu, og ekki er með öllu unnt að líta fram hjá þeim framburði ákærða, að hann hafi jafnvel óttast um stöðu sína, ef hann yrði ekki með. Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði sýnt góða framkomu og reynt að stuðla að því, að það upplýstist sem best.

Með allt ofanritað í huga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði. Eftir atvikum og með hliðsjón af sakavottorði ákærða þykir mega fresta fullnustu á hluta refsingarinnar, þ.e. 3 mánuðum, og falli sá hluti hennar niður, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga í 3 ár. Til frádráttar fangelsisrefsingu ákærða komi gæsluvarðhaldstími hans frá 10.-11. desember 1978.

Ákærði Hrafnkell Óskarsson er fæddur 8. september 1942. Hann hefur

einu sinni hlotið sekt fyrir umferðarlagabrot, einu sinni fyrir ölvun á almannaferi og einu sinni fyrir tollalagabrot. Að öðru leyti hefur hann ekki sætt kærnum og refsingum.

Við mat á refsingu ákærða verður haft í huga, að brot hans varðaði stórar fjárhæðir og tjón vinnuveitanda hans var mikið, en ákærði gegndi trúnaðarstöðu. Á hinn bóginn hafði ákærði ekki frumkvæði í þessu máli, heldur var hann talinn á þátttöku af meðákærða Þorvaldi. Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins sýnt góða framkomu.

Þegar allt framanritað er virt, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Eftir atvikum og með hliðsjón af sakavottorði ákærða þykir mega fresta fullnustu á hluta refsingarinnar, eða 3 mánuðum, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl.

#### *D. Bótakröfur.*

##### *I. Bótakröfur vegna ákæru, dags. 11. janúar 1980.*

Með bréfi til dómsins, dagsettu 10. september 1980, gerði Örn Höskulds-son hdl. bótakröfu á hendur ákærðu f.h. dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna. Krafan er sett fram sem hér segir:

„Að ákærðu verði dæmdir til þess að greiða Dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna (United States Department of Justice) f.h. Bandaríkjanna, in solidum \$ 153.753.81 með vöxtum sem hér segir:

með 13% ársvöxtum af	\$	244.40	frá 27.9 1976
til 1.10. 1976 af	\$	1.167.40	frá þeim degi
til 19.11. 1976 af	\$	15.127.25	“ “ “
til 16.12. 1976 af	\$	25.289.45	“ “ “
til 14.2. 1977 af	\$	42.554.19	“ “ “
til 24.3. 1977 af	\$	43.058.19	“ “ “
til 4.4. 1977 af	\$	45.099.63	“ “ “
til 19.4. 1977 af	\$	58.523.59	“ “ “
til 17.4. 1977 af	\$	62.482.59	“ “ “
til 3.6. 1977 af	\$	63.192.59	“ “ “
til 9.6. 1977 af	\$	79.559.39	“ “ “
til 23.6. 1977 af	\$	79.985.39	“ “ “
til 28.7. 1977 af	\$	81.512.89	“ “ “
til 8.8. 1977 af	\$	84.030.81	“ “ “
til 21.9. 1977 af	\$	84.804.31	“ “ “
til 30.9. 1977 af	\$	105.118.18	“ “ “
til 20.10. 1977 með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi			

til 5.1. 1978 af	\$ 108.421.98	frá þeim degi
til 13.1. 1978 af	\$ 109.623.98	“ “ “
til 2.2. 1978 af	\$ 122.061.13	“ “ “
til 21.2. 1978 með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi		
til 16.3. 1978 af	\$ 131.973.65	frá þeim degi
til 20.6. 1978 af	\$ 136.765.55	“ “ “
til 30.8. 1978 af	\$ 143.499.29	“ “ “
til 12.10. 1978 af	\$ 143.623.21	“ “ “
til 24.10. 1978 af	\$ 148.631.01	“ “ “
til 15.11. 1978 af	\$ 153.753.81	“ “ “
til 1.6. 1979 með 22% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi		
til 1.9. 1979 með 27% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi		
til 1.12. 1979 með 31% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi		
til 1.6. 1980 með 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.		

Krafist er skaðabóta í bandaríkjadöllum. Tjónþoli er erlendur aðili sem greiddi í bandaríkjadöllum og myndi þurfa að greiða í þeirri mynt ef hann ætlaði að kaupa sömu vöru í stað þeirrar sem hann fékk ekki.

Vaxtakrafa er gerð í samræmi við nýgenginn hæstaréttardóm um vexti á kröfu í erlendri mynt.

Krafist er vaxta af fjárhæð hvers tékka frá útgáfudegi hans.

Vegna greiðslu á pöntun KS30, 26.4. 1978 er krafist vaxta frá útgáfudegi næsta tékka á eftir þar sem ekki kemur fram í skjölum málsins hvenær tékkinn var gefinn út.

Vegna greiðslu á pöntun KS06 27.10. 1978, er krafist vaxta frá 15.11. 1978 þar sem ekki kemur fram í skjölum málsins hvenær tékkinn var gefinn út.

Krafist er að ákærðu verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta. Það á ekki að koma tjónþola við hvernig ákærðu skiptu með sér ávinningi af brotinu eða hvort þeir deila um skiptingu ávinningsins.

Vegna pöntunar 0014 24.3. 1977 er krafist greiðslu á \$ 2.041.44 en ekki \$ 2.832,00 svo sem ákært er fyrir.

Vegna pöntunar 0015 29.3. 1977 er krafist greiðslu á \$ 504.00 en ekki \$ 604.80 svo sem ákært er fyrir.

Vegna pöntunar KS06 26.6. 1977 er krafist greiðslu á \$ 773.50 en ekki 1.638.70 svo sem ákært er fyrir.

Vegna pöntunar KS10 28.9. 1977 er krafist greiðslu á \$ 167.47 en ekki \$ 892.80 svo sem ákært er fyrir.

Að öðru leyti er krafist skaðabóta fyrir hverja pöntun eins og fjárhæðir koma fram í ákæru.“

Lögmaðurinn skrifaði dóminum að nýju með bréfi, dagsettu 4. nóvember 1981, þar sem segir svo m.a.:

„Reynt hefur verið að ná samningum við ákærðu um greiðslu bóta án árangurs. Frá því fyrrgreint bréf mitt var sent yður hefi ég athugað málskjöl vegna annars sakamáls á hendur ákærða Gísla Grétari Sigurjónssyni. Mér sýnist gögnin geta gefið tilefni til þess að ætla að Gísl Grétar verði sýknaður af þremur síðustu pöntunum í ákæru þ.e. KS 04-05 og 06.

Þá virðist sem lagarök hnigi til þess að staðhæfa megi að umbj. minn sé eigandi þess varnings sem fyrrgreindar pantanir varðar og að varningurinn sé fyrir hendi í tollvörugeymslu.

Með vísan til framanritaðs óska ég eftir að falla frá bótakröfu vegna hinna þriggja síðustu pantana og verður þá höfuðstóll bótakröfu \$ 143.499,29.

Þá óska ég eftir að gera eftirfarandi breytingar á kröfu minni:

Ákærðu Gísl Grétar Sigurjónsson, Þorvaldur Bergmann Björnsson og Halldór Örn Magnússon verði dæmdir til þess að greiða umbj. mínum in solidum þá fjárhæð sem þeir einir hirtu ávinning af, in solidum ásamt Hrafnkeli Óskarssyni þá fjárhæð sem þeir fjórir hirtu ávinning af, þeir fjórir in solidum með Geir Guðmundssyni þá fjárhæð sem þeir hirtu ávinning af.

Ég verð að leggja það í mat dómarans hvaða fjárhæðir þarna er um að ræða þar sem sumir ákærðu halda því t.d. fram að ákærði Hrafnkell hafi tekið þátt í svikunum frá og með pöntun 0014 2. febrúar 1977 en ákærði Hrafnkell sjálfur heldur því fram að hans þátttaka hafi byrjað frá og með pöntun 0016 4. apríl 1977.

Vaxtakrafa helst óbreytt og er í samræmi við Hrd. L-1142.

Fari svo að dómarrinn komist að þeirri niðurstöðu að dæma beri skaðabætur í íslenskum krónum á gengi sem í gildi var er tékkar voru innleystir er gerð sú varakrafa að dæmdir verði almennir sparisjóðsvextir á fjárhæðina þ.e. sömu vextir og krafist er í aðalkröfu til birtingardags ákæru en dómvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Ég leyfi mér að ítreka þá kröfu mína að bætur verði dæmdar í bandaríkjadöllum.“

Ákærðu hafa mótmælt bótakröfum sem vanreifuðum og of háum svo og á grundvelli þess, að þær geri ráð fyrir solidariskri bótaábyrgð og einnig að þær miðist við greiðslu í erlendum gjaldeyri. Komið hefur fram, að viðræður hafa átt sér stað af hálfu ákærðu við Örn Höskuldsson hdl. um hugsanlegar bótageiðslur. Þannig hafa ákærðu Halldór og Þorvaldur boðið fram greiðslu á sem svarar gkr. 5.630.159,00 hvor.

Ákærði Hrafnkell sagði fyrir dómi, að hann hefði rætt þessi mál við Örn Höskuldsson hdl. og gengið þar út frá, að sinn hlutur hefði numið

gkr. 4,2 milljónum. Örn hafi ekki viljað falla frá solidariskri kröfu á ákærðu né frá kröfu um greiðslu miðað við erlendan gjaldeyri.

Ákærði Geir skýrði á sama hátt frá því, að hann hefði rætt við lögmanninn og hefði þar verið gengið út frá, að greiðsluskylda hans næmi allt að gkr. 2,5 milljónum, sem í raun sé hærri fjárhæð en hann hafi viðurkennt að hafa tekið við.

Ekkert hefur komið fram í málinu um ákveðið greiðsluboð af hálfu ákærða Gísla. Hann hefur mótmælt kröfunni, í fyrsta lagi þar sem hún sé gerð í erlendum gjaldeyri, en einnig almennt tölulega svo og þar sem hann hafi boðið fram dekk til að fullnægja síðustu pöntununum, en því hafi verið hafnað.

Fram hefur komið, að framangreindum greiðsluboðum ákærðu hefur verið hafnað. Þó hefur verið fallið frá bótakröfum vegna þriggja síðustu pantananna, eins og fram kemur í síðara bréfi lögmanns bótakrefjanda til dómsins, sem áður er rakið.

Verjendur ákærðu kröfðust þess í vörnum sínum, að framangreindum bótakröfum yrði vísað frá dómi vegna vanreifunar, þar sem þeim hafi verið beint gegn öllum ákærðu vegna alls þess athæfis, sem ákæran nær til, enda þótt ljóst sé, að þeir geti ekki allir talist þar ábyrgir. Einnig sé ekki ljóst með aðild bótakrefjanda. Í lögghaldsmáli, á meðan á rannsókn málsins stóð, hafi kröfur verið hafðar uppi vegna varnarliðsins, en nú sé þeim haldið uppi í nafni dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna.

Af þessu tilefni óskaði dómarrinn þess við lögmann bótakrefjanda, að hann gerði grein fyrir aðild hans, þ.e. dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna. Lagði hann fram bréf sendiráðs Bandaríkjanna hér á landi, dags. 10. desember sl., þar sem fram kemur, að dómsmálaráðuneytið fari yfirleitt með öll mál varðandi bætur fyrir bandaríska ríkið og stofnanir þess. Verjendur hafa ekki mótmælt þessari skýringu, en bent er á af hálfu verjanda Þorvalds Bergmanns Björnssonar, að skv. þessu megi ljóst vera, að lögghaldsgerð sú, sem fram fór í eignum Þorvalds til tryggingar ætluðum skaðabótum, hafi verið gerð skv. beiðni frá röngum aðilja.

EKKI verður á það fallist, að bótakröfur í málinu séu þannig fram settar, að ekki verði á þær lagður efnislegur dómur. Að vísu voru upphaflegar bótakröfur í bréfi, dags. 10.9. 1980, þeim annmörkum háðar, að gerðar voru kröfur á hendur öllum ákærðu um greiðslu in solidum á heildarfjárhæð ákærunnar, án þess að tillit væri tekið til þess, að þeir eru ekki allir ákærðir fyrir svik yfir tímabilið í heild. Úr þessu var bætt með bréfi, dagsettu 4.11. 1981, á þann hátt, að fullnægjandi verður að teljast.

Þá verður heldur ekki með hliðsjón af því, sem áður var rakið, talinn leika vafi á heimild dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna til að hafa uppi kröfugerð í málinu.

Frávísunarkröfum verjenda er því hafnað.

Svo sem fyrr segir, hafa ákærðu mótmælt solidariskri bótaábyrgð í málinu, enda liggja ljóst fyrir um þátt hvers og eins í atferli því, er málið snýst um, svo og sé ljóst, hvernig ágóði af því skiptist milli ákærðu.

Það verður að telja meginreglu í íslenskum rétti, staðfesta af langri dómvenju, að hafi fleiri menn en einn bakað öðrum tjón með refsiverðum verknaði, beri þeir ábyrgð á greiðslu tjónsins einn fyrir alla og allir fyrir einn. Breytir þar engu, þótt þeir hafi samið um skiptingu hins ólöglega ávinnings sín á milli. Verða mótmæli ákærðu gegn kröfugerð að þessu leyti því ekki tekin til greina.

Svo sem fram hefur komið, er hér gerð krafa um greiðslu í bandarískum dollurum. Þessu hefur verið mótmælt af hálfu ákærðu og á það bent, að þeir hafi fengið greiðslur í íslenskum peningum. Að vísu hafi umræddir greiðslutékkar hljóðað upp á dollara, en tékkarnir hafi verið innlestir í íslenskum banka og greiddir út í íslenskum peningum.

Tjónþoli, varnarliðið á Keflavíkurflugvelli, varð hér fyrir fjárútlátum í bandarískum dollurum vegna svika af hálfu ákærðu. Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar ber ákærðu að bæta tjónþola allt það tjón, sem hann sannanlega varð fyrir vegna hinnar refsiverðu háttsemi. Ljóst er, að með greiðslu nú í íslenskum krónum miðað við gengi dollara á söludögum umræddra greiðslutékka myndi tjónþoli engan veginn fá tjón sitt bætt að fullu. Verður að telja, að hér skipti það sköpum, að greiðslur þær, er sviknar voru út úr tjónþola, voru inntar af hendi í erlendum gjaldeyri, sem var eðlilegur greiðslueyrir greiðanda. Skiptir hér ekki máli, hvernig ákærðu hagnýttu sér greiðslur. Samkvæmt þessu verða bótagreiðslur ákærðu ákveðnar í bandarískum dollurum.

Af hálfu ákærðu hefur vaxtakröfum bótakrefjanda ekki verið mótmælt út af fyrir sig. Þó hefur verið bent á, að hækkun vaxta í 16% eigi að miðast við 21.11. 1977, en ekki 20.10. 1977, eins og gert er í bótakröfu. Rétt þykir því, að greiðsla vaxta verði ákveðin í samræmi við kröfu bótakrefjanda með ofangreindri breytingu þó fram til 1. júní 1980. Rétt er hins vegar að miða vexti frá þeim degi við vexti af innlendum gjaldeyrisreikningum í bandarískum dollurum samkvæmt reglugerð nr. 519, 1979, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma, að viðbættum 6% ársvöxtum til 21. apríl 1982, en að viðbættum 5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 2. mgr., c-liðar III. kafla í auglýsingum Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir o.fl., sem útgefnar voru 29. maí 1980, 9. febrúar 1981 og 9. maí 1981, svo og 2. mgr., c-liðar, 2. tl. IV. kafla auglýsinga um sama efni frá 5. apríl 1982 og 29. október 1982, sem allar eru gefnar út skv. heimild í 5. gr. laga nr. 58, 1960, sbr. 1. gr. laga nr. 71, 1965, sbr. og 13. gr. laga nr. 10, 1961.

Samkvæmt framansögðu og í samræmi við áðurgreind úrslit refsipáttar málsins verða ákærðu taldir skaðabótaskyldir gagnvart dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna sem hér segir:

Ákærðu allir vegna pantana KS 11, KS 20 og KS 25 á 2. samningstímabili, samtals að fjárhæð \$ 42.496,07. Skulu þeir greiða þá fjárhæð in solidum með vöxtum sem hér segir: Með 13% ársvöxtum af \$ 20.146,40 frá 30.9. 1977 til 21.11. 1977, með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 2.2. 1978, af \$ 32.583,55 frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 16.3. 1978, af \$ 42.496,07 frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærðu Gísli, Þorvaldur, Halldór og Hrafnkell vegna pantana 0016 og 0023 á 1. samningstímabili að fjárhæð samtals \$ 29.790,76. Skulu þessir ákærðu greiða þá fjárhæð in solidum með vöxtum sem hér segir: Með 13% ársvöxtum af \$ 13.423,96 frá 19.4. 1977 til 9.6. 1977, af \$ 29.790,76 frá þeim degi til 21.11. 1977, síðan af sömu fjárhæð með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1978, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærðu Gísli, Þorvaldur og Halldór vegna pantana 0002, 0003, 0008, 0010, 0011 og 0014 (dags. 2.2 1977) á 1. samningstímabili, samtals að fjárhæð \$ 40.535,59. Skulu þessi ákærðu greiða þá fjárhæð in solidum með vöxtum sem hér segir: Með 13% ársvöxtum af \$ 244,40 frá 27.9. 1976 til 1.10. 1976, af \$ 1.167,40 frá þeim degi til 19.11. 1976, af \$ 14.760,75 frá þeim degi til 16.12. 1976, af \$ 24.922,95 frá þeim degi til 14.2. 1977, af \$ 40.535,59 frá þeim degi til 21.11. 1977, síðan af sömu fjárhæð með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærðu Gísli, Geir og Hrafnkell vegna pöntunar KS 02 á 3. samningstímabili að fjárhæð samtals \$ 6.733,74. Skulu þessir ákærðu greiða þá fjárhæð in solidum með 19% ársvöxtum frá 30.8. 1978 til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærðu Gísli og Þorvaldur vegna pantana 0013 og 0020 á 1. samningstímabili, KS 01, KS 16 og KS 30 á 2. samningstímabili, samtals að fjárhæð \$ 15.420,02. Skulu þessir ákærðu greiða þá fjárhæð in solidum með vöxtum sem hér segir: Með 13% ársvöxtum af \$ 1.652,10 frá 14.2. 1977 til 27.4.

1977, af \$ 5.611,10 frá þeim degi til 8.8. 1977, af \$ 8.129,02 frá þeim degi til 21.11. 1977, með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 5.1. 1978, af \$ 11.432,82 frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20.6. 1978, síðan af \$ 15.420,02 frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærði Gísli einn vegna pöntunar 0026 á 1. samningstímabili, að fjárhæð \$ 1.527,50. Svo sem fyrr hefur komið fram, hefur verið fallið frá bótakröfum vegna þriggja síðustu pantananna á 3. samningstímabili. Samkvæmt þessu verður þessi ákærði dæmdur til að greiða ofangreinda fjárhæð, \$ 1.527,50, með 13% ársvöxtum frá 28.7. 1977 til 21.11. 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Af öllum ofangreindum fjárhæðum skulu greiddir vextir frá 1.6. 1980, eins og þeir hafa verið á innlendum gjaldeyrisreikningum í bandarískum dollurum á hverjum tíma, að viðbættum 6% ársvöxtum til 21.4. 1982, en að viðbættum 5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Að öðru leyti er bótakröfum vegna þessa máls vísað frá dómi.

Engin afstaða verður tekin í máli þessu til lögaldsgerðar, sem fram fór hinn 1.3. 1979 í eignum ákærða Þorvalds Bergmanns Björnssonar til tryggingar væntanlegum skaðabótum.

## *II. Bótakröfur vegna ákæru, dags. 11.6. 1981.*

Tveir aðiljar hafa lagt fram bótakröfur vegna máls þessa. Othar Örn Petersen hrl. hefur með bréfi til dómsins, dagsettu 3. september 1981, gert kröfu á hendur ákærða f.h. Continental Rubber B.V. að fjárhæð H.fl. 30.911,66, „auk vaxta og kostnaðar“, eins og segir í bréfi hans. Er hér um að ræða kröfu vegnar ákæruliða 1-2 og 4-8.

Guðmundur Jónsson hdl. hefur f.h. TBA Trading Kolding Aps. í Danmörku gert kröfu á hendur ákærða um greiðslu á dönskum kr. 14.388,00 vegna ákæruliðar 10.

Verða nú teknir fyrir einstakir liðir bóta krafna og afstaða tekin til þeirra:

1. Samkvæmt fylgiskjali með bótakröfu Othars A. Petersen hrl. er gerð krafa á hendur ákærða um greiðslu á H.fl. 4.853,16 vegna sendingar TM 1024 (ákæruliður 1). Ákærði hefur samþykkt greiðslu á H.fl. 837,88 vegna þessarar sendingar.

Bótakrafan mun á því reist, að alls hafi verið ógreidd af umræddri send-

ingu framangreind fjárhæð, H.fl. 4.853,16, þar á meðal af þeim varningi, sem enn var í Tollvörugeymslu, þegar rannsókn málsins hófst, þ.e. 190 hjólbörðum. Hins vegar liggur fyrir, að ákærði hafði greitt til umrædds fyrirtækis verð þeirra hjólbarda, er hann tók út í heimildarleysi, að undanskildum H.fl. 837,88. Í þessu máli verður ekki dæmt um aðrar fjárhæðir en þær, sem rekja má til hins refsiverða atferlis ákærða og hér að framan hefur verið lýst. Samkvæmt því verður hann hér einungis dæmdur til greiðslu á H.fl. 837,88, en kröfunni að öðru leyti vísað frá dómi.

2. Gerð er hér krafa um greiðslu á H.fl. 397,80 vegna sendingar TM 1048 (ákæruliður 2). Ákærði hefur samþykkt kröfu þessa. Þar sem hún er í samræmi við gögn málsins, verður hún tekin til greina.

3. Gerð er hér krafa um greiðslu á H.fl. 9.608,90 vegna sendingar TM 2005 (ákæruliður 4). Ákærði hefur samþykkt greiðslu á H.fl. 4.165,20 vegna þessarar sendingar.

Einungis er hér ákært vegna töku varnings að verðmæti H.fl. 4.165,20, enda mun það, sem umfram er í kröfu bótakrefjanda, vera vegna þess varnings, sem enn var í klefa ákærða í Tollvörugeymslu. Ákærði verður hér því einungis dæmdur til greiðslu á H.fl. 4.165,20, en að öðru leyti er kröfunni vísað frá dómi.

4. Gerð er hér krafa um greiðslu á H.fl. 11.291,80 vegna sendingar TM 3024, (ákæruliður 5). Ákærði samþykkir greiðslu á H.fl. 11.135,35 vegna þessarar sendingar.

Ákært er vegna heimildarlausrar töku varnings að verðmæti H.fl. 11.135,35, og verður ákærði ekki dæmdur til að greiða hærri fjárhæð, enda er það í samræmi við gögn málsins. Er kröfunni að öðru leyti vísað frá.

5. Gerð er krafa um greiðslu á H.fl. 140,00 vegna sendingar TN 116 (ákæruliður 6). Ákærði samþykkir kröfu þessa, og þar sem hún er í samræmi við gögn málsins, verður hún tekin til greina.

6. Gerð er krafa um greiðslu á H.fl. 3.114,00 vegna sendingar TN 746 (ákæruliður 7). Ákærði samþykkir hér greiðslu á H.fl. 3.084,80. Samkvæmt fyrirliggjandi yfirliti frá Múlaútibúi Landsbanka Íslands er ógreitt af sendingu þessari H.fl. 3.084,80, og verður ákærði því dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar, en kröfunni að öðru leyti vísað frá.

7. Gerð er krafa um greiðslu á H.fl. 1.506,00 vegna sendingar TN 1452

(ákæruliður 8). Ákærði samþykkir kröfu þessa, og verður hún tekin til greina að fullu.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði dæmdur til að greiða Othari Erni Petersen hrl. f.h. Continental Rubber B.V. H.fl. 21.267,03. Lögmaðurinn hefur ekki skýrt eða sundurliðað kröfu um vexti og verður henni því vísað frá dómi.

8. Guðmundur Jónsson hdl. gerir sem fyrr segir kröfu f.h. TBA Trading Kolding Aps. í Danmörku um greiðslu á d.kr. 14.388,00 vegna sendingar TN 2528 (ákæruliður 10). Í þinghaldi hinn 7. október 1981 samþykkti ákærði bótakröfu þessa.

Verjandi ákærða mótmælti hins vegar greiðsluskyldu ákærða í munnlegri vörn sinni, þar sem innflytjandi væri hlutafélag, Nitto-umboðið h.f., og gæti ákærði því ekki borið hér persónulega ábyrgð.

Ákærði hefur hér verið fundinn sekur um refsiverða háttsemi, sem m.a. beindist gegn seljanda umræddra hjólbarða, og ber hann persónulega ábyrgð á fjárhagslegum afleiðingum þessa verknaðar. Samkvæmt því verður hann dæmdur til að greiða Guðmundi Jónssyni hdl. f.h. TBA Trading Kolding Aps. ofangreinda fjárhæð, d.kr. 14.388,00.

Í skjölum máls þessa er að finna afrit af bréfi tollstjórans í Reykjavík, dagsettu 23. janúar 1981, til Tollvörugeymslunnar h.f., þar sem krafist er greiðslu á gjöldum af vörusendingum þeim. er ákærði hafði tekið heimildarlaust út, samtals að fjárhæð kr. 201.372,00 auk vaxta. Engin krafa hefur borist til dómsins á hendur ákærða vegna þessara gjalda.

#### *E. Sakarkostnaður.*

Rétt þykir að dæma ákærðu alla in solidum til greiðslu sakarkostnaðar að því er varðar ákærana frá 11. janúar 1980. Ákærði Gíslí greiði einn sakarkostnað vegna ákærunnar frá 11. júní 1981. Auk þess greiði ákærðu verjendum sínum réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun sem hér segir:

Ákærði Gíslí greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði Sigurjónssyni hdl., málsvarnarlaun, kr. 30.000,00.

Ákærði Þorvaldur greiði skipuðum verjanda sínum, Kjartani Reyni Ólafssyni hrl., réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun, kr. 25.000,00.

Ákærði Halldór greiði skipuðum verjanda sínum, sama lögmanni, málsvarnarlaun, kr. 20.000,00.

Ákærði Geir greiði skipuðum verjanda sínum Sigurði Sigurjónssyni hdl., málsvarnarlaun, kr. 12.500,00.

Ákærði Hrafnkell greiði skipuðum verjanda sínum, sama lögmanni, málsvarnarlaun, kr. 12.500,00.

Nokkur dráttur hefur orðið á meðferð máls þessa af ástæðum, sem nú skal greina:

Mál vegna ákæru dags. 11. janúar 1980 var tilbúið til varnar vorið 1981, og í þinghaldi 9. júní 1981 var ákveðinn frestur til að skila skriflegum vörnum til 15. september s.á. Dómaranum var hins vegar þá um sumarið úthlutað nýtt mál á hendur ákærða Gísla skv. ákærundi dags. 11. júní 1981, og þótti rétt að sameina það hinu fyrra máli. Var það þegar tekið til meðferðar. Í þinghaldi 26. nóvember 1981 var á ný ákveðinn frestur til að skila vörnum í málinu til 28. jan. 1982. Vegna veikinda annars verjandans um alllangan tíma var málinu frestað ótiltekið án bókonar. Dróst að ákveða nýjan frest, m.a. vegna ferðalaga og anna verjenda og einnig vegna starfa dómara að öðrum málum. Dómarinn tilkynnti verjendum síðan með bréfi, dags. 21. september sl. um nýjan frest til varnar til 27. október. Að ósk verjenda voru fluttar munnlegar varnir í málinu, og fór flutningur fram 3. nóvember sl. Málið var síðan tekið fyrir til frekari yfirheyrslu og gagnaöflunar 29. nóvember og 15. desember sl. og var þá endanlega dómtekið.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði Gísli Grétar Sigurjónsson sæti fangelsi í 14 mánuði.

Ákærði Þorvaldur Bergmann Björnsson sæti fangelsi í 14 mánuði, en til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhald hans 10.-17. desember 1978.

Ákærði Halldór Örn Magnússon sæti fangelsi í 10 mánuði, en til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhald hans 12.-17. desember 1978.

Ákærði Geir Guðmundsson sæti fangelsi í 5 mánuði, en fresta skal fullnustu á 3 mánuðum af refsingunni, og skal sá hluti hennar niður falla að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940. Til frádráttar refsingu ákærða komi gæsluvarðhald hans 10.-11. desember 1978.

Ákærði Hrafnkell Óskarsson sæti fangelsi í 6 mánuði, en fresta skal fullnustu á 3 mánuðum af refsingunni, og skal sá hluti hennar niður falla að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940.

Ákærðu greiði dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna (United States Department of Justice) skaðabætur sem hér segir:

Ákærðu allir greiði in solidum bandaríska dollara 42.496,07 með 13% ársvöxtum af \$ 20.146,40 frá 30.9. 1977 til 21.11. 1977, með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 2.2. 1978, af \$ 32.583,55 frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 16.3. 1978, af \$ 42.496,07 frá þeim degi til 1.6. 1979,

með 22% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærðu Gísli, Þorvaldur, Halldór og Hrafnkell greiði in solidum bandaríska dollara 29.790,76 með 13% ársvöxtum af \$ 13.423,96 frá 19.4. 1977 til 9.6. 1977, af \$ 29.790,76 frá þeim degi til 21.11. 1977, síðan af sömu fjárhæð með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærðu Gísli, Þorvaldur og Halldór greiði in solidum bandaríska dollara 40.535,59 með 13% ársvöxtum af \$ 244,40 frá 27.9. 1976 til 1.10. 1976, af \$ 1.167,40 frá þeim degi til 19.11. 1976, af \$ 14.760,75 frá þeim degi til 16.12. 1976, af \$ 24.922,95 frá þeim degi til 14.2. 1977, af \$ 40.535,59 frá þeim degi til 21.11. 1977, síðan af sömu fjárhæð með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærðu Gísli, Geir og Hrafnkell greiði in solidum bandaríska dollara 6.733,74 með 19% ársvöxtum frá 30.8. 1978 til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærðu Gísli og Þorvaldur greiði in solidum bandaríska dollara 15.420,02 með 13% ársvöxtum af \$ 1.652,10 frá 14.2. 1977 til 27.4. 1977, af \$ 5.611,10 frá þeim degi til 8.8. 1977, af \$ 8.129,02 frá þeim degi til 21.11. 1977, með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 5.1. 1978, af \$ 11.432,82 frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20.6. 1978, síðan af \$ 15.420,02 frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærði Gísli greiði einn bandaríska dollara 1.527,50 með 13% ársvöxtum frá 28.7. 1977 til 21.11. 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Frá 1.6. 1980 skulu vextir greiðast af öllum ofangreindum bótafjárhæðum, eins og þeir hafa verið á innlendum gjaldeyrisreikningum í

bandarískum dollurum á hverjum tíma, að viðbættum 6% ársvöxtum til 21.4. 1982, en að viðbættum 5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði Gísli greiði og Othari Erni Petersen hrl. f.h. Continental Rubber B.V. hollensk gyllini (H.fl.) 21.267,03 og Guðmundi Jónssyni hdl. f.h. TBA Trading Kolding Aps. danskar krónur 14.388,00.

Ákærðu allir greiði in solidum sakarkostnað vegna ákæru dags. 11. janúar 1980, en ákærði Gísli greiði sakarkostnað vegna ákæru dags. 11. júní 1981. Auk þess greiði ákærðu skipuðum verjendum sínum sem hér segir:

Ákærði Gísli greiði Sigurði Sigurjónssyni hdl. málsvarnarlaun, kr. 30.000,00.

Ákærði Þorvaldur greiði Kjartani Reyni Ólafssyni hrl. réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun, kr. 25.000,00.

Ákærði Halldór greiði sama lögmanni málsvarnarlaun, kr. 20.000,00.

Ákærði Geir greiði Sigurði Sigurjónssyni hdl. málsvarnarlaun, kr. 12.500,00.

Ákærði Hrafnkell greiði sama lögmanni málsvarnarlaun, kr. 12.500,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. júní 1985.

Nr. 131/1985. **Dánarbú Magnúsar Ólafssonar**

gegn

**Ólafi Hrólfssyni og**

**Ragnari Halldóri Hall, skiptaráðanda**

**í Reykjavík**

Kærumál. Kærufrestur. Frávisun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.